SNÆR SELJAN THORODDSEN

*Lærði glímu af föður sínum*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




NÝ VETRARÍÞRÓTT

*Krullan nýtur vaxandi vinsælda*

Sérblað um útivist og hreyfingu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




HUGLEIKUR DAGSSON

*Vekur hörð viðbrögð á Írlandi*

Hagsmunasamtök vilja banna myndasögubók

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. nóvember 2006 — 305. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Lofaður í NY Times



Sægreifinn, veitingastaður Kjartans Halldórssonar, fær lofsamlega dóma í stórblaðinu New York Times.

FÓLK 42

### Aldingarðurinn



Ritdómur um Aldingarðinn, nýtt smásagnasafn Ólafs Jóhanns Ólafssonar, eftir Pál Baldvin Baldvinsson.

BÆKUR 31

### Heiða í sjónvarpið



Idolstjarnan Aðalheiður Ólafsdóttir stjórnar sjónvarpsþætti á Skjá einum.

FÓLK 42

### Þögn hjá KSÍ



KSÍ fær tugmilljóna styrki og framlög árlega en neitar að gefa upp hversu mikið af fénu rennur til kvennalandsliðanna sem þó eru rekin fyrir þetta styrktarfé samkvæmt sambandinu.

ÍÞRÓTTIR 36

### VEÐRIÐ Í DAG




**LÆGIR SMÁM SAMAN** - Nú í morgunsárið verður yfirleitt nokkuð hvöss norðaustan átt, en lægir smám saman. Snjókoma eða él norðan og austan til en rofar til syðra. Frost 0-10 stig.

VEÐUR 4

# Kærir kynþáttafordóma

**Maður á þrítugsaldri hefur kært líkamsárás og kynþáttafordóma. Hann er ættaður frá Portúgal en hefur búið hér um skeið ásamt eiginkonu sinni og barni. Hann segir piltana hafa gengið í skrokk á sér.**

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur kært líkamsárás til lögreglunnar í Kópavogi, þar sem fimm piltar koma við sögu. Nokkrir þeirra, eða allir, réðust að honum við verslun í Kópavogi og gengu í skrokk á honum. Maðurinn, sem er frá Portúgal en hefur verið búsettur hér um nokkurt skeið, kærði líkamsárásina sem slíka en jafnframt að hún hefði verið gerð á forsendum kynþáttafordóma.

Maðurinn fór í verslunina 10-11 við Engihjalla á á laugardagskvöldið fyrir rúmri viku til að kaupa hluti sem hann vanhagaði um. Þegar hann kom inn í verslunina voru piltarnir þar fyrir. Þeir gerðu hróp að honum og hreyttu í hann ónotum og svívirðingum sem meðal annars vörðuðu útlendingslegt útlit hans. Eftir því sem næst verður komist skipuðu þeir honum að snauta heim og viðhöfðu fleiri ummæli sem beindust að því að hann væri útlendingur og ætti að hafa sig á burt.

Maðurinn fór við svo búið út úr versluninni. Ekki er með öllu ljóst hvað gerðist á planinu fyrir framan verslunarmiðstöðina, en maðurinn segir að piltarnir hafi ráðist að sér þar og gengið í skrokk á sér. Hann flúði aftur inn í verslunina, en þá hafði afgreiðslumaðurinn áttað sig á því að ekki væri allt með felldu og ýtt á öryggishnapp við kassann. Hnappurinn er beintengdur við lögregluna sem kom skömmu síðar á vettvang.

Rannsókn lögreglunnar er vel á veg komin, en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins neita piltarnir að hafa haft uppi kynþáttafordóma og gefa manninn af þeim sökum. Á myndum úr öryggismyndavél í versluninni mátti sjá að maðurinn og piltarnir höfðu verið inni í versluninni en engin átök voru sjáanleg þar.

Maðurinn sem kærði árásina á íslenska eiginkonu og barn hér á landi. Hann var marinn og lerkaður eftir árásina.

jss@frettabladid.is



**BRUNI Á LAUGAVEGI** Engan sakaði þegar eldur kom upp í risi hússins á Laugavegi 84 í gærkvöld. Slökkviliðsmenn aðstoðuðu íbúa á neðri hæðum út áður en eldur var slökktur í ruslageymslu í risinu. Þar eru tvær íbúðir sem báðar voru mannlausar þegar að var komið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Bruni á Laugavegi:

## Eldur í mannlausu risi

**SLÖKKVILIÐ** Allt tiltækt slökkvilið var kallað að Laugavegi 84 um kvöldmatarleytið í gærkvöld. Þar var laus eldur í risinu.

Fólk sem var á neðri hæðum hússins var látið yfirgefa bygginguna en enginn reyndist vera á rishæðinni. Þar var eldur laus í geymslu. Greiðlega gekk að slökkva og barst eldur ekki út frá rishæðinni í aðrar íbúðir hússins.

Eftir að slökkviliðið hafði ráðið niðurlögum eldsins var unnið að reykræstingu rishæðarinnar.

Eldsupptök eru ekki ljós og vinnur lögreglan nú að rannsókn á upptökum eldsins.

- gar

Ný skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar:

## Brottkast eykst

**SJÁVARÚTVEGUR** Brottkast þorsks, ýsu, ufsa og gullkarfa tvöfaldaðist á milli áranna 2004 og 2005, samkvæmt nýrri skýrslu, sem birt er á vefsíðu Hafrannsóknastofnunar.

Brottkast þorsks var 2.594 tonn í fyrra eða 1,27 prósent af lönduðum afla. Meiri athygli vekur að brottkast ýsu var 4.871 tonn árið 2005, eða 5,24 prósent af heildarafla. Þetta er talsvert hærra hlutfall en var árið 2004, þegar það mældist 3,1 prósent. Í tonnum talið er þetta mesta brottkast ýsu síðan árið 2001.

Ólafur K. Pálsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, kom að gerð skýrslunnar. Hann segir að skýringu á auknu brottkasti ýsu megi finna í því að árið 2005 hafi ýsukvóti verið um það bil tvöfalt meiri en tveimur árum áður, einnig að nú veiðist meira af smáfiski. Því megi segja að þróunin síðustu tvö ár hafi verið óhagstæð. Hins vegar hafi umgengni manna við auðlindina breyst heilmikið til hins betra til lengri tíma séð. „Þetta er auðvitað ekki sú þróun sem við viljum sjá, en við teljum þó að þetta sé ekki eins slæmt og var hér á árum áður, til dæmis til síðasta áratug, eða fyrir tuttugu árum síðan. Þá var mun meira um brottkast, enda var það ekki ólöglegt þá.“

- kóþ



## SPURNING DAGSINS



*Er pólitík orðin keppni í peningaeyðslu?*

Já, hún er orðin það að hluta, því miður.

Guðrún Ögmundsdóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar, sagði í Fréttablaðinu í gær að auglýsingakostnaður frambjóðenda í prófkjörum væri orðinn „tómt rugl“.

Vonskuveður geisaði víða um land í gær:

# Hvassviðri og hríð röskuðu umferð

**VEÐUR** „Það er búið að vera stormur og krapahríð í allan dag,“ sagði Jón Ingólfsson, bóndi og veðurathugunarmaður á Skjaldþingsstöðum, í gærkvöld. Þar mældist langmest úrkoma í gær á landinu, 51 millimetri.

Vonskuveður var víða um land í gær.

Lögreglan á Húsavík sagði að þar hefði snjóað allan daginn og gengið á með hvassviðri. Í gærkvöld var orðið þungfært innanbæjar og ekkert ferðaveður um héraðið og austur í land.

Milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur var sömuleiðis hríðarveður og þungfært.

Á Akureyri var kominn talsverður snjór en lögreglan sagði engin stórtíðindi vegna veðurs þar. Illviðri var milli Hofsóss og Siglufjarðar og stórhríð á Þverárfjalli.

Hjá lögreglunni á Blönduósi fengust þær upplýsingar að fólk hefði lítið treyst sér til að aka Langadal vegna gríðarlegs hvassviðris. Vindhviður þar hafi farið um og yfir 40 metra á sekúndu í „baneitruðum“ strengjum.

Á Blönduósi var nokkuð um að hlutir fykju til, meðal annars bárujárn. Á Skagaströnd skemmdist bátur í höfninni þegar hann rakst utan í annan.

Á Vesturlandi var sömuleiðis mikið hvassviðri.

Veðurstofan sagði að smám saman drægi úr vindi þegar liði á daginn í dag. - gar



AKUREYRI Það snjóaði hressilega á Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Útgjöld til varnarmála:

## Scheffer brýnir NATO-þjóðir

**VARNARMÁL Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, skoraði í gær á aðildarþjóðirnar að taka sig á og verja meira fé til varnarmála. Aðeins sjö af 26 NATO-ríkjum verja í þau fullum tveimur prósentum af landsframleiðslu, eins og NATO ætlast til að hvert og eitt þeirra geri.**

**Ísland er eina NATO-ríkið sem hefur engin útgjöld til varnarmála á fjárlögum. Við brottför varnarliðsins hefur réttlæting Íslendinga fyrir því að þeir spari sér þennan útgjaldalið veikst til muna. Tvö prósent af landsframleiðslu Íslands samsvarar um tuttugu milljörðum.** sjá síðu 12 / - aa



KRISTJÁNSBORGARHÖLL Ferskar kókaínleifar á þremur klósettum þingmanna. LJÓSMYND/NORDEN.ORG

Danska þjóðþingið:

## Kókaín á þingklósettum

**DANMÖRK** Ummerki um að kókaín hafi verið haft um hönd fundust á þremur af 30 klósettum danska þinghússins í Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn, að því er danska blaðið BT greindi frá í gær. Þingforsetinn, Christian Mejdahl, segist sleginn og að málið sé tilefni lögreglurannsóknar.

Í rannsókn BT var sama kókaínprófi beitt og lögreglan notar við leit að fíkniefnum. Klósettin þrjú þar sem kókaínleifar fundust eru í þeim hluta Kristjánsborgarhallar sem kallast Provianthuset. - aa

# Innflytjendur lýsa áhyggjum og kvíða

**Talsvert er um að innflytjendur sem búa hér hringi í Alþjóðahús til að lýsa áhyggjum og kvíða vegna þeirrar umræðu sem nú á sér stað hér á landi um innflytjendamál. Fólk hefur áhyggjur af stöðu sinni í samfélaginu.**

**FÉLAGSMÁL** Talsvert hefur verið um að innflytjendur sem búsettir eru hér á landi hafi hringt í Alþjóðahúsið til að lýsa áhyggjum sínum og kvíða vegna þeirrar umræðu um innflytjendamál sem á sér stað nú, að sögn Einars Skúlasonar, framkvæmdastjóra þess.

„Fólk hefur áhyggjur af stöðu sinni í samfélaginu og það hefur áhyggjur af framtíðinni,“ segir Einar. „Þeir sem hafa hringt eru fólk sem sest hefur hér að og horfir til búsetu hér til framtíðar. Það veltir fyrir sér hvert stefni með þessari umræðu.“

Einar segir að þeir sem hringt hafi vegna þessa séu frá ýmsum löndum. Þá hafi fólk komið hafi í Alþjóðahúsið annarra erinda einnig rætt um áhyggjur sínar vegna innflytjendaumræðunnar.

„Þó svo að ekki skynji allir umræðuna, þar sem ekki allir fylgjast með íslenskum fjölmiðlum, þá held ég að langflestir viti um hana og að hún sé rædd í hópi innflytjenda. Þá tel ég að andrúmsloft sé erfiðara á ýmsum vinnustöðum nú en áður, því fólk er svo fljótt til. Ég get ímyndað mér að andúð sé nú sýnilegri inni á vinnustöðum. Þegar fólk sem er áberandi í samfélaginu, hvort sem það eru þingmenn eða aðrir, tjáir sig opinberlega um ákveðin málefni á einhvern ákveðinn hátt þá finna aðrir ef til vill réttlætingu fyrir ákveðnu viðhorfi sínu og réttlætingu fyrir að gera það ljósara inni á sínu svæði, vegna þess að viðhorfið hefur verið samþykkt í opinberri umræðu. En það er reynsla okkar að það þurfi mikið að ganga á hjá þessu fólki áður en það fer að kvarta.“

Einar bendir á að fólk eigi fárra kosta völ hér á landi, sé því mismunað á grundvelli uppruna. Það þurfi að kæra til lögreglu sem hegningarlagabrot og síðan sé tekin ákvörðun um framhald máls. Þetta sé því miklu lengra og flóknara ferli hér á landi heldur en í löndum Evrópusambandsins og í Noregi. Þar séu til staðar lög sem banni mismunun. Nóg sé að viðkomandi tilkynni mismunun og þá fari rannsókn af stað.

„En það er alveg klárt að þessar áhyggjur og jafnvel kvíði hafa áhrif á líðan fólks,“ segir Einar. „Óvissan um framtíðina verður meiri.“ jss@frettabladid.is



ALÞJÓÐAHÚS Hér á landi þarf fólk að leggja í langt ferli sé því mismunað á grundvelli uppruna og vilji það ekki una þeirri mismunun, að sögn framkvæmdastjóra Alþjóðahúss.

Jóhannes Jónsson:

## Spurður út í starfsemi Gaums

**BAUGSMÁL** Jóhannes Jónsson var yfirheyrður í gær af starfsmönnum embættis Ríkislögreglustjóra vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum er tengjast starfsemi Fjárfestingafélagsins Gaums. Jóhannes er stjórnarformaður í félaginu.

Jóhannes var yfirheyrður í tvo og hálfan tíma í húsakynnum Ríkislögreglustjóra. „Ég þurfti að vera í þessu musteri réttlætisins í um tvo og hálfan tíma. Mér finnst með ólíkindum að Jón H.B. Snorrason og Haraldur Johannessen fái að stjórna enn einni aðförinni að mér, fjölskyldu minni og fyrirtækinu sem við tengjumst,“ sagði Jóhannes.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs og sonur Jóhannesar Jónssonar, hefur þegar verið yfirheyrður vegna rannsóknar Ríkislögreglustjóra á meintum skattalagabrotum Baugs og Gaums. - mh

Efnarannsókn lokið:

## Ekkert eiturefni í e-töflunum

**LÖGREGLUMÁL Niðurstaða efnarannsóknar á fimmtán e-töflum sem lögreglan í Reykjavík gerði upptækar hjá rúmlega þrítugum karlmanni hinn 7. nóvember liggur nú fyrir. Ekkert kom fram sem benti til þess að þær innihéldu eitur.**

**Rannsóknin fór fram í ljósi þess að skammt er síðan að stúlka lést eftir inntöku e-töflu og tveir unglingspiltar urðu fárveikir og voru fluttir á sjúkrahús um sömu helgi. Grunur vaknaði um að á markaðinum væru baneitraðar e-töflur. Því var efnið sem tekið var af manninum sent til rannsóknar í flýtimeðferð. Maðurinn sem hafði töflurnar í fórum sínum reyndist einnig vera með um 30 grömm af amfetamíni.** - jss


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU FORESTER CS**

Nýskr. 02.06 - Beinskiptur - Ekinn 10þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Árleg þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna:

# Lífskjör næstbest á Íslandi

**ÞRÓUNARMÁL** Noregur, Ísland, Ástralía, Írland og Svíþjóð raða sér í efstu sæti lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna (HDI), sem gefinn er út með þróunarskýrslu stofnunarinnar í ár (Human Development Report).

Í lífskjaralistanum er tekið tillit til þriggja þátta, lífslíkna, menntunarstigs og þjóðartekna á mann samkvæmt kaupmáttarstuðli.

Verst eru lífskjörin samkvæmt þessari mælingu í Afríkuríkinu Níger. Það vermir botnsæti listans, það 177., með lífskjarastuðulinn 0,311. Ísland mælist með stuðulinn 0,96 en Noregur 0,965.

Yfirskrift þróunarskýrslu SÞ í ár er „Handan skorts: Völd, fátækt og vatnskreppan í heiminum“. Eins og fram kom í máli Sørens Mandrup Petersen, fulltrúa norrænu skrifstofu þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP, sem kynnti skýrsluna á blaðamannafundi í Reykjavík í gær, er í henni vakin athygli á þeim alvarlega vanda sem skortur á aðgengi að neysluvatni veldur í þróunarlöndunum.

Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, kynnti á fundinum umfangsmikið vatns- og hreinlætisverkefni sem stofnunin er að hefja í Malaví. Verkefnið verður unnið í samstarfi við þrjú ráðuneyti í Malaví og héraðsstjórnir á Monkey Bay-svæðinu í suðurhluta landsins. Um er að ræða verkefni til fjögurra ára sem hefst fyrir áramót og lýkur í árslok 2010. Verkefnið er stórt á mælikvarða Þróunarsamvinnustofnunar. Kostnaðartölur hljóða upp á rúmlega þrjár milljónir Bandaríkjadala fyrir verkið í heild, þar af er hlutur ÞSSÍ alls 2,6 milljónir dala eða rúmlega 180 milljónir króna. - aa



SKÝRSLAN KYNNT Frá blaðamannafundi í húsnæði Félags Sameinuðu þjóðanna í gær. Tryggvi Jakobsson í pontu og Søren Mandrup Petersen t.h. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Í Evrópu eru mörg ólík lönd sem öll hafa sín sérkenni




**Með Vodafone Passport sameinast þau í eitt mínútuverð. Það sama og á Íslandi.**




**Vodafone Passport** er ný byltingarkennd þjónusta sem gerir viðskiptavinum Vodafone kleift að hringja á sama mínútuverði í 18 löndum í Evrópu og heima. Greitt er 139 kr. upphafsgjald og eftir það gildir sama verðskrá og á Íslandi. Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað til dæmis 48% í Danmörku, 59% á Spáni og 76% í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Það er enginn stofnkostnaður og ekkert mánaðargjald.

Fiton/SÍA

**gríptu augnablikið og lifðu núna**

**vodafone**

## GENGIÐ 13.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,93 | 68,25 |
| Sterlingspund | 129,56 | 130,18 |
| Evra | 87,22 | 87,70 |
| Dönsk króna | 11,693 | 11,761 |
| Norsk króna | 10,649 | 10,711 |
| Sænsk króna | 9,590 | 9,646 |
| Japanskt jen | 0,5765 | 0,5799 |
| SDR | 100,96 | 101,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,322

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Réðst á lögreglumann á Akureyri í desember í fyrra:

# Karlmaður dæmdur í eins árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Tuttugu og fimm ára karlmaður var í gær dæmdur í eins árs fangelsi fyrir að ráðast á lögreglumann á skemmtistaðnum Kaffi Akureyri, að kvöldi 31. desember í fyrra. Einnig var maðurinn fundinn sekur um að hafa í fórum sínum rúmlega tvö grömm af amfetamíni.

Tveir óeinkennisklæddir lögreglumenn fóru í eftirlitsferð inn á skemmtistaðinn og höfðu afskipti af manninum sem hafði komið við sögu lögreglu áður vegna ofbeldis- og fíkniefnamála. Maðurinn reiddist er annar lögreglumannanna ætlaði sér að athuga hvað hann væri með í vinstri hendi sinni og tók hann lögreglumanninn þá hálstaki, sneri hann niður í gólfið og veitti honum þungt hnefahögg. Lögreglumaðurinn fékk djúpan skurð í vörina og hlaut tognunaráverka á hálsi og kjálka. Í dómnum kemur fram að við handtökuna hafi hópast að lögreglumönnum nokkur fjöldi manna og spörkuðu einhverjir í lögreglumennina. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri hefur aldrei komið í ljós hverjir voru þar að verki.

Maðurinn var fyrst dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, í mars 2003 fyrir líkamsárás. Í desember 2004 var maðurinn aftur dæmdur fyrir líkamsárás, að þessu sinni í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár. Í október í fyrra var maðurinn dæmdur í tíu mánaða fangelsi, þar af sjö mánuði skilorðsbundið, fyrir fíkniefnalagabrot.

Með broti sínu rauf maðurinn skilorð og þykir „með vísan til sakaferils hans ekki fært að skilorðsbinda refsinguna að neinu leyti“, eins og segir orðrétt í dómnum. - mh



**ÁRÁSARSTAÐURINN** Það var á þessum skemmtistað sem maðurinn veitti lögreglumanninum þungt hnefahögg. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Segir Framsókn ekki blekkja:

## Framlagið hátt í tveir milljarðar

**STJÓRNMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir fullyrðingar Björgvins G. Sigurðssonar í Fréttablaðinu í gær að Framsóknarflokkurinn hafi blekkt þúsundir Íslendinga með fyrirheitum sínum um milljarð til baráttunnar gegn fíkniefnum vera rangar. „Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Björgvin heldur þessu fram og því hefur verið margoft svarað. Það kom í ljós í apríl 2003 þegar þetta var tekið saman að nær tveimur milljörðum hafði verið bætt við í þessi mál á kjörtímabilinu 1999–2003. Þannig að ef einhver er að reyna að blekkja einhvern í þessu máli þá er Björgvin G. Sigurðsson að reyna að blekkja þjóðina með þessari fullyrðingu.“ - þsj



MAGNÚS STEFÁNSSON

Hamas og Fatah semja:

## Palestínustjórn er að verða til

**GAZABORG, AP Mohammed Shabir, sextugur háskólamaður, verður að öllum líkindum forsætisráðherra í nýrri Palestínustjórn, sem nú er í fæðingu. Tvær helstu stjórnmálahreyfingar Palestínumanna, Hamas og Fatah, hafa komið sér saman um þetta, að því er AP fréttastofan hafði eftir Moussa Abu Marzouk, yfirmanni í höfuðstöðvum Hamas í Sýrlandi.**

**Hamas og Fatah hafa árangurslaust reynt að mynda stjórn allar götur síðan Hamas vann meirihluta í þingkosningum fyrr á árinu. Shabir og aðrir helstu ráðherrar væntanlegrar stjórnar eru hvorki meðlimir Hamas né Fatah.** - gb



**TÁLMAR ÚR PLASTI OG STEYPU** Mun betra er að sjá vegatálma úr rauða og hvita plastinu en steyputálmana sem falla nánast inn í umhverfið. MYND/BORGARPLAST



**SLYSSTAÐURINN** Pólverji lét lífið þegar ekið var á vegatálma úr steypu á Reykjanesbrautinni. Ef til vill hefði farið betur ef tálminn hefði verið úr plasti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tálmar úr plasti komi í stað steypuklumpanna

**Markaðsstjóri Borgarplasts, Tryggvi Sveinbjörnsson, gagnrýnir áhugaleysi á vegatálmum úr plasti sem hann segir myndu stórminnka slysahættu og skemmdir á bílum. Björn Ólafsson hjá Vegagerðinni segir plasttálmana góða en hins vegar þurfi stundum að vernda vinnandi menn með steyputálmum.**

**UMFERÐARÖRYGGI** „Það vantar bara að taka ákvörðun,“ segir Tryggvi Sveinbjörnsson, markaðsstjóri Borgarplasts, sem gagnrýnir áhugaleysi yfirvalda og verktaka á plastvegatálmum sem fyrirtækið framleiðir.

Tveir Pólverjar hafa nú verið úrskurðaðir í farbann. Þeir höfðu stöðu sakbornings við yfirheyrslur í kjölfar þess að landi þeirra lést eftir að bíl þeirra var á laugardagskvöld ekið á vegatálma úr steypu á Reykjanesbraut. Áhöld eru um það hver mannanna ók bílnum og hvort ökumaðurinn hafi verið drukkinn og ekið of greitt. Telja má sennilegt að betur hefði farið hefði vegatálminn verið úr plasti en ekki steypu.

Tryggvi hjá Borgarplasti segir að frá árinu 2003 hafi fyrirtækið boðið upp á vegatálma úr plasti sem fylltir eru með vatni til þyngingar. Hann segir að erlendis tíðkist ekki að nota steypta tálma nema á átakasvæðum. Að sögn Tryggva voru tálmar Borgarplasts upphaflega hannaðir í samráði við Vegagerðina, lögreglu og umferðarráð. Áhuginn fyrir framleiðslunni hafi hins vegar reynst lítill þegar á reyndi.

„Plasttálmarnir hafa ekki náð fótfestu. Skýringin er annars vegar sú að það skortir að setja reglur um vegatálma og hins vegar að framkvæmdaaðilar eru að skiptast á þessum steyputálmum sem dúkka upp á hverjum staðnum eftir annan,“ segir Tryggvi.

Að áliti Tryggva er brýnt að búa þannig um hnútana að plasttálmar séu notaðir miklu meira en nú sé gert. Þótt þeir séu ef til vill dýrari í upphafi þá borgi þeir sig á endanum. Plasttálmarnir séu miklu sýnilegri en steyputálmarnir. Einnig skemmast bílar ekki eins mikið við að lenda á þeim og það stórminnki slysahættu.

„Við höfum keypt svolítið af þessum plasttálmum og erum meðmæltir þeim enda studdum við þetta framtak á sínum tíma,“ segir Björn Ólafsson hjá Vegagerðinni.

Björn segir að hins vegar séu menn gjarnan að rugla saman merkingum við vinnustaði og girðingum sem ætlaðar séu til að verja þá menn sem eru að störfum á svæðinu. Plasttálmarnir séu góðir en eigi kannski ekki alls staðar við:

„Það er ekki gott ef menn keyra beint í gegnum þetta og á mannskap sem er bak við. Það verður að horfa á þetta í réttu samhengi.“ gar@frettabladid.is.


Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í
Stofnun og rekstri smáfyrirtækja
hefst 18. nóvember nk.

Nánari upplýsingar og skráning
hjá Iðntæknistofnun í síma 570 7100 og
á vefsíðu www.iti.is

NÁM SKEIÐ

Iðntæknistofnun


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

LÆGIR SMÁM SAMAN EN ÍSKALT VEÐUR
Það er minnkandi vindur í kortunum eftir því sem líður á daginn en þó má búast við að lengst af í dag verði mjög hvasst á suðaustanverðu landnu. Við erum að sigla inn í mikla kulda sem ná að líkindum hámarki á fimmtudaginn en á föstudag eru horfur á snjókomu í höfuðborginni. Það gæti því farið svo að skíðamenn geti tekið fram skíðin.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG
Norðaustan 8-13 m/s. Léttir smám saman til. Frost 0-5 stig.

um hádegi »




» á morgun




5-10 m/s

» fimmtudagur




5-13 m/s, hvassast suðaustan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C skúrir | London | 15°C skúrir | Alicante | 22°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 10°C skúrir | París | 16°C skúrir | Barcelona | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 3°C skúrir | Frankfurt | 14°C skúrir | Algarve | 20°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 5°C alskýjað | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Krít | 18°C heiðskírt |
| Gautaborg | 10°C rigning | Berlín | 12° C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# „ÞRUNGIÐ TILFINNINGUM ÁTÖKUM Í MANNLEGRI TILVERU PERSÓNURNAR ERU EFTIRMINNILEGAR ÓLAFUR JÓHANN ER VAXANDI RITHÖFUNDUR ÞESSI BÓK ER MEÐ HANS BETRI VERKUM“



Áhrifamiklar sögur um ástina eftir eitt vinsælasta sagnaskáld þjóðarinnar.

Bókin kemur út samtímis á Íslandi og í Bandaríkjunum.




„Aldingarðurinn er óvenjulega þéttofin bók ... efni sagnanna er þrungið tilfinningum og átökum í mannlegri tilveru ... Sögurnar og persónurnar eru eftirminnilegar þó að stíll þeirra sé lágstemmdur. Mér hefur fundist Ólafur Jóhann vera vaxandi rithöfundur frá því að hann sendi frá sér sín fyrstu verk. Þessi bók er með hans betri verkum.“

SKAFTI Þ. HALLDÓRSSON, MBL.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Ertu ánægð(ur) með það að Árni Johnsen sé á leið á þing á ný?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,0% |
| Nei | 92,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú skráð(ur) hjá heimilis-lækni?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Íbúar í Túnunum gagnrýna háhýsabyggð við túnfótinn:

# Vilja bætur vegna sólarleysis

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar í Túnunum í Reykjavík eru afar ósáttir við fyrirhugaða háhýsabyggð á svokölluðum Höfðatorgsreit.

Í bréfi frá stjórn Íbúasamtaka Laugardals sem sent er fyrir hönd íbúa í Túnunum og Ásholti eru gagnrýnd fjölmörg atriði við skipulagningu Höfðatorgsreitsins og framsetningu kynningarefnis vegna framkvæmdarinnar. Reisa á nokkrar afar háar íbúðablokkir, þær tvær hæstu nítján og sextán hæðir. Nítján hæða blokkin slagar hátt upp í Hallgrímskirkjuturn.

Sérstaklega gagnrýna íbúarnir að frá háhýsunum muni stafa mikill skuggi sem leggist yfir hús þeirra þegar sól hallar til vesturs, jafnvel um hásumar:

„Þetta kemur til með að hafa mikil áhrif á verðmæti eignanna og fara þeir fram á bætur frá borginni ef af verður,“ segir í bréfi íbúasamtakanna.

Þá hafa íbúarnir einnig áhyggjur af vindhviðum sem kunni að skapast í kring um háhýsin. Þeir eru einnig hreinlega uggandi um framtíð sinna eigin húsa. „Á hverfið kannski að verða næsta byggingarsvæði?“ spyrja þeir.

Í gær sendu íbúarnir inn mótmæli á fund skipulagsráðs Reykjavíkur. Eru þeir meðal annars ósáttir við að til standi að breyta deiliskipulagi að kröfu verktakafyrirtækisins Eyktar þannig að byggingarmagn á Höfðatorgsreitnum verði tvöfaldað. „Það flögrar að okkur sú hugsun að einhver sé að gera Eyktinni greiða.“ - gar



**HÖFÐATORGSREITUR** Íbúar í aðliggjandi götum óttast verðfall á eignum sínum þegar ógnarlangir skuggar háhýsanna leggjast yfir hverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldri borgarar um Hrafnistu:

## Aðeins fyrir eignafólk

**FÉLAGSMÁL Landssamband eldri borgara hefur sent frá sér fréttatilkynningu vegna greinar í Fréttablaðinu í gær um afnotarétt leiguíbúða hjá Hrafnistu í Hafnarfirði.**

**Í tilkynningunni frá sambandinu er bent á að samkvæmt nýlegum tölum um tekjur eldri borgara sé það búsetuform sem greint er frá í fréttinni ekki mögulegt nema viðkomandi geti selt verðmæta og skuldlausa eign á móti.**

**Í tilkynningu Sambandsins er það sagt skjóta skökku við að stofnun eins og Hrafnista sem stofnuð hafi verið til að jafna félagslegar forsendur almennings skuli byggja framtíðarsýn í búsetumálum aldraðra á starfsemi.** - þsj

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Sex manna bíll valt

Bifreið valt við Litlu kaffistofuna á Suðurlandsvegi síðdegis í gær. Sex erlendir ferðamenn voru í bílnum og voru fjórir þeirra fluttir á sjúkrahús til aðhlynningar. Meiðsl þeirra reyndust minni háttar en bifreiðin sem þeir óku er afar illa farin. Talið er að ökumanni hennar hafi fipast vegna hálku með fyrrgreindum afleiðingum.

### Árekstur á Hellisheiði

Þá varð þriggja bíla árekstur á Hellisheiði í gær í námunda við skíðaskálann í Hveradölum. Tveir voru fluttir á slysadeild en eru ekki taldir alvarlega slasaðir.

### Sendibíll valt í gærmorgun

Sendibíll valt á Vesturlandsvegi snemma í gærmorgun. Ökumaður hennar var einn í bílnum en slapp með minniháttar meiðsl. Bifreiðin er þó talin mikið skemmd. Mikil hálka var á svæðinu þegar bílveltan átti sér stað og auk þess mjög vindasamt.

# Framlög hafa aukist en ekki nógu mikið

**Framlög ríkissjóðs til meðferðarmála hafa aukist um 139,6 milljónir króna frá aldamótum. Enn vantar þó 120 milljónir í rekstur SÁÁ vegna launahækkana og nýrra lyfja. Þórarinn Tyrfingsson segir Íslendinga nægilega ríka til að geta gert betur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Bein framlög ríkissjóðs til meðferðarstofnana og annarra aðila utan Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) sem sinna meðferðarúrræðum fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur hafa aukist um 139,6 milljónir á tímabilinu 2000-2006 á verðlagi dagsins í dag.

Öll þjónusta sem krefst aðkomu lækna heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Það veitir fjármagn til SÁÁ, Hlaðgerðarkots (meðferðarheimilis Samhjálpar) og vist- og meðferðarheimilisins Krýsuvíkurskóla auk meðferðardeilda innan LSH. Ekki reyndist gerlegt að fá aðskildar tölur um framlög til meðferðarúrræða innan LSH við vinnslu þessarar greinar fyrir tímabilið, en það framlag var um 308 milljónir árið 2001. Núgildi framlags ráðuneytisins árið 2000 til annarra meðferðarstofnana er 521,3 milljónir, en framlagið árið 2006 var 625,9 milljónir króna.

Rúm 80 prósent af framlögum heilbrigðisráðuneytisins utan LSH renna til SÁÁ. Samt sem áður hefur SÁÁ þurft að skera niður í meðferðarþjónustu sinni vegna rekstrarfjárskorts. Hann er að sögn samtakanna tilkominn vegna þess að ríkisframlag til meðferðarinnar voru ekki nægjanleg og höfðu rýrnað að verðgildi undanfarin ár á undan.

Þjónustusamningur samtakanna við ríkið rann út um síðustu áramót og að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, er bilið á milli þess sem samtökin þurfa í rekstur sinn og þess sem ríkið býður enn of breitt til að hægt sé að skrifa undir. „En ég treysti því að menn séu skynsamir. Okkur fannst allavega skynsamlegt að hinkra og sjá framvindu mála áður en við förum að búa til meðferð sem aðlagar sig þessum peningaskorti.“

Þórarinn segir að það vanti samt sem áður um 120 milljónir í rekstur samtakanna á verðlagi dagsins í dag þar sem útgjaldaaukning hafi orðið vegna launahækkana og nýrra lyfja. „Menn taka heldur ekki alltaf inn í þetta að neysluvenjurnar breytast með tímanum og þá þarf meiri pening í þetta.“

Öll þjónusta fyrir börn og unglinga undir 18 ára aldri utan afvötnunar heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Það veitir því fjármagni til heimila fyrir börn og unglinga með þjónustusamninga við ríkið, Meðferðarstöðvar ríkisins (Stuðlar), auk Byrgisins og endurhæfingarstöðvarinnar Krossgatna.

Ráðuneytið veitti um 602,5 milljónum til málaflokksins árið 2000 á núverandi verðlagi en 637,7 milljónum árið 2006. Framlög þess hafa því aukist um 32,5 milljónir á tímabilinu. Þess ber þó að geta að börn og unglingar geta verið tekin til meðferðar án þess að eiga við neysluvanda að stríða því þangað eru einnig send börn vegna óupplýstra afbrota, ofbeldisverka eða annarra hegðunarvandamála. Rúmlega 70 prósent af öllum framlögum félagsmálaráðuneytisins til meðferðarmála renna til þessara heimila. thordur@frettabladid.is



**Á VOGI** Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir segir að 120 milljónir vanti í rekstur SÁÁ . FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**FRAMLÖG TIL MEÐFERÐARÚRRÆÐA SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM 2000-2006**

| | 2000 | 2006 |
|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs | 201,5 | 266,2 |
| Framlag heilbrigðisráðun. í milljónum króna | 521,3 | 625,9 |
| Framlag félagsmálaráðun. í milljónum króna | 602,5 | 637,7 |
| Heildarframlag í milljónum króna | 1.124 | 1.263.6 |

Tölur fyrir árið 2000 eru miðaðar við verðgildi dagsins í dag.

Magnús Stefánsson:

## Álitamál hvað eigi að gera



Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir það alltaf vera álitamál hvað eigi að gera og hvað mönnum þyki nóg. „Þarna er þó þessi aukning og það er alltaf þannig með þetta meðferðarstarf að það er mjög sveiflukennd þörf frá ári til árs og menn reyna að bregðast við því eftir föngum. Hins vegar eru menn alltaf að skoða hvaða aðferðir eru bestar í þessu. Meðal annars með tilliti til þess að nýta sem best fjármagnið, enda hefur verið þróun í því á þessum tíma.

Það er líka þannig að við höfum verið að skoða þróun í meðferðarstarfi og erum að gera það mjög alvarlega, meðal annars til að veita fleiri einstaklingsmiðaða þjónustu miðað við fjármagnið. Þar á ég við þessa einstaklingsmiðuðu meðferð sem hefur verið mikið rædd að undanförnu.“

Þórarinn Tyrfingsson:

## Nógu rík til eyða meira í þetta



„Það er alveg klárt að við mættum setja meiri peninga í meðferðarúrræðin,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. „Við erum alveg nógu rík til þess. Við eigum að hafa þetta í meiri forgangi. Síðast þegar vandamálabylgja skall á okkur upp úr aldamótum þá áttu sér stað miklar þjóðfélagsbreytingar. Ný efni voru að koma inn auk þess sem umgjörðin utan um ungt fólk var oft á tíðum dálítið léleg vegna fólksflutninga á Reykjavíkursvæðið. Svo hægðist um en það er ýmislegt sem bendir til þess að þessi þáttur sé að koma aftur. Það er meira umrót, mikið verið að flytja börn og unglinga til. Þá þurfum við að vera á varðbergi, styrkja umgjörðina, styrkja alla þjónustu við þá sem eru í neyslu og líka þá sem þurfa á meðferð að halda. Ég tel því að við eigum að vera vakandi núna og setja í þetta meiri fjármuni.“




ESSO Aðföng | 14 verslanir – sjá www.esso.is | Sími 560 3433

# SETTU ÞAÐ SAMAN HTH




## Það er leikur einn að koma upp nýju eldhúsi fyrir jólin!




**3 sýningarsalir: Smáralind, Akureyri og Selfoss**




## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

### Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.

Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

### Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni ***Settu það saman*** línunnar frá HTH.

Öll framleiðsla HTH er með ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 gæðavottun sem þýðir að HTH vinnur samkvæmt helstu gæðastöðlum ásamt því að taka tillit til umhverfis og vinnuumhverfissjónarmiða og er vottað sem slíkt.

### Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.

### Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í ***Settu það saman*** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt. Lítil halogenljós sem falla í hillur eða veggskápa gefa fallega og notalega birtu. Borðplatan setur svo punktinn yfir i-ið. Við bjóðum upp á úrval borðplatna í hæsta gæðaflokki og í ýmsum munsturlitum. Borðplötur úr gegnheilu beyki og mahogni eru mjög vinsælar og setja glæsilegan svip á eldhúsið.

**Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**

Frítt teikniforrit á **www.gds-hth.dk** og þú hannar Draumaeldhúsið þitt auðveldlega.







**AEG**

**20% afsláttur** veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.



**ORMSSON**

KVIKA

**ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir nýkrýndur heimsmeistari í kraftlyftingum?*
2. *Hvaða þingmaður Samfylkingarinnar í Reykjavík hættir á þingi í vor?*
3. *Hvaða heimsfræga rokkhljómsveit hætti við tónleika vegna áfengisbanns á sviðinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Baldur Sigurðsson dósent mótmælir staðhæfingum um mannanafnanefnd:

# Björn Ingi talar óviturlega

**MANNANAFNANEFND** Björn Ingi Hrafnsson virðist hvorki hafa kynnt sér starfsemi né þau lög sem mannanafnanefnd starfar eftir, segir Baldur Sigurðsson, dósent og einn nefndarmanna. „Þetta er dálítið kjánalegt. Eftir því sem ég komst næst í fréttum á sunnudaginn er Björn Ingi að tala um lögin frá 1991, en þau voru felld úr gildi árið 1996. Óvinsældir nefndarinnar má að miklu leyti rekja til þessara strangari laga. Samkvæmt þeim áttu innflytjendur til dæmis að taka upp íslensk nöfn. Þetta hefur ekki verið gert í tíu ár,“ segir Baldur.



**BALDUR SIGURÐSSON DÓSENT** Segir ummæli Björns Inga gefa til kynna að hann hafi alls ekki kynnt sér málið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í fréttum RÚV var haft eftir Birni að „séu úrskurðir [nefndarinnar] skoðaðir megi glöggt sjá að í mörgum tilvikum ráði smekkur einn ferðinni“. Baldur segir þetta af og frá. „Nefndin hefur alls ekki leyfi til að hafa smekk. Hún verður alltaf að framfylgja lögum. Þetta tengist einnig þriðja atriðinu hjá Birni, þegar hann leggur það til að úrskurðarvald um vafaatriði verði fært frá nefndinni til ráðherra. Þetta myndi engan vanda leysa. Mannanafnanefnd er skipuð sérfræðingum sem hafa sérfræðiþekkingu á íslensku máli og vinnur einungis samkvæmt lögum. Stjórnmálamenn taka hins vegar oft ákvarðanir samkvæmt eigin duttlungum, ekki satt? Þetta býður því þvert á móti geðþóttaákvörðunum heim.“ - kóþ

Forsetaframboð í Frakklandi:

# Royal og Sarkozy hnífjöfn

**FRAKKLAND, AP** **Vart má á milli sjá hvort sósíalistinn Segolene Royal eða íhaldsmaðurinn Nicolas Sarkozy myndu hafa betur ef þau ettu kappi í forsetakosningunum í vor. Þetta sýna niðurstöður nýjustu skoðanakannana.**

**Bæði Royal og Sarkozy fá 34 prósent atkvæða í könnun TNS-Sofres-Unilog, en næstur þeim kemur hægriöfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen með 13 prósent.**

**Sósíalistar gera út um frambjóðandaval sitt á fimmtudaginn. Auk Royal sækjast Dominique Strauss-Kahn og Laurent Fabius eftir útnefningunni.** - aa

## SUÐUR-AFRÍKA

**Mannskætt lestarslys** Nítján mannst fórust og ellefu slösuðust í gær er járnbrautarlest lenti í árekstri við vörubíl með tengivagn, sem var fullur af landbúnaðarverkamönnum. Slysið varð í grennd við Höfðaborg snemma morguns. Allir hinir látnu voru í vörubílnum og tengivagninum.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Innbrotsþjófur** Lögreglan í Reykjavík handtók í fyrrinótt karlmann sem grunaður er um að hafa brotist inn í tvö fyrirtæki við Ánanaust í Reykjavík. Í fórum mannsins fundust peningar og GPS staðsetningartæki sem stolið var úr fyrirtækjunum fyrr um kvöldið. Maðurinn gisti í fangageymslum lögreglu og var síðan yfirheyrður. Honum hefur verið sleppt.

# Endurkoma Árna einstök í sögunni

**Forsætisráðherra segir flokksforystu Sjálfstæðisflokksins treysta Árna Johnsen. Er tilbúinn til þess að láta til mín taka, segir Árni Johnsen. Endurkoma Árna er einstök í íslenskri stjórnmálasögu, segir Gunnar Helgi Kristinsson.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segir Árna Johnsen njóta fyllsta trausts flokksforystunnar. Frá þessu greindi Geir í viðtali við Ríkisútvarpið í gærmorgun.

Árni varð í öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi um síðastliðna helgi og hlaut 3.134 atkvæði af 5.461 gildum atkvæðum. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra varð efstur í prófkjörinu með 2.659 atkvæði í efsta sætið eða tæplega 50 prósent gildra atkvæða. Samtals hlaut hann 3.892 atkvæði.

Árni Johnsen segist hlakka til að takast á við fjölbreytt störf á sviði stjórnmálanna. „Ég er tilbúinn til þess að fylgja eftir mínum áherslumálum. Ég er reynslunni ríkari og tel mig búa yfir meiri þekkingu heldur en þegar ég kom fyrst inn á þing til þess að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.“

Árni segist ekki óttast harða gagnrýni stjórnarandstæðinga vegna fortíðar hans, en Árni var dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti árið 2003 fyrir margvísleg brot. „Ég óttast ekki gagnrýni og held að mér verði ekki illa tekið. Ég ætla að beita mér fyrir samgöngubótum víðs vegar um landið, eflingu starfs gegn fíkniefnavandanum, málefnum eldri borgara og auðvitað fleiri málum. Fólk getur treyst því að ég fylgi eftir málum mínum og míns fólks.“



**ÁRNI JOHNSEN** Segist tilbúinn til þess að fylgja sínum málum vel eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON** Segir endurkomu Árna Johnsen inn á svið stjórnmálanna einstaka.



**ALÞINGISHÚSIÐ** Þátttakendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, sem fram fór um síðastliðna helgi, studdu vel við framboð Árna Johnsen. Hann fékk 3.134 atkvæði en alls var skilað inn 5.461 gildu atkvæði.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir endurkomu Árna í íslensk stjórnmál vera merkilega fyrir margra hluta sakir. „Eftir því sem ég best veit, þá er endurkoma Árna Johnsen einstakur viðburður í íslenskri stjórnmálasögu. Aldrei áður hefur maður sem dæmdur var í óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot í opinberu starfi snúið aftur inn á svið stjórnmálanna með jafn afgerandi hætti svo ég viti til. En ég er ekki viss um að endurkoma Árna hafi slæm áhrif á flokkinn. Hann fékk góða kosningu í prófkjörinu og sjálfstæðismenn virðast treysta honum til góðra verka.“

magnush@frettabladid.is

### BROT ÁRNA JOHNSEN

**Ákæran á hendur Árna Johnsen var í 27 liðum en hann var fundinn sekur um brot í 18 þeirra í héraðsdómi en 22 í Hæstarétti.**

- Árni sagði af sér þingmennsku vegna málsins.
- Árni var meðal annars fundinn sekur um fjárdrátt, mútuþægni og brot í opinberu starfi. Hann var dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti.
- Árni var meðal annars fundinn sekur um að hafa dregið að sér jólaseríu, kantsteina, timbur, verkpalla, álstiga, íslenska þjóðfánann, þéttidúka, eldhús- og baðinnréttingu, auk fleiri muna, með því að taka vörurnar út á nafn fyrirtækja sem alþingismaður, formaður byggingarnefndar Þjóðleikhússins og formaður byggingarnefndar Vestnorræna ráðsins, Brattahlíðarnefndar.



**BORGARSTJÓRNIN KAUPIR RAUÐ NEF** Borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson og Stefán Jón Hafstein ásamt Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra skarta rauðum nefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Borgarstjórn kaupir rauð nef:

# Styrkja bágstödd börn

**STYRKUR** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri opnaði í gær, ásamt borgastjórn, fyrir sölu á rauðum nefjum. Við formlega opnun sölunnar keyptu Vilhjálmur og borgarstjórnin rauð nef til að leggja sitt af mörkum.

Allur ágóði rauðu nefjanna rennur til verkefna Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem vinnur með bágstöddum börnum um allan heim.

Rauðu nefin er hægt að kaupa í öllum verslunum Bónuss, 10-11, útibúum Glitnis, og á bensínstöðvum Essó og kosta þau 500 krónur. - hs

Skoðanakönnun í Danmörku:

# Jafnaðarmenn auka fylgi sitt

**DANMÖRK** **Rúmlega þrjátíu prósent Dana myndu kjósa Jafnaðarmannaflokkinn ef gengið yrði til kosninga nú. Er þetta mesta fylgi sem flokkurinn hefur fengið í skoðanakönnun í meira en tvö ár samkvæmt frétt Jótlandspóstsins á sunnudag.**

**Flokkurinn mælist nú stærsti flokkur landsins því flokkur Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, Venstre, fengi aðeins fjórðung atkvæða.**

**Stjórnarandstöðuflokkarnir á danska þinginu myndu sameiginlega bæta við sig tíu þingsætum ef þetta yrðu niðurstöður kosninga.** - ks

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

VOX
RESTAURANT/BISTRO

villtur & öðruvísi
Villibráðarmatseðill í nóvember.
Borðapantanir í síma 444 5050 eða vox@vox.is


PIPAR • SÍA • 60574
Réttu hjálparhönd
Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu.
Fjölbreytt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.
Heilsdags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**
Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.
*www.kopavogur.is*
Meginmarkmið Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.
Félagsþjónusta Kópavogs

# fiskur og kartöflur

## nettó býður betur



ódýrt

799 kr/kg

Lúða



frábært verð

399 kr/kg

Lausfryst línuýsa



2 kg.

29 kr/kg

Kartöflur 2 kg.

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

SIAL HITABLÁSARAR

Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar

Margar stærðir og gerðir – hagstætt verð



MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík
Sími 544 5470 · www.murbudin.is


Kosningar í Suður-Ossetíu auka enn á spennuna milli Rússlands og Georgíu:

# Meirihluti vill segja skilið við Georgíu

**GEORGÍA, AP** Kjósendur í Suður-Ossetíu samþykktu nánast einróma í atkvæðagreiðslu á sunnudaginn að lýsa yfir formlegu sjálfstæði héraðsins, sem tilheyrir Georgíu en hefur þó notið sjálfstæðis í reynd í meira en áratug.

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiddu 99 prósent kjósenda sjálfstæði atkvæði sitt. Suður-Ossetíumenn virðast almennt vilja sameinast Rússlandi þegar fram líða stundir. Sjálfstæði héraðsins frá Georgíu er fyrst og fremst hugsað sem áfangi í þá átt.

Meira en þúsund manns létu lífið í harðvítugri borgarastyrjöld aðskilnaðarsinna við Georgíuher á árunum 1991 til 1992, sem braust út í beinu framhaldi af falli Sovétríkjanna.

Stjórn Suður-Ossetíu er í nánum tengslum við Rússland, sem viðurkennir ekki heldur formlega sjálfstæði héraðsins en hefur veitt íbúum þess leyfi til að ganga með rússnesk vegabréf.



**ATKVÆÐI FELLUR** Kosningarnar í Suður-Ossetíu staðfesta fyrst og fremst vilja héraðsbúa til þess að segja skilið við Georgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneska rúblan er sá gjaldmiðill, sem notaður er í Suður-Ossetíu, og rússneski fáninn blaktir víðast við hún við hlið héraðsfánans. Kosningarnar á sunnudaginn breyta í sjálfu sér engu um formlega stöðu Suður-Ossetíu vegna þess að Georgía viðurkennir ekki sjálfstæði héraðsins og þar með ekki heldur lögmæti kosninganna. **- gb**

Vinnumarkaðurinn:

# Um eitt prósent atvinnuleysi

**VINNUMARKAÐUR** **Ástand á vinnumarkaði er gott. Skráð atvinnuleysi var eitt prósent í október eins og september, samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Vísbendingar eru um að ástandið muni versna á næstunni, eftir því sem fram kemur á vef ASÍ.**

**Atvinnuleysi hefur aukist lítillega á landsbyggðinni meðal karla og kvenna og hjá körlum á höfuðborgarsvæðinu en minnkað meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að um tíu þúsund erlendir ríkisborgarar hafi komið til starfa á íslenskum vinnumarkaði það sem af er ári.** **- ghs**


BIRTING LÝSINGAR

Kaupþing banki hf. birti í gær, mánudaginn 13. nóvember 2006, lýsingu á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsingin er gefin út rafrænt á heimasíðu bankans, www.kbbanki.is og kaupthing.net. Lýsingin er jafnframt birt í fréttakerfi Kauphallar Íslands, http://news.icex.is. Innbundin eintök verður hægt að nálgast næstu tólf mánuði hjá Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19 í Reykjavík.

Lýsingin er gefin út vegna lokaðs útboðs til fagfjárfesta á nýjum hlutum í bankanum og fyrirhugaðrar skráningar þeirra á Aðallista Kauphallar Íslands (ICEX) og á Nordic List norrænu OMX kauphallarinnar í Stokkhólmi (OMXS). Um er að ræða útboð á nýjum hlutum sem svara til allt að 10% hlutafjáraukningar auk heimildar til umframúthlutunar sem getur numið allt að 15% af útboðinu. Hinir nýju hlutir verða af sama flokki og allir þegar útgefnir hlutir bankans.

**Umsjónaraðilar útboðs og skráningar**
Umsjónaraðilar útboðsins eru Citigroup Global Markets Limited, Morgan Stanley & Co International Limited og Fox-Pitt, Kelton N.V.
Kaupþing banki hf. mun einnig aðstoða við sölu hlutanna, auk þess að vera umsjónaraðili skráningar hinna nýju hluta á ICEX og OMXS.

**Útboðsfyrirkomulag**
Útboðinu er beint að alþjóðlegum stofnanafjárfestum en ekki almenningi. Áskriftum verður safnað að lokinni áskriftarverðlagningu. Gert er ráð fyrir að verðlagning í útboðinu og úthlutun áskrifta eigi sér stað þann 21. nóvember næstkomandi eftir lokun markaða hjá ICEX og OMXS og verður við verðlagninguna litið til lokaverðs hlutanna þann dag á ICEX og OMXS. Tilkynning um niðurstöðu áskriftarverðlagningar verður birt hjá kauphöllunum fyrir opnun markaðanna næsta virka dag.
Gert er ráð fyrir að hinir nýju hlutir verði skráðir á ICEX og OMXS 23. nóvember næstkomandi, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara.

**Fyrirvari um beitingu verðjöfnunar**
Citigroup Global Markets Limited er umsjónaraðili verðjöfnunar (e. the Stabilising Manager). Honum og fulltrúum hans er heimilt en óskylt í tengslum við útboðið, að því marki sem viðeigandi lög leyfa, og að eigin ákvörðun, að beita umframsölu og grípa til annarra aðgerða til að styðja við markaðsverð hlutanna á hærra verði en viðskipti kynnu ella að verða á, á opnum markaði. Til slíkra ráðstafana kann að verða gripið á hlutabréfamörkuðum, öðrum verðbréfamörkuðum (e. over the counter markets) eða annars staðar. Ef gripið er til slíkra verðjöfnunaraðgerða þá má hætta þeim hvenær sem er og aðeins má grípa til þeirra næstu þrjátíu daga eftir að viðskipti með hina nýju hluti hefjast á ICEX eða OMXS, eftir því sem við á. Hvorki umsjónaraðili verðjöfnunarinnar, né fulltrúar hans, hyggjast upplýsa um umfang umframsölu og/eða verðjöfnunar vegna útboðsins, nema að því marki sem lög og reglur krefjast þess.

Reykjavík, 14. nóvember 2006

Útgefandi:
Kaupþing banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Kennitala: 560882-0419 Sími: 444 6000 Vefur: www.kbbanki.is

KB BANKI



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Framkvæmdastjóri FÍB gagnrýnir flugfélögin:

# Eru samstiga í verðhækkunum

**SAMKEPPNI** Fargjöld Icelandair og Iceland Express hafa hækkað um 10–12 þúsund krónur á þremur árum, eða um 50 prósent.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir skatta og gjöld Icelandair og Iceland Express hafa hækkað um 147 prósent á síðustu þremur árum. „Nú er svo komið að Icelandair og Iceland Express innheimta rúmlega tvöfalt hærri upphæð undir heitinu skattar og gjöld en þau skila til flugvalla.



**BIRGIR JÓNSSON**



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**

Sem dæmi má nefna að Iceland Express rukkar farþega um 7.290 krónur í skatta og gjöld á flugleiðinni til Alicante, sem er margföld skattaupphæð á þessari leið.“ Runólfur segir að önnur flugfélög, eins og Heimsferðir, innheimti mun lægri upphæð í skatta og gjöld á þessari leið.

Runólfur segir merkilegt að afkoma Icelandair og Iceland Express hafi batnað þrátt fyrir hátt olíuverð. Nýlega kom fram að áætlaður hagnaður Iceland Express væri um 600 milljónir króna á þessu ári og hefur aukist um 100 prósent frá síðasta ári. „Vissulega er það góðs viti ef flugskila góðum rekstri en hækkanir félaganna á þjónustugjöldum eiga sér ekki hliðstæðu í raunveruleikanum og því má draga þá ályktun að þannig sé hluti hagnaðarins tilkominn.“

> „Nú er svo komið að Icelandair og Iceland Express innheimta rúmlega tvöfalt hærri upphæð undir heitinu skattar og gjöld en þau skila til flugvalla.
>
> **RUNÓLFUR ÓLAFSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FÍB

Runólfur segir að þessum upplýsingum verði beint til samkeppnisyfirvalda ekki síst í ljósi þess að nú sé hægt að sjá eignatengingu á milli Icelandair og Iceland Express eftir að hluthafar í Icelandair eignuðust meirihluta í Iceland Express.

Birgir Jónsson, forstjóri Iceland Express, segir eignatengsl þessara félaga ekki eins mikil og látið sé af og að þetta mál sé nú þegar í skoðun hjá samkeppniseftirlitinu.

Birgir segir lækkun á gengi íslensku krónunnar og olíuhækkun hafa sett mikinn strik í reikninginn á árunum 2003 og 2004 og því hafi þurft að hækka fargjöldin. „Það er Leifsstöð mjög dýr flugvöllur og þar eru innheimt 2–3 sinnum hærri gjöld miðað við aðra flugvelli sem Iceland Express flýgur um.“

Birgir segir betri afkomu fyrirtækisins tilkomna vegna meiri hagkvæmni í rekstri og segir samkeppni milli flugrekstraraðila mikla á Íslandi. **hugrun@frettabladid.is**


Það er leikur að læra á vef Námsgagnastofnunar

Á www.nams.is

má finna ýmislegt fróðlegt og skemmtilegt fyrir krakka á öllum aldri. Vefurinn er opinn fyrir alla.

Skoðið KRAKKASÍÐUR UNGLINGASÍÐUR



NÁMSGAGNASTOFNUN GAGNVIRKT EFNI OG LEIKIR – HEIMA OG Í SKÓLANUM

# Eru hendurnar orðnar of stuttar?





Ef þú getur lesið þessa auglýsingu gleraugnalaust flettu þá strax á næstu síðu. Við eigum ekki framlengingu á hendurnar en við eigum mikið úrval af lesgleraugum fyrir 200kr og 400kr.

**TIGER**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorgi Akureyri**

Heildarlausnir í lyfturum




Viðurkennd viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi


## Tilboð til áramóta:

# Ókeypis lóðir á Skagaströnd

**SKIPULAGSMÁL** Fram til áramóta verður hægt að fá byggingalóðir á Skagaströnd án þess að greiða gatnagerðargjöld. Um er að ræða lóðir við götur sem eru þegar tilbúnar. Að því er segir á heimasíðu Höfðahrepps er um að ræða fjórar lóðir undir íbúðarhús. Umsóknir verða afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. „Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að byggingaframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára, að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda,“ segir um skilmála þessara góðu kjara. **- gar**



**SKAGASTRÖND** Fjórar ókeypis lóðir bíða eftir eigendum. MYND/HILMAR ÞÓR



**DE HOOP SCHEFFER Í BÚDAPEST** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, og ungverski varnarmálaráðherrann Imre Szekeres skoða heiðursvörð í Búdapest í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# NATO-ríkin taki sig á

**Framkvæmdastjóri NATO skorar á aðildarríkin að verja meiru til varnarmála. Sjö af 26 ríkjum ná lágmarkinu, tveimur prósentum af landsframleiðslu.**

**VARNARMÁL** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, skoraði í gær á aðildarríkin að auka framlög sín til varnarmála.

Framkvæmdastjórinn lét þessi orð falla í heimsókn til Búdapest, en hann er nú á heimsóknarúnti milli höfuðborga NATO-landanna til undirbúnings leiðtogafundar bandalagsins sem fram fer í Riga í lok mánaðarins.

Hann minnti á að eins og sakir standa eyða einungis sjö af aðildarríkjunum 26 fullum tveimur prósentum af landsframleiðslu til varnarmála, en það eru þau mörk sem bandalagið ætlast til að hvert og eitt aðildarríki verji að lágmarki í þennan málaflokk.

„Þetta er röng þróun fyrir bandalag sem er metnaðarfullt og stendur frammi fyrir síauknum kröfum um þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og leiðöngrum,“ hefur AP-fréttastofan eftir de Hoop Scheffer.

Ísland er eina NATO-landið sem ekki hefur útgjöld til varnarmála á fjárlögum. Samkvæmt upplýsingum frá varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins mun Ísland geta talið eftirfarandi sem útgjöld til varnarmála: kostnað við hið fyrirhugaða nýja varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli, framlagið í Mannvirkjasjóð NATO sem Ísland er nú í fyrsta sinn að hefja greiðslur í, bein framlög til aðgerða NATO, svo sem í Afganistan, og hugsanlega rekstrarkostnað varnarmálaskrifstofunnar, en engin formleg tilraun hefur verið gerð til slíks útreiknings.

Taki Íslendingar að fullu við rekstri Ratsjárstofnunar eftir að ábyrgð Bandaríkjamanna á honum sleppir í ágúst á næsta ári muni sá kostnaður tvímælalaust teljast útgjöld til varnarmála, en hann nemur mörg hundruð milljónum króna á ári. Hugsanlega mætti einnig reikna rekstur Landhelgisgæslunnar með. Kostnaður við Íslensku friðargæsluna er talinn framlag til þróunarmála og þyrfti því að endurskilgreina ef hann ætti að teljast framlag til varnarmála.

Tvö prósent af vergri landsframleiðslu Íslands samsvarar um tuttugu milljörðum króna.

**audunn@frettabladid.is**





ARGUS / 06-0552

DMK Tiltektarlán
– í stað margra óhagstæðra skammtímaskulda!

*DMK Tiltektarlán** kemur sér vel fyrir fólk sem er með fjölda óhagstæðra skammtímaskulda. Í stað slíkra skulda kemur eitt hagstætt lán með lægri greiðslubyrði.

Lántökugjald *DMK Tiltektarlána* er aðeins 1%. Hægt er að fresta afborgunum af *DMK Tiltektarláni* fyrsta árið og greiða aðeins vexti á því tímabili.

Aðrir þættir *DMK þjónustunnar* eru:
- DMK Debetkort
- DMK Kreditheimild
- DMK Yfirdráttarheimild
- DMK Léttlán
- DMK 90% íbúðalán
- DMK Ráðgjöf
- DMK Reglulegur sparnaður
- DMK Tilboð

Sæktu um *DMK* á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
* skv. útlánareglum SPRON

spron


## Blaðamenn fyrir dóm:

# Ákærðir fyrir að brjóta trúnað

**DANMÖRK** Aðalritstjóri og tveir blaðamenn danska dagblaðsins Berlingske Tidende voru í gær kallaðir fyrir rétt í Kaupmannahöfn, ákærðir fyrir að hafa á árinu 2004 birt upplýsingar úr dönskum leyniþjónustuskýrslum.

Brotin sem þeir Niels Lunde ritstjóri og blaðamennirnir Michael Bjerre og Jesper Larsen eru ákærðir fyrir varða sektum og allt að tveggja ára fangelsi.

Lunde hefur áður sagt að blaðið hafi ekki gert neitt saknæmt er það birti greinaflokk, sem byggðist að miklu leyti á skýrslum sem láku frá leyniþjónustu danska hersins, en í þeim kom fram að engar vísbendingar væru um að Saddam hafi haft gereyðingarvopn. **- aa**

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Íslenskir lífeyrissjóðir:

## Markaðssettir erlendis

**VIÐSKIPTI** Erlend alþjóðafyrirtæki vilja ekkert frekar en að geta borgað á einum stað í lífeyrissjóðakerfi sem hentar öllum starfsmönnum sínum. Þarna er tækifæri fyrir íslenska sjóði, sem eru með þróað kerfi sem hentar vel breyttum aðstæðum á alþjóðlegum lífeyrismarkaði, en þær stafa af því að fólk lifir lengur og fer fyrr á eftirlaun. Þetta sagði Tryggvi Þór Herbertsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Til þessa, segir Tryggvi, þarf m.a. að laga íslensk lög um lífeyrissjóði að erlendum lögum, skilgreina nánar stoðir lífeyrisins og markaðssetja Ísland sem miðstöð lífeyrisrekstrar. **- kóþ**

Ron Coleman kynnti nýja nálgun á geðklofa á ráðstefnu Rauða krossins:

# Vill að fólk taki ábyrgð á eigin lífi

**RÁÐSTEFNA** 70 prósent þeirra sem heyra raddir hafa lent í áföllum segir Ron Coleman, fyrirlesari á ráðstefnu Rauða krossins um geðklofa. Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur var ein þeirra sjötíu sem sóttu ráðstefnuna og var hún mjög hrifin af nálgun Rons Coleman á heimi þeirra sem heyra raddir.

„Coleman á sér merkilega sögu en hann var inni og úti af geðdeildum í tíu ár vegna radda sem hann heyrði og heyrir enn. Það var ekki fyrr en hann komst í kynni við samtök fólks sem heyra raddir að hann fór að ná bata,“ segir Guðbjörg.

„Í samtökunum er það viðhorf ríkjandi að raddirnar séu raunverulegar en ekki líffræðilegt fyrirbæri sem hægt sé að lækna með lyfjum. Coleman hefur einnig lesið sér til um rannsóknir sem sýna að aðeins 33 prósentum þeirra sem heyri raddir gagnist lyf en í 67 prósentum tilfella þurfi annað og meira til. Coleman komst að því að meirihluti þeirra sem heyra raddir hefur lent í áföllum en hann var misnotaður af kaþólskum presti aðeins tíu ára gamall.“

Guðbjörg nálgun Colemans mjög merkilega. „Einkennin þykja yfirleitt benda til geðklofa, sem hægt er að halda niðri með lyfjum. Coleman er hins vegar mikill efasemdamaður sjúkdómsgreininga en leggur þess í stað áherslu á að fólk taki ábyrgð á eigin lífi og flýti þannig batanum. **- hs**



**GUÐBJÖRG SVEINSDÓTTIR OG ROD COLEMAN** Coleman er mikill efasemdamaður sjúkdómsgreininga en leggur þess í stað áherslu á að fólk taki ábyrgð á eigin lífi.

Fiskafli í október 2006:

## Minna verðmæti en í fyrra

**VEIÐAR** Fiskafli í október var 87.230 tonn sem er svipað og á sama tíma í fyrra.

Botnfiskaflinn í október var 40.943 tonn sem er 838 tonnum minna en í október í fyrra. Þorsk- og ýsuafli var rúmlega þrjú þúsund tonnum minni í ár. Á móti samdrætti í botnfiskafla vó meiri afli í ufsa og karfa í ár. Þar sem þorskur og ýsa er talsvert verðmætari afli en ufsi og karfi má reikna með að verðmæti októberaflans sé minna en í fyrra.

Síldaraflinn í október var rúmlega 43 þúsund tonn eins og í fyrra.

Heildaraflinn í ár var í lok október orðinn 1.142.451 tonn sem er 355 þúsund tonnum minni afli en á sama tíma í fyrra sem stafar af minni loðnuafla í ár. **- sdg**



**AFMÆLI FAGNAÐ** Starfsmenn flugmálastjórnar gáfu köku.

Afmæli fagnað í Eyjum:

## Vestmannaeyjavöllur 60 ára

**AFMÆLI Haldið var upp á sextíu ára afmæli Vestmannaeyjaflugvallar með pomp og prakt á laugardaginn. Afmælið var haldið á vellinum sjálfum að viðstöddu nokkru fjölmenni, þrátt fyrir að mörg fyrirmenni úr flugheiminum á Íslandi gætu ekki mætt vegna þess að ekki var byrjað að fljúga milli lands og eyja þegar athöfnin hófst.**

**Bragi Í. Ólafsson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands, tók við fyrstu kökusneiðinni frá starfsmönnum Flugmálastjórnar. Í flugstöðinni var hægt að berja augum myndir og skjöl úr safni vallarins. - sh**

Miðstjórn Frjálslynda flokksins:

## Harma fordóma í garð flokksins

**STJÓRNMÁL** Miðstjórn Frjálslynda flokksins hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem því er fagnað að umræða um málefni innflytjenda sé hafin í samfélaginu. Miðstjórnin harmar einnig „að verið sé að ala á fordómum gagnvart flokknum fyrir að vekja athygli á og hefja umræðu um þessi mál“.

Í yfirlýsingunni er tekið fram að „öll mismunun í garð trúarhópa eða ólíkra menningarheima er ekki í anda Frjálslynda flokksins“.

Miðstjórnin fagnar því að fresta eigi frjálsu flæði frá Rúmeníu og Búlgaríu, sem og átaki í íslenskukennslu fyrir útlendinga. **- sh**





Engar hömlur á verslun
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Að gefnu tilefni skal það tekið fram og ítrekað að þrátt fyrir nýjar öryggisreglur geta farþegar eftir sem áður **keypt allan vökva**, **krem og aðrar snyrtivörur** á frísvæði Flugstöðvarinnar hvort heldur sem þeir eru að fara af landi brott eða koma til Íslands.

Allar upplýsingar um verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og nýjar öryggisreglur er að finna á heimasíðu Flugstöðvarinnar **www.airport.is**

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar




SUBARU IMPREZA



Verð frá 1.990.000

SUBARU LEGACY



Verð frá 2.490.000

SUBARU FORESTER



Verð frá 2.490.000

SUBARU TRIBECA



Verð frá 4.990.000

NISSAN MICRA



Verð frá 1.590.000

NISSAN PRIMASTAR



Verð frá 2.190.000

NISSAN X-RAIL



Verð frá 2.890.000
Aukahlutapakki frá Arctic Trucks með 50% afslætti

NISSAN PATHFINDER



Verð frá 4.170.000
33" breytingapakki frá Arctic Trucks innifalinn




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

NISSAN PATROL



**Verð frá 4.590.000**
33" breytingapakki frá
Arctic Trucks innifalinn

Ingvar Helgason heldur upp á jólin í ár með fjölbreyttu úrvali af glæsilegum bílum.
Komdu í sýningarsal okkar að Sævarhöfða 2, ræddu við sölumenn okkar og veldu
bílinn sem hentar þínum þörfum best.

SUBARU NISSAN SAAB ISUZU

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

## „ORÐRÉTT“

### *Illa merkt*

**„Það liggur við að manni bregði við að sjá góðar merkingar, þá sjaldan sem það gerist.“**

EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON HJÁ UMFERÐARSTOFU UM ÁSTAND VEGMERKINGA Á VINNUSVÆÐUM Á ÍSLANDI.

**Morgunblaðið 13. nóvember.**

### *Hvað með Johnsen?*

**„Svo fylgir fortíðin manni. Það er eitthvað sem ég geri mér grein fyrir að enginn getur losað sig við.“**

GUNNAR ÖRLYGSSON EFTIR AÐ HANN LENTI Í 10. SÆTI Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSSTÆÐISMANNA Í SUÐURKJÖRDÆMI.

**Fréttablaðið 13. nóvember.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR HLJÓMBORÐSLEIKARI

## *Töluvert áfall*



„Það er allt brjálað að frétta,“ segir Margrét Örnólfsdóttir hljómborðsleikari. „Ég er náttúrlega komin aftur í Sykurmolana sem er töluvert áfall. Ég hef mest verið að grafa upp gamla hljóðgervla og fara á æfingar. Mórallinn er rosagóður og það er gott að við erum sex því það eru nógu margir til að einn man alltaf hvernig lögin eru og getur hjálpað hinum að púsla í eyðurnar. Við byrjuðum að æfa í október en síðustu tvær vikurnar höfum við æft stífast. Ég held að tónleikarnir í Laugardalshöll á fimmtudaginn klikki ekki. Við værum ekki að þessu ef við værum ekki í stuði. Nú, fyrir utan Sykurmolana er ég að sinna fjölskyldunni og að vinna á auglýsingastofunni Fíton í texta- og hugmyndavinnu. Ég byrjaði þar í janúar. Ef einhver tími gefst fyrir utan þetta er ég að bögglast við að skrifa kvikmyndahandrit. Ég og Inga Lísa Middleton og Zik Zak erum með þá hugmynd að gera bíómynd upp úr bók Guðrúnar Helgadóttur, Öðruvísi dagar. Það er ekki mjög langt komið enn þá.“

## LOTTÓ:
### ÞRETTÁN ÓHEPPNAST



Talan 13 er „óheppnasta“ talan í breska lottóinu og hefur komið sjaldnast upp af tölunum 49 sem eru í pottinum. Tólf ár eru síðan lottóið byrjaði og hefur talan 13 verið dregin út 132 sinnum á þeim tíma. „Heppnasta“ talan er 38 sem hefur komið upp 199 sinnum, svo koma tölurnar 25 (186 sinnum) og 31 (184 sinnum). Ekki virðist 13 alls staðar á botninum því í íslenska lottóinu er talan 13 aðeins yfir miðju, í 15. sæti af 38 tölum. Á Íslandi er 30 „óheppnasta“ talan (77 skipti) en 21 (160 skipti), 25 (155 skipti) og 19 (152 skipti) „heppnustu“ tölurnar.

## SJÓNARHÓLL
### ÚRSLIT HELGARINNAR

## *Miðlungspappírar*



„Prófkjör eru bjánaleg,“ segir Þorkell Máni Pétursson, dagskrárgerðarmaður á X-inu. „Og svona opin prófkjör eins og Samfylkingin stóð fyrir um helgina eru bara tíðkuð í Ísrael og Bandaríkjunum. Flokkar sem notast við slíkt kerfi sýna innræti sitt. Það er ekki beysinn listi sem kom út úr þessu hjá þeim. Ég hefði viljað sjá Þórhildi og Bryndísi Ísfold komast að. Þær hafa meira til málanna að leggja en þessi miðlungspappír sem er búinn að vera á þingi í fjögur ár og hefur ekkert gert nema elt Gallup-kannanir. Svo er hræðilegt að missa Guðrúnu Ögmundsdóttur út, og það fyrir Steinunni Valdísi. Það að Árni Johnsen komi inn sýnir hins vegar bara að hann hefur staðið sig vel á Suðurlandi og það lýsir mikilli málefnafátækt ef fólk ætlar að fara enn og aftur að velta sér upp úr fortíð hans. Ég þori að veðja við hvern sem er að Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig 2-3 mönnum á Suðurlandi. Það eina sem veikir þann lista er Árni Mathiesen.“

# Víkingaskemmtigarður opnar á Laugarbakka næsta sumar

**Tíu metra hátt víkingasverð blasir nú við þeim sem keyra framhjá Laugarbakka í Húnavatnssýslu. Sverðið stendur á þeim stað þar sem fjölskylduskemmtigarðurinn Grettisból verður opnaður næsta sumar. Þar verður víkingamenningin í hávegum höfð og boðið upp á ýmiss konar afþreyingu.**

Jón Óskar Pétursson er framkvæmdastjóri Grettistaks sem stendur að garðinum. „Þetta verður skemmtigarður þar sem áhersla verður lögð á þátttöku gestanna. Þeir fá að reyna sig við aflraunir og íþróttir og kynnast siðum og menningu fornmanna,“ segir hann. „Vopn og verjur víkinganna verða kynnt og gestir fá meðal annars að setja á sig brynju og hjálm, æfa sig með sverð og spjót og skjóta af boga.“

Jón segir í gríni að ef einhver fái í bakið í atganginum sé stutt í heilsugæsluna á Hvammstanga. „Við stefnum að því að svæðið verði lifandi og þar verði alltaf nóg um að vera. Þarna verður útileikhús í hlöðnum hring og sölutjöld með handverki og minjagripum. Við keyptum gamalt verkstæði sem á endanum mun líta út eins og víkingaskáli. Þar verðum við með sýningarsvæði þar sem gestir geta horfið aftur í aldir með hjálp margmiðlunar og upplifað brot úr sögunni. Grettisból verður því ekki bara skemmtigarður heldur líka fræðslusetur og handverksmiðstöð.“

Þetta svæði hefur nú kannski ekki verið það líflegasta á landinu en Jón Óskar segir þetta vera að breytast. „Jú, það hefur skort á afþreyingarmöguleika hérna en síðustu misserin hafa menn orðið mun áhugasamari um þessi mál. Selasetur Íslands var opnað nýlega á Hvammstanga og einnig er boðið upp á selaskoðunarferðir út á Vatnsnes með Ákanum. Nú er hugmyndin að Grettisból sogi til sín fólk enda verður þetta eini víkingagarður landsins. Það hefur verið mikil vakning í sögutengdri ferðamennsku á Íslandi og Grettisból verður hluti af því.“

Jón Óskar segir bjartsýni ríkja með framtakið á svæðinu og að margir séu að setja sig í réttar stellingar. „Nokkrir eru nú þegar orðnir vel hærðir og skeggjaðir. En það eru skiptar skoðanir á Gretti. Sumum finnst að hann hafi verið bölvaður krimmi og skilja ekkert í því hvers vegna er verið að láta svona mikið með hann.“

gunnarh@frettabladid.is



**JÓN ÓSKAR VIÐ VÍKINGASVERÐIÐ Á LAUGARBAKKA** Fyrirmynd þess eru sverð sem fundist hafa við uppgröft og eru talin frá því um árið 1000.


**Þegar gæðin skipta máli**
Lotus Professional borðpappírsvörur

**Til hátíðabrigða**

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.



Á tilboði í nóvember 2006
Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar“ og dúkar

TUNGLIÐ RV6219B

**Eggert Bjarnason**
sölumaður hjá RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


Taktu daginn frá við vetrarsólstöður þann 22. desember:

# Alheimsfullnæging í þágu friðar

Vetrarsólstöður verða 22. desember. Aðgerðahópurinn GlobalOrgasm í Kaliforníu hvetur nú íbúa jarðarinnar til að fá fullnægingu þennan dag í nafni alheimsfriðar. Verkefnið er unnið í samvinnu við vísindamenn í Princeton-háskólanum sem starfrækja hnattræna vitundarverkefnið. Vísindamennirnir reka net mælitækja um allan heim sem ku hafa sýnt fram á að mannleg samvitund – það þegar augu alheimsins beinast að sama punkti, til dæmis meðan á stórviðburðum eins og 11. september og flóðbylgjunum í Asíu hefur staðið – getur haft hnattræn áhrif á efni og orku. Nú vonast skipuleggjendur fullnægingardagsins til að jákvæðir lostastraumar heimsbyggðarinnar verði til góðs.

Það eru týpískir Kaliforníuhippar sem leiða verkefnið, þau Donna Sheehan og Paul Reffell. Þau hafa staðið fyrir ýmsum verkefnum í þágu friðar, meðal annars Baring Witness verkefnið sem fólst í því að naktar konur og menn röðuðu sér upp til að forma „Peace“ og friðarmerki út um allan heim. „Hugur okkar hefur áhrif á orku- og efnissviðin, svo ef við einbeitum okkur að friði og samvinnu á stóra deginum mun mikil fullnægingarorkan í bland við friðarhugsanir draga úr ofbeldi, hatri og ótta í heiminum,“ fullyrðir Donna. Og það veitir víst ekki af. (Meira á *globalorgasm.org*).





**DONNA OG PAUL HJÁ ALHEIMSFULLNÆGINGARVERKEFNINU** Hvetja til jákvæðni og kynlífs 22. desember.

## Alheimsfullnæging 22. desember

**HVER?** Allir menn og konur, þú og allir sem þú þekkir.
**HVAR?** Allsstaðar í heiminum, en sérstaklega í löndum sem búa yfir gjöreyðingarvopnum.
**HVENÆR?** Á Vetrarsólstöðum, föstudaginn 22. desember, á þeim tíma og þeim stað sem þér hentar.
**TIL HVERS?** Til að hafa áhrif á orkusvið jarðar með stærstu hugsanlegu bylgju mannlegs krafts.



Þessi munu eflaust ekki liggja á liði sínu.

# Byssudagar Veiðihornsins

## 22lr. rifflar frá 11.900
## pumpur frá 19.900

og margt, margt,
margt fleira

## Komdu strax í dag!

**Nýtt kortatímabil!**

VEIÐIHORNIÐ

**Veiðihornið Síðumúla 8**

**Símar 551 6760 og 568 8410 – veidihornid.is**

## Svona erum við

> Einhleypir Íslendingar sem eru skildir að lögum.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KASAKSTAN OG KASAKAR, LANDIÐ OG ÞJÓÐIN SEM BORAT KENNIR SIG VIÐ

# *Ak Kaz þýðir hvítur svanur*

Breski kvikmyndaleikarinn Borat, eða öllu heldur Sacha Baron Cohen, kennir sig við landið Kasakstan í mynd sinni um Borat og ævintýri hans. Borat hefur valdið talsverðu uppþoti meðal stjórnvalda í Kasakstan og íbúa þar í landi. Þau telja að Borat gefi ekki rétta mynd af landinu.

**Hvaða land er Kasakstan?**
Kasakstan er land í Mið-Asíu, næststærst af fyrrum Sovétlýðveldum á eftir Rússlandi miðað við flatarmál, og liggur að Aralvatni. Kasakstan er auðugt land af olíulindum og málmum. Landbúnaður er mikið stundaður í landinu en efnahagur landsins er mest byggður á náttúruauðlindum.

**Hvað eru Kasakar margir?**
Kasakar eru um fjörutíu og sex prósent af íbúum Kasakstans. Tæplega átta milljónir Kasaka búa í Kasakstan samkvæmt tölum frá 2001 en Kasakar eru fleiri, sennilega hátt í þrettán milljónir manna. Þeir dreifast yfir nokkur lönd og þá sérstaklega Kína, Úsbekistan, Mongólíu og Rússland.



**Hvernig er tungumálið?**
Kasakska er tyrkískt tungumál og töluð í Kasakstan og Mið-Asíu en einnig í Mongólíu, Úsbekistan og Kirgistan, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Tyrklandi. Kasakska er svipuð kirgísku, úsbeksku, tadjikísku, túrkmensku, asersku og tyrknesku. Kasakska er skrifuð með breyttri útgáfu kýrillíska stafrófsins en var áður rituð með arabíska stafrófinu.

**Hvaðan kemur orðið kasaki?**
Þetta orð finnst fyrst í ritaðri heimild á þrettándu öld í tyrkneskri-arabískri orðabók. Þar táknaði það sjálfstæður eða frjáls. Ekki er eining um þýðingu orðsins. Ein kenning segir að orðið komi frá „Ak Kaz“ sem þýðir hvítur svanur, að sögn finnskrar útgáfu af frjálsa alfræðiritinu Wikipedia. Orðið Kasaki var bannað í rússnesku fram á þriðja áratug síðustu aldar.

**SPURT & SVARAÐ**
MANNANAFNANEFND



**BALDUR SIGURÐSSON**
Fulltrúi í mannanafnanefnd

## *Tiltekið í lögum*

Björn Ingi Hrafnsson, varaþingmaður Framsóknarflokks og borgarfulltrúi, hefur lagt til að mannanafnanefnd verði lögð niður og að dómsmálaráðherra skeri hér eftir úr álitamálum. Baldur Sigurðsson dósent situr í nefndinni.

**Hvað er mannanafnanefnd gömul?** Mannanafnanefnd var komið á fót þegar lög um hana voru sett árið 1991. En nú starfar hún eftir lögum frá 1996.

**Hvernig ákvarðar mannanafnanefnd um hvað er leyfilegt nafn og hvað óleyfilegt?** Nöfnin þurfa að geta tekið íslenskri beygingu og aðlagast íslensku málkerfi. Geri þau það ekki er hægt að fá leyfi á grundvelli hefðar. Þetta er oft orsök þess að sum nöfn eru leyfð en öðrum svipuðum hafnað. Þá getur nafni verið hafnað vegna óíslenskrar stafsetningar nafnsins. Má þar nefna að barn má ekki skíra Cristian í stað Kristjáns, hins vegar er Christian leyft, vegna hefðar. Allt er þetta tiltekið í lögum og við megum ekki dæma eftir eigin smekk.

**Hverjir eru valdir í nefndina?** Í nefndinni situr einn fulltrúi hugvísindadeildar Háskólans, einn úr lagadeild og sá þriðji er frá íslenskri málnefnd. Hver þeirra er skipaður til fjögurra ára setu.

# Umdeildur ráðherra á förum

**Donald H. Rumsfeld er líklega einn umdeildasti varnarmálaráðherrann í gjörvallri sögu Bandaríkjanna. Hann er eini ráðherrann sem gegnt hefur embættinu tvisvar, en lætur brátt af störfum, orðinn 74 ára.**



**VARNARMÁLARÁÐHERRANN** Sá sig nauðbeygðan til að segja af sér í kjölfar þingkosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Daginn eftir að repúblikanar töpuðu þingmeirihluta sínum skýrði George W. Bush forseti frá því að Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra ætli að hætta en í stað hans komi háskólarektorinn Robert Gates, sem var um hríð yfirmaður leyniþjónustunnar, CIA.

Bush segir þessa ákvörðun reyndar hafa átt sér nokkurn aðdraganda og líklega átti andstaða ráðamanna innan hersins nokkurn þátt í henni. Bæði fyrrverandi og núverandi yfirmenn í hernum hafa hvað eftir annað krafist þess að Rumsfeld segði af sér.

**Umbótatilraunir**
Fljótlega eftir að Bush og Rumsfeld komust til valda hófst Rumsfeld handa við að gera viðamiklar breytingar á skipulagi bandaríska hersins. Hugmyndin var sú að gera herinn meðfærilegri, einfalda hlutina og gera það auðveldara að senda herlið þangað sem þurfa þætti hverju sinni.

Þær umbótatilraunir fóru misjafnlega vel í yfirmenn hersins, sem alla tíð síðan hafa haft horn í síðu ráðherrans. Ólíklegt þótti að hann yrði langlífur í starfinu, en árásirnar á New York og Washington í september árið 2001 breyttu því heldur betur. Rumsfeld varð lykilmaðurinn í viðbrögðum bandarískra stjórnvalda við hryðjuverkunum, og naut lengi vel bæði virðingar og aðdáunar þorra Bandaríkjamanna fyrir áræðni sína og ákveðni.

**Syrtir í álinn**
Þegar Íraksstríðið fór að dragast á langinn og mannfallið að verða sífellt meira, fór jafnframt álitið á Rumsfeld minnkandi. Nú er honum að stórum hluta kennt um hvernig fór, hann beri bæði meginábyrgðina á því að senda bandaríska hermenn í vonlaust verkefni í Írak og undir hans forystu hafi þar á ofan verið staðið afar illa að allri framkvæmd aðgerðanna.

Rumsfeld er einnig sagður bera ábyrgð á illri meðferð og jafnvel pyntingum fanga í Guantanamo, Abu Graib og víðar í leynifangelsum á vegum CIA.

Nú fyrir helgi bárust fréttir af því að bandarísku mannréttindasamtökin CCR hafi ákveðið að kæra Rumsfeld fyrir stríðsglæpi. Kæran verður lögð fram í Þýskalandi, eins og heimilt er í þýskum lögum, en Rumsfeld nýtur friðhelgi í Bandaríkjunum þannig að samtökin sjá sér ekki fært að leggja fram kæru þar.

**Þýskar rætur**
Rumsfeld er reyndar af þýskum ættum og hefur stöku sinnum skroppið í heimsókn til ættingja sinna í Þýskalandi. Rumsfeld er fæddur og uppalinn í Chicago, en þar um slóðir mun þriðji hver maður geta rakið ættir sínar til Þýskalands.

Rumsfeld var jafnan vel tekið hér áður fyrr þegar hann lét sjá sig á feðraslóðum í Sudweyhe, einu úthverfa borgarinnar Bremen, en heldur hafa þýsku ættingjarnir orðið ósáttari við bandaríska frændann eftir að stríðsreksturinn hófst í Írak.

Ekki bætti úr skák þegar Rumsfeld sendi Þýskalandi og fleiri Evrópuríkjum beittar glósur fyrir nokkrum árum, ekki síst vegna andstöðu þáverandi ráðamanna í Þýskalandi við stefnu ráðamanna í Washington í Íraksmálinu, og talaði þá meðal annars um „gömlu Evrópu“, sem honum þótti sitja frekar aftarlega á merinni í heimsmálunum.

**Kostuleg ummæli**
Henry Kissinger, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði eitt sinn að Rumsfeld væri ósvífnasti maður sem hann þekkti. Kissinger ætti kannski að vita hvað hann var að segja, því hann hafði svo sannarlega kynnst ýmsum býsna vafasömum einstaklingum um ævina.

Ósvífnin hefur farið í taugarnar á jafnt andstæðingum Rumsfelds sem samstarfsmönnum, en þó hafa margir kunnað að meta hreinskilni hans. Starfsfólk í Pentagon hrósar honum fyrir að koma jafnan til dyranna eins og hann er klæddur og segja meiningu sína óhikað.

Margt af því sem Rumsfeld hefur látið flakka um tíðina hefur orðið fleygt, og sumt af því reyndar þótt heldur kostulegt.

Í október árið 2002, rúmu ári eftir árásirnar á Bandaríkin, sagði Rumsfeld til dæmis um Osama bin Laden, að hann sé „annaðhvort á lífi og hefur það gott, eða á lífi og hefur það ekki svo gott, eða ekki á lífi“.

**Ljóðræna hliðin**
Bandaríski dálkahöfundurinn Hart Seely kom reyndar fyrir nokkrum árum auga á ljóðræna hlið á ummælum varnarmálaráðherrans. Hann tók sig til og gaf út heila ljóðabók með „ljóðum“ eftir Rumsfeld. Tónskáldið Bryant Kong bætti svo um betur og samdi lög við nokkur þessara ljóða sem síðan voru gefin út á geisladisk.

Eitt ljóðanna er tekið úr viðtali við New York Times í maí árið 2001, þegar Rumsfeld mælti: „Stöku sinnum stend ég hér, að gera eitthvað. Og ég hugsa með mér: Hvað í veröldinni er ég að gera hér? Það kemur mjög á óvart.“

## Ferill Donalds Rumsfeld

**1962** Kosinn þingmaður í fulltrúadeild, endurkjörinn þrisvar.
**1969-72** Sest í ríkisstjórn Nixons forseta sem yfirmaður skrifstofu efnahagstækifæra, síðar ráðgjafi Nixons.
**1973-74** Sendiherra Bandaríkjanna hjá NATO í Brussel.
**Ágúst 1974** Hefur umsjón með tilfærslu forsetaembættisins frá Nixon til Fords. Síðar starfsmannastjóri Hvíta hússins.
**1975-1977** Varnarmálaráðherra í stjórn Fords, sá yngsti í sögunni.
**1983-84** Sérlegur sendiherra Reagans forseta í Mið-Austurlöndum.
**1985-90** Starfar í einkageiranum, en heldur ýmsum opinberum embættum.
**1990-2001** Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri breiðbandsfyrirtækis, síðar stjórnarformaður lyfjafyrirtækis.
**2001** Varnarmálaráðherra á ný – að þessu sinni sá elsti í sögunni og sá eini sem gegnt hefur embættinu tvisvar.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Miele
1. verðlaun í Þýskalandi
W2241WPS



villiborg@zentrum.is

Miele þvottavélar
-hreinn sparnaður

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík
Sími 588 0200 – www.eirvik.is




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur og þokuljós.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þátttakendur í prófkjörum velja ekki breiðan hóp á listana.

## Vannýtt tækifæri

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Prófkjör undangenginna vikna sýna fram á fremur lítinn áhuga þátttakenda á að stilla upp fjölbreyttum listum fyrir alþingiskosningarnar í vor.

Konur virðast eiga ákaflega erfitt uppdráttar í prófkjörum, nema hlutfall þeirra sé þeim mun hærra í hópi þeirra sem gefa þar kost á sér. Sama máli gegnir um eldri borgara, en vissulega eru ekki margir í þeim hópi sem gefa kost á sér, og Íslendinga af erlendum uppruna sem eru enn færri í prófkjörum.

Svo virðist sem karlmenn á tæplega miðjum aldri séu líklegastir til að ná árangri í prófkjörum og er það íhugunarefni hvað það er sem gerir þá svona trúverðuga í augum þátttakenda í prófkjörum.

*Svo virðist sem karlmenn á tæplega miðjum aldri séu líklegastir til að ná árangri í prófkjörum.*

Það er mikið áhyggjuefni að svo virðist sem bakslag sé komið í hlutfall kvenna í stjórnmálum. Konum fækkaði í sveitarstjórnum landsins eftir kosningarnar í vor sem leið og niðurstöður undangenginna prófkjara hafa verið á þann veg að fátt virðist geta komið í veg fyrir að hlutfall kvenna á Alþingi Íslendinga lækki á næsta kjörtímabili og er það þó ekki sérlega glæsilegt á því kjörtímabili sem nú er að renna sitt skeið.

Vissulega liggja fyrir þær staðreyndir að færri konur en karlar gefa kost á sér í prófkjörum. Sömuleiðis sækjast konur að meðaltali eftir sætum neðar á lista en karlmenn. Engar tölur liggja fyrir um kynjahlutfall og aldurssamsetningu þeirra sem taka þátt í prófkjörum en leiða má líkur að því að sá hópur endurspegli kjósendur að minnsta kosti betur en hópurinn sem gefur kost á sér, þ.e. að kynja- og aldurssamsetning sé þar tiltölulega jöfn.

Flestir hljóta að vera sammála um að til þess að listi höfðaði sem best til breiðs hóps kjósenda ætti að vera að finna á honum tiltölulega breiðan hóp fólks. Gallinn við prófkjörin er vitanlega sá að ekki er raðað á lista með tilliti til þessa heldur fer uppröðun eftir því hvernig atkvæði falla.

Á landsbyggðinni, og raunar í öllum kjördæmum utan Reykjavíkurkjördæmanna, virðast sjónarmið byggðarlaga einnig vega þyngra en það sjónarmið að velja fjölbreyttan hóp fólks til starfa. Þannig virðist bæði þátttakendum í prófkjörum og forsvarsmönnum flokka finnast skipta meira máli að hvert byggðarlag eigi sinn fulltrúa á lista heldur en að hann sé skipaður fjölbreyttum hópi karla og kvenna á öllum aldri.

Kynjahlutfall á framboðslistum stjórnmálaflokkanna er grafalvarlegt mál. Þeir sem þessa lista skipa eru fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi næstu fjögur ár. Að flokkarnir, með fulltingi stuðningsmanna sinna sem þátt taka í prófkjörum, skuli hver á fætur öðrum birta framboðslista sem að miklum meirihluta eru skipaðir einsleitum hópi tæplega miðaldra karlmanna er til skammar.

Kjósendur 21. aldarinnar hljóta að gera þá kröfu til stjórnmálaflokka að listar þeirra endurspegli þjóðina með skýrari hætti en nú virðist líta út fyrir, annað er gróf tímaskekkja.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árni umdeildur

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir á Morgunvaktinni í gær að Árni Johnsen nyti fulls trausts forystu flokksins. En það er ekki þar með sagt að allir sjálfstæðismenn séu sáttir. Friðjón R. Friðjónsson, fyrrverandi stjórnarmaður í SUS, segir á heimasíðu sinni að Árni muni ekki njóta trausts umtalsverðs hluta Sjálfstæðisflokksins. Andrés Magnússon blaðamaður segir niðurstöðuna skandal. Báðir segja að erfitt verði að kjósa Sjálfstæðisflokkinn með Árna Johnsen í öðru sæti. Atkvæði þeirra gagnist flokknum líka í öðrum kjördæmum þegar uppbótarþingsætum er útdeilt. Fyrir þetta muni Sjálfstæðisflokkurinn gjalda enda hafi hinn „syndugi“ ekki sýnt iðrun þótt hann hafi tekið út sína refsingu.



### Herdís ekki Sigríður

Þau mistök urðu í þessum dálki í gær að systrunum Herdísi og Sigríði Þorgeirsdætrum var ruglað saman. Var því haldið fram að Sigríður hefði sýnt embætti rektors við Háskólann í Reykjavík áhuga. Það er ekki rétt og er beðist velvirðingar á því. Herdís Þorgeirsdóttir, prófessor á Bifröst, hefur sýnt embættinu áhuga enda kjarnakona líkt og fráfarandi rektor. Fleiri kandídatar eru nú undir smásjá háskólaráðs sem vonast til að ljúka ráðningu nýs rektors fyrir áramótin.

### 500 krónur kjósandinn

Margir munu eflaust sakna Guðrúnar Ögmundsdóttur á Alþingi eftir fall hennar í prófkjöri Samfylkingarinnar um helgina. Hún gerir upp baráttuna á heimasíðu sinni sem kostaði frambjóðandann samanlagt rúma 1 milljón króna. Reiknast henni til að hvert atkvæði, sem henni var greitt, hafi þar með kostað 500 krónur. Guðrún gerir kostnað annarra frambjóðenda að umtalsefni og segir spennandi að sjá uppgjör þeirra. Umhugsunarefni sé þegar prófkjörsbarátta fari að kosta margar milljónir króna.



bjorgvin@frettabladid.is

# Umhverfisvernd í verki



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Umhverfismál

Dómsdagsspár eru ekki nýjar af nálinni og í sögu mannkyns hefur útrýmingu þess verið spáð ítrekað. Sem betur fer hefur þó engin þessara spáa ræst enn sem komið er. Ein nýleg gerir ráð fyrir hruni fiskstofnanna, ekki síst vegna breytinga á sjávarhita í kjölfar gróðurhúsaáhrifa, sem eru tilkomin vegna skammtímahugsunar og gróðasjónarmiða mannkyns. Vísindamenn eru að vísu ekki allir sammála þessu og kenningar þeirra og umræður segja okkur hinum það eitt að lítið er vitað. En í fáfræði okkar hljótum við þó að verða að leggjast á eitt og gera okkar besta til að vernda lífsskilyrði á jörðinni svo kynslóðir afkomenda okkar geti lifað hér líka.

Undanfarin ár hafa fjölmargir skólar landsins verið „á grænni grein“ en það er verkefni á vegum Landverndar sem gengur út á undirbúning og vinnu í umhverfismálum. Á heimasíðu Landverndar er listi yfir þá 77 grunn- og leikskóla sem eru á grænni grein og margir þeirra hafa þegar fengið hinn merka Grænfána til merkis um góðan árangur, jafnvel oftar en einu sinni. Bláfáninn er veittur höfnum og baðströndum sem hafa bætt gæði og þjónustu og stuðlað að verndun umhverfisins. Ef marka má heimasíðu Landverndar hefur Bláfáninn ekki átt sömu vinsældum að fagna og Grænfáninn en góð mál vinnast hægt svo vonandi fjölgar Bláfánahöfnum landsins á næstu árum.

Skólar á grænni grein vinna ómetanlegt uppeldisstarf varðandi umhverfismál og börnin læra mikilvægi þess að fara vel með, flokka sorp, spara rafmagn o.s.frv. Í sumum skólum er jafnvel búin til molta úr lífrænum úrgangi og í öllum skólum fer fram mikil umræða um umhverfismál. Börnin eru áhugasöm enda framtíð þeirra í húfi en þó er ljóst að starf skólanna fer fyrir lítið ef því er ekki fylgt eftir á heimilunum. Þess vegna þarf átak í umhverfismálum að vinnast í öllu þjóðfélaginu, á heimilum og vinnustöðum.

*Þess vegna þarf átak í umhverfismálum að vinnast í öllu þjóðfélaginu, í skólum, á heimilum og í fyrirtækjum*

Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa þegar sett sér umhverfisstefnu og gengur vonandi vel að fylgja henni eftir. Of víða vantar þó slíka stefnu og sjá má bruðlað með orku, pappír, plast og umbúðir af ýmsu tagi svo fátt eitt sé nefnt. Ef fyrirtæki landsins tækju sig almennt saman í andlitinu í umhverfismálum er ég ekki í vafa um að það skilaði sér inn á heimili starfsmannanna. Þetta snýst nefnilega ekki síst um ákveðið viðhorf og nálgun sem við þurfum öll að temja okkur.

Margir hafa unnið gott starf á þessum vettvangi en aðrir láta eins og þeim komi þetta ekki við. Í fararbroddi ættu auk sveitarfélaga og ríkisstofnana t.d. að vera fyrirtæki sem starfa að umhverfismálum og náttúrurannsóknum og -nýtingu, matvælaframleiðslu og í ferðaþjónustu. Auðvitað ættu öll fyrirtæki að tileinka sér þessi vinnubrögð og á heimasíðu Landverndar (www.landvernd.is) er að finna ágætan gátlista sem öllum er frjálst að nýta sér. Margt smátt gerir eitt stórt og þótt þessar ábendingar kunni að virðast léttvægar við fyrstu sýn er alls ekki svo. Ef öll fyrirtæki landsins tileinkuðu sér þessi vinnubrögð gæti sparast ómæld orka, pappír og sorp svo fátt eitt sé nefnt.

Meðal ábendinga Landverndar má nefna að hver starfsmaður hafi merktan bolla svo ekki þurfi að þvo bollana oft á dag (plastbollar koma auðvitað ekki til greina), prentað og ljósritað beggja vegna á blöð eins og hægt er, slökkt er á rafmagnstækjum utan skrifstofutíma og keyptar eru inn vistvænar og vottaðar vörur, svo sem pappír og ræstiefni. Allt eru þetta einfaldar aðgerðir en stuðla að umtalsverðum sparnaði hjá fyrirtækjum sem hlýtur að vera eftirsóknarvert auk þess að draga úr sorpi og sóun. Hitt er þó líklega meira um vert að með slíkum aðgerðum verður viðhorfsbreyting hjá öllu starfsfólki sem skilar sér inn á heimili þeirra.

Vonandi hafa sem flestir þegar stigið öll þessi skref og mörg fleiri innan dyra hjá sér og nokkur ferðaþjónustufyrirtæki hafa t.d. verið til mikillar fyrirmyndar á þessu sviði. Allir geta lagt sitt af mörkum, vilji er allt sem þarf.

# Blóðugar hendur

**UMRÆÐAN**
Pólitík



ÞORVALDUR ÖRN ÁRNASON

Hægrimenn á Íslandi, hvort heldur í Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki eða Samfylkingu, hafa löngum legið flatir fyrir bandarískum stjórnvöldum og þjónað þeim jafnt til góðra sem vondra verka. Bandaríkjunum var leyft að hafa hér herstöðvar meðan þeim þóknaðist og logið að þjóðinni að það væri greiði og gustukarverk fyrir Íslendinga, til að tryggja öryggi okkar. Þegar kanahernum þóknaðist loks að pakka niður og hypja sig fólu dindlarnir í ríkisstjórninni þeim eftir sem áður sjálfdæmi um að gæta öryggis þjóðarinnar. Sjálfsagt felst í því leyfi til að njósna um íslenska borgara, eftirleiðis sem hingað til, með aðstoð íslenskra dindilmenna.

Versta óhæfuverkið hin síðari ár var að styðja innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak. Það var gert í blóra við íslensku þjóðina og ekki hlustað á ótal viðvaranir. Innrásin var í trássi við alþjóðalög, Sameinuðu þjóðirnar og heilbrigða skynsemi. Allflestir sáu hvílíkt feigðarflan þetta var og efasemdirnar náðu langt inn í hægri klíkurnar. Fljótlega kom t.d. í ljós að hættan sem umheiminum átti að stafa af kjarnavopnum harðstjórans Saddam Hussein var helber lygi, eða í besta falli misskilningur. En Davíð og Halldór fóru sínu fram vel studdir af Morgunblaðinu. Öryggishagsmunum og heiðri íslensku þjóðarinnar var fórnað.

Nú vilja fæstir þá Lilju kveðið hafa sem innrásin í Írak er. Ríkisstjórnir, þingflokkar og þingmenn víða um heim snúa baki við Bush og Blair eftir því sem óöldin í Írak magnast og minnir æ meir á hörmungarnar í Víetnam fyrir fjórum áratugum. En hvorki Davíð né Halldór viðurkenna mistök sín og er ólíklegt að afsökunarbeiðni þeirra berist úr þessu. Báðir hafa þeir hlotið feit embætti og sitja þar óáreittir meðan hundruð manna týna lífi dag hvern og milljónir þjást fyrir þeirra tilstuðlan. Það má kalla það tilræði við norræna samvinnu að senda Halldór til Kaupmannahafnar með óþvegnar, blóðugar hendur.

Vinsti hreyfingin - grænt framboð er eini flokkurinn sem berst heill fyrir sjálfstæðri, friðsamlegri utanríkisstefnu Íslands og hefur hafnað stuðningi við stríðsrekstur Bandaríkjanna og Bretlands í Írak og Afganistan alla tíð. Nú er það verkefni allra friðelskandi Íslendinga að gera veg VG sem mestan í alþingiskosningunum í vor svo hægt verði að koma íslenskri utanríkisstefnu aftur á réttan kjöl. Eflum VG í vor!

*Höfundur er formaður VG á Suðurnesjum.*

# HIN ÚTVÖLDU



GOTT FÓLK McCANN

Kjóstu þættina þína á visir.is

EDDA 2006

**Fjórir þátta okkar eru tilnefndir til Eddunnar 2006**

| | |
|---|---|
| **Stelpurnar** | Leikið sjónvarpsefni ársins |
| **Strákarnir** | Skemmtiþáttur ársins |
| **Sjálfstætt fólk** | Sjónvarpsþáttur ársins |
| **Kompás** | Sjónvarpsþáttur ársins |

Nýtt í Hans Petersen




Hlébarðalif
Skotinn Tom Leppard er þekktur sem hlébarðamaðurinn á Skye, enda hefur hann ...

Þú færð þessa ótrúlegu bók í næstu verslun Hans Petersen

5.900
FRÁBÆRT VERÐ

Kr. 5.900,-

10 x aðdráttur



Tvær linsur
Bluetooth

Kodak EasyShare V610
Ný og glæsileg myndavél frá Kodak
Minnsta myndavélin á markaðnum með 10 x aðdrætti
Sendu myndirnar þráðlaust til þeirra í kringum þig.
Bluetooth tæknin gerir kleift að senda
þráðlaust í tölvu, GSM síma eða prentara.
6.1 milljón pixla, gerir þér kleift að stækka í allt að 75 x 100 sm
Tvær linsur 38-114 mm og 130 - 380 mm
2,8" skjár
Video upptaka með 10 x aðdrætti og hristivörn
Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki fylgir

NÝ VÉL

Kr. 2.392,- 24 mán
Kr. 44.980,-

Kodak EasyShare V603



NÝ VÉL

6,1 milljón pixla, gerir þér kleift að stækka í allt að 75 x 100 sm
Schneider Kreuznach linsa tryggir gæðin
3 x optískur aðdráttur (36 - 108 mm)
2,5" skjár
Video upptaka með 3 x aðdrætti og hristivörn
Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki fylgir

Kr. 3.200,- 12 mán
Kr. 32.980,-



Þú færð jólakortin á
www.hanspetersen.is
1-30 stk kr. 145 pr. stk
31 stk og fleiri kr. 135 pr. stk. Öllum kortum fylgir umslag

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

HANS PETERSEN
Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

# Hvað er rasismi?

**UMRÆÐAN**
Samfélagsþróun

Í orðabókinni eru bara tvö orð til skilgreiningar á því hugtaki. Kynþáttahyggja og kynþáttahatur.

Það er ekki rasismi að hafa áhyggjur af óheftum innflutningi ódýrs vinnuafls. Það er heldur ekki rasismi að hafa áhyggjur af þeim sem fyrir eru í landinu af þess völdum. Það er ekki einu sinni rasismi að hafa áhyggjur af því hvað gerist ef of margir aðilar af ólíkum menningarheimi flytja til landsins.

Ég hef ekki getað fundið út hatur á fólki hvorki af orðum Magnúsar Þórs né Jóns Magnússonar. Það er hinsvegar mjög óheppilegt að taka svo til orða að Ísland sé fyrir Íslendinga.

Að hafa áhyggjur af því að múslimar flytji hingað í of stórum stíl er eðlilegt. En það er ekki þar með sagt að í gangi sé einhver hreinsunarstefna. Alls ekki. Það væri alveg eins hægt að segja orð eins og Vísindakirkjan, Amish eða Vottar Jehóva. Þetta er allt saman öfgatrú að mati þeirra sem eru umburðarlyndari. En þýðir alls ekki að fólk megi ekki hafa þá trú.

Þeir sem hæst hrópa hér um að Frjálslyndi flokkurinn sé rasistaflokkur gjaldfella því bæði sjálfa sig og hugtakið rasisma.

Í stefnuskrá Frjálslynda flokksins er boðað umburðarlyndi gagnvart öllum hópum, og frelsi til athafna og æðis. En svo segir í byrjun málefnahandbókar, í kafla sem heitir Manngildi í fyrirrúmi:

Kjarni frjálslyndrar stjórnmálastefnu er að hver einstaklingur viðurkenni rétt annarra einstaklinga til frjálsrar hugsunar, trúar, tjáningar og frelsis til að kjósa sér eigin lífsstíl. Þetta þýðir ekki að frjálslynd stjórnmálastefna einkennist af stefnuleysi. Frjálslynt fólk berst fyrir því að þeir sem hafa ákveðnar skoðanir standi fyrir þeim, en að þeir verji jafnframt rétt annarra til að hafa aðrar skoðanir.

Þegar fólk hrópar upp yfir sig að félagar í Frjálslynda flokknum séu að breytast í harða þjóðhyggjurasista er eitthvað annað sem vakir fyrir því en sannleiksást. Það gæti verið:

1 Að fólk hreinlega lesi ekki orðin sem eru skrifuð, heldur taki punkta úr texta sem þeir vilja gera eitthvað úr sem ekki er.
2 Það vilji nota sér þetta í pólitískum tilgangi til að höggva til andstæðings.
3 Skilji ekki hugtakið „rasismi“
4 Vilji hreinlega þagga málið niður, vegna þess að það er óþægilegt að ræða það.
5 Að það hreinlega viti ekki betur.

Ég er afskaplega ánægð með yfirlýsingar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Steingríms J. Sigurðssonar, þau þjöppuðu sér að baki Guðjóns Arnars, ég tel þau hafa staðist fyrstu prófraunina og límið í Kaffibandalaginu þannig styrkst.


ÁSTHILDUR CECIL ÞÓRÐARDÓTTIR

*Ég er sérlega ánægð með Kaffibandalagið og að þau þrjú séu að tala saman. Fólk vill fá val um hverjir muni leiða næstu ríkisstjórn. Og nú verður loksins hægt að eiga það.*

Ég er sérlega ánægð með Kaffibandalagið og að þau þrjú séu að tala saman. Fólk vill fá val um hverjir muni leiða næstu ríkisstjórn. Og nú verður loksins hægt að eiga það.

Viðbrögð fólks, bæði á heimasíðu Magnúsar Þórs, og ekki síður bara í kringum mann sjálfan, segja að þetta mál brennur mjög á almenningi.

Enda hafa þingmenn Frjálslynda flokksins verið duglegir við að fara út um byggðir landsins og ræða við almenning í landinu. Þeir hafa því þekkingu á vandamálum fólks, sem oft sést á viðbrögðum þeirra á þingi.

Enda voru stjórnarherrarnir teknir gjörsamlega í bælinu hvað þetta mál varðar. Þeir mega þó eiga það, að þegar var búið að ræsa þá út, þá gripu þeir til varnaraðgerða. Þó hringsnúningar félagsmálaráðherrans hafi verið nokkuð skondnar, eitthvað fum og fátkenndar sýnist mér.

Það var löngu tímabært að taka þessa umræðu. Og fólk verður að horfast í augu við vandamálið. Hér er ekki verið að tala um að loka landinu eða setja höft á fólk eftir menningarhefðum eða trú. Það er verið að benda á ákveðið vandamál sem er óheftur innflutningur á ódýru vinnuafli, oftast bara um einstaklinga að ræða, sem koma hér í skamman tíma og senda allt handbært fé úr landi. Þeir eiga fullan rétt á því, og það á ekki að amast við því fólki sem hingað kýs að koma og starfa.

En við erum bara 300.000 manna þjóð, og hér er verið að tala um milljónasamfélög, þar sem mikil fátækt og atvinnuleysi ríkir. Að tala um að þetta hafi slegið af starfsmannaleigur er barnalegt í mesta lagi. Það hefur komið fram að hér eru nokkur þúsund starfsmenn sem enginn veit af, og enginn veit hvernig hafa það. Hvar er það fólk? Og í því sambandi, af hverju var ekki byrjað á að undirbúa komu þessa fjölda til landsins? Það þýðir ekki að koma eftir á og segja við vissum ekki að það yrðu svona margir.

Við verðum að hugsa um að hafa aðstöðu til að taka á móti því fólki sem vill koma. Og með þessa óhefta flæði frá Evrópu er loku fyrir það skotið að fólk frá öðrum svæðum eins og Taílandi, Perú, Kúbu, Venesúela og fleiri fátækum ríkjum geti komist hingað. Hér hafa margir Taílendingar komið undanfarin ár og reynst mjög góður starfskraftur. Eitt á ekki að útiloka annað.

Rasisminn býr ekki í Frjálslynda flokknum, en það virðist vera ansi grunnt á rasandanum hjá sumum Íslendingum gagnvart samferðarmönnum sínum því miður.

*Höfundur býr á Ísafirði.*

# Viljum útrás en ekki innrás!

**UMRÆÐAN**
Samfélög

Ég er 39 ára gömul. Ég er móðir, eiginkona, dóttir, systir, frænka, vinkona, starfsmaður, nemi – hluti af stærri heild. Á margan hátt er eins komið fyrir þjóðinni okkar, þ.e. Íslendingum. Við erum hluti af Norðurlöndunum, Evrópu og Evrópska efnahagssvæðinu. Eins erum við hluti af alþjóðlegum samtökum eins og NATO og Sameinuðu þjóðunum. Við erum ungt lýðveldi og lítil þjóð í stóru alþjóðlegu samfélagi.


HELGA ÓLAFS

Við viljum taka þátt í þeirri hnattvæðingu sem nú á sér stað. Við dásömum hugtakið „útrás“ en erum ef til vill ekki tilbúin fyrir „innrás“. Við viljum hagvöxtinn og allt sem honum fylgir en hann krefst þroska, þroska þjóðar í formi umburðarlyndis í stað fordóma. Umræðan er hafin og öll sjónarhorn eiga rétt á sér en rökræðan verður ekki unnin með því að setja merkimiða á fólk.

Mörgum Íslendingum þykir eftirsóknarvert að flytja til útlanda en á sama tíma höfum við átt því láni að fagna að Ísland er eftirsóknarvert í augum annarra og við erum ríkari fyrir vikið. Tökum á móti fólki eins og við viljum að aðrir taki á móti okkur og berum virðingu hvert fyrir öðru.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Alþjóðahúss.*

# Öngvir rasistar!

**UMRÆÐAN**
Aðflutt fólk

Það sem eftir stendur í atburðum síðustu daga þ.e. innflytjendamálin/frjálst flæði vinnuafls frá Evrópu – og það situr í mér – er að aðrir flokkar, stjórnmálaspékúlantar og einhverjir fleiri séu að kalla stefnu Frjálslynda flokksins rasisma.

Það er alls ekki rétt og er bara útúrsnúningur og verið að reyna að veiða fólk í skoðanavillu á stjórnmálaflokki.

Væri Frjálslyndi flokkurinn hinsvegar hreinræktaður rasistaflokkur í ætt við hægri öfgasinnaðan þjóðernisflokk af verstu sort þá væri ég ekki þar og hefði aldrei fengið að stíga fæti inn þar með baráttumál mín og minnihlutahóps míns, heyrnarlausra og heyrnarskertra.


SIGURLÍN MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Þá hefði flokkurinn aldrei staðið fyrir því að berjast fyrir því að viðurkenna íslenska táknmálið eða þá að vilja texta innlent sjónvarpsefni fyrir heyrnarlausa/heyrnarskerta og ÚTLENDINGA svo þeir geti lært íslenskuna af textanum (að heyra hvernig orðin eru borin fram og skrifuð samtímis) og lærðu þar með líka um íslenska menningu og myndu því aðlagast lífinu hérna á þessari sérstöku eyju í Norður-Atlantshafi.

Og svo ekki sé minnst á öryrkja og lífeyrismálin sem flokkurinn hefur staðið fyrir á þingi. Í venjulegum rasistaflokkum eru fatlaðir nefnilega útskúfaðir og baráttumál þeirra ná ekki upp á pallborðið hjá rasistum.

Því er hér með alfarið vísað til föðurhúsanna að Frjálslyndi flokkurinn rasisma og í honum her rasista.

Svo ekki sé nú meira sagt um þetta mál.

*Höfundur er varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi.*



**MARGIR VALMÖGULEIKAR GETA LEITT TIL ÓHAMINGJU**
Hraði samfélagsins er efni málþings sem Náttúrulækningafélag Íslands efnir til í kvöld.
HEILSA 4

**LÆKNANEMAR FRÆÐA LÝÐINN**
Eyjólfur og Stefán eru í forsvari fyrir nýstofnað Lýðheilsufélag læknanema og ætla meðal annars að stofna bangsaspítala.
HEILSA 2





## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Samtök** um sýkingavarnir á sjúkrahúsum (SUSS) standa fyrir ráðstefnu um sýkingavarnir á sjúkrahúsum. Ráðstefnan er verður á Grand hóteli Reykjavík 24. nóvember 2006. Hún er þverfagleg og efni fyrirlestranna er ætlað að höfða til allra heilbrigðisstarfsmanna á sjúkrahúsum.

**Skólabörn** sem ekki borða morgunverð fá verri einkunnir og eiga á hættu að fá sálræna kvilla, samkvæmt víðtækri rannsókn á morgunmatarvenjum norskra skólabarna. Þetta kemur fram á norska vísindavefnum forskning.no.



**Vilhjálmur** Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hratt í gær af stað sölu á rauðum nefjum, en ágóði af sölu þeirra rennur til verkefna Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Sala nefjanna er hluti af Degi rauða nefsins sem haldinn verður hátíðlegur 1. desember.

**Nýtt** afbrigði af kynsjúkdómnum klamidíu hefur greinst í Svíþjóð og kemur þetta afbrigði ekki fram í venjulegum prófunum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 14. nóvember, 318. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.52 | 13.12 | 16.31 |
| Akureyri | 9.51 | 12.57 | 16.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Snær segist vinsældir glímunnar teygja sig víða en til marks um það hefur hann kennt hópi útlendinga undirstöðuatriði hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Pabbi er fyrirmyndin

***Snær Seljan Thoroddsen lærði glímu af föður sínum og hefur nú náð langt á sínu sviði.***

„Ég hef æft glímu frá 10 eða 11 ára aldri,“ segir Snær sem er nú 23 ára gamall. „Faðir minn, Þórólfur Helgason, vakti upphaflega áhuga minn, en hann keppti á árum áður í glímu og kenndi hana síðan í heimabæ mínum, Reyðarfirði.“

Snær fór ungur að aldri með föður sínum suður til að fylgjast með glímumótum og fannst spennandi að sjá hversu miklir afreksmenn tókust þar á. „Íþróttin höfðaði til mín sem lítils gutta vegna þess hversu hörð og karlmannleg hún leit út fyrir að vera,“ útskýrir hann og hlær við tilhugsunina.

Faðir Snæs kenndi honum öll grunnatriðin í glímu og segir hann samstarf þeirra feðga hafa gengið vonum framar. „Þegar við fluttum suður hafði hann kennt mér allt sem hann kunni þannig að ég fékk frekari tilsögn hjá KR og hef eftir það æft mig mestmegnis sjálfur,“ segir Snær enn fremur.

Snær æfir nú sex sinnum í viku, þar af einu sinni hlaup, tvisvar sinnum glímu og þrisvar sinnum kraftlyftingar. Að hans sögn byggja kraftlyftingarnar og hlaupið á æfingaáætlun svipaðri þeirri og ólympíufararnir í frjálsum íþróttum árið 2008 fara eftir.

Snær segist jafnframt leggja áherslu á hollt mataræði til að halda sér í góðu formi. Hann neytir að meðaltali sex máltíða á dag, borðar mikið af skyri og drekkur töluvert af vatni. „Holl fæða er ekki síður nauðsynleg og góð hreyfing ætli maður sér að ná langt í glímunni,“ segir hann og bætir við að það eigi við um alla sem vilji skapa sér nafn í íþróttum.

*roald@frettabladid.is*

## Heimsþekktur næringarfræðingur

UDO ERASUM HELDUR FYRIRLESTRA Á GRAND HÓTELI Í LOK MÁNAÐARINS.

Í lok þessa mánaðar er von á Udo Erasum til landsins, en hann er einn þekktasti næringarfræðingur heims í dag. Udo þessi hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir rannsóknir og þróun á ferskum olíum til manneldis, sem fyrst og fremst blöndur af Omega 3, 6, og 9 olíum en ljóst er að hjartasjúkdómar og of há blóðfita er meðal aðalmeinsemda okkar tíma og Omega fitusýrur geta komið að gagni til að sigrast á slíkum meinum.

Udo Erasum hóf frumkvöðlastarf sitt við að pressa og pakka ferskum olíum til manneldis árið 1983, en hann komst fyrst almennilega í kastljósið árið 1993 þegar hann gaf út metsölubókina Fats that Heal Fats that Kill. Udo hefur einnig komið fram í fjölda sjónvarps-, útvarps- og blaðaviðtala, auk þess sem hann er vinsæll fyrirlesari um allan heim.



Udo Erasum er heimsþekktur sérfræðingur á sviði næringarfræðinnar, en hann mun halda fyrirlestur á Grand hóteli 28. nóvember næstkomandi.

Fyrirlestur Udo Erasum verður haldin fyrir almenning þann 28 nóvember nk. á Grand hóteli. Áætlað er að fyrirlesturinn hefjist klukkan 19.30 og standi til 22.00 en hann er ókeypis og öllum opinn.





**Tónlist** hefur góð og róandi áhrif á hugann. Passið þó að stilla ekki hljóðið of hátt svo að eyrun skaðist ekki. Á þetta sérstaklega við þegar notuð eru heyrnartól.







Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is









Eyjólfur Þorkelsson og Stefán Ágúst Hafsteinsson eru í forsvari fyrir nýstofnað Lýðheilsufélag læknanema á Íslandi. Markmið félagsins er að virkja einstaklinginn til að vinna að eigin heilbrigði. Meðal skemmtilegra verkefna sem verður ráðist í er svokallaður bangsaspítali þar sem börn koma með bangsana sína til læknis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Læknanemar fræða lýðinn

***Eyjólfur Þorkelsson og Stefán Ágúst Hafsteinsson, læknanemar við Háskóla Íslands, eru í forsvari fyrir nýstofnað Lýðheilsufélag læknanema. Fyrirmyndin er fengin frá alþjóðasamtökum læknanema, IFMSA, en starfsemin er þróuð í samvinnu við Skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar (SKVÞ) á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og aðra sérfræðinga þar.***

Lýðheilsustarf er að verða enn sýnilegra en fyrr. En ekki allir vita um hvað það snýst í raun og veru.

„Lýðheilsa snýst um sameiginlega vinnu samfélagsins sem heildar til að fyrirbyggja sjúkdóma, efla heilsu og lengja líf almennings,“ segir Eyjólfur Þorkelsson. Upplýsingar frá Alþjóðaheilbrigðisstofnunni, WHO, benda til að heilbrigðiskerfið eitt og sér ráði einungis 10 til 20 prósentum af raunheilbrigði þjóða. „Það eru fjölmargar og samsettar ástæður fyrir langflestum sjúkdómum og skýrustu dæmin eru ef til vill reykingar og fátækt sem eru ekki afmörkuð heilbrigðisvandamál, heldur snerta fleiri hliðar samfélagsins,“ segir Eyjólfur og heldur áfram. „Heilbrigði byggist á líkamlegri, félagslegri og andlegri vellíðan og með þverfaglegu samstarfi má vinna að heilsueflingu og almenningsfræðslu á breiðum grunni. Við viljum einfaldlega leggja okkar af mörkum,“ segir Eyjólfur.

Samnemi Eyjólfs, Stefán Ágúst Hafsteinsson, tekur í sama streng. „Markmiðið er að virkja einstaklinginn til að vinna að eigin heilbrigði á sínum forsendum.“

Stofnfundur félagsins er framundan og nú eru virkir félagar um fimmtán talsins sem allir vinna sjálfboðavinnu. „Það er nauðsynlegt að hafa eitthvað uppbyggilegt fyrir stafni utan námsbókanna á sama tíma sem starfið tengist náminu beint,“ segir Eyjólfur.

Læknanemarnir fá leiðsögn og góðan stuðning frá sérfræðingum á Landspítalanum. „Öll verkefni og skrif sem við sendum frá okkur fer í gegnum okkar leiðbeinendur sem eru sérfræðingar á ýmsum sviðum læknavísindanna, svo við eigum mjög góða að í þessu starfi,“ segir Stefán Ágúst. Einnig er félagið í sambandi við Lýðheilsufélag Íslands og Geir Gunnlaugsson lækni sem er í forsvari þar.

Eitt af verkefnunum er bangsaspítali sem hefst vonandi í vor. „Börnin koma með bangsana sína í skoðun til okkar og eru þá í hlutverki foreldranna,“ segir Stefán Ágúst. „Erlendar rannsóknir sýna að þau börn sem hafa komið á bangsaspítala eru minna hrædd við lækna, bæði sem börn og eins þegar þau verða fullorðin.“ Bangsaspítalinn er því forvarnastarf og markmiðið að fræða börnin með leik.

Önnur mál sem brenna á Lýðheilsufélaginu er að leiðrétta misskilning varðandi heilbrigði og líkamann og nefnir Eyjólfur þar umræðuna um geðsjúkdóma sem dæmi. Einnig er á döfinni að efla umræðuna um líffæra-, blóð- og stofnfrumugjafir og jafnvel vinna markvisst að því að fjölgja gjöfum.

Stefán Ágúst segir félaga vera ólgandi af hugmyndum og hlakka til að taka á móti fleiri verkefnum og hefjast handa. „Aðalmarkmiðið er að fræða almenning og virkja sem flesta til að taka þátt,“ segir Eyjólfur.

Lýðheilsufélag læknanema verður með vikulega pistla í Fréttablaðinu sem hefjast um miðjan nóvember.

*rh@frettabladid.is*

# Hert lyfjaeftirlit

***Vonir eru bundnar við nýtt lyfjapróf sem hefur verið sett á markaðinn til að klekkja á óprúttnum íþróttamönnum.***

Prófið er fyrsta sinnar tegundir en það gerir lyfjaeftirlitum kleift að greina minnstu agnir af prótíni, svokölluðu synacthen, í blóðinu.

Prótín þetta örvar hormónaframleiðsu líkamans og eykur afkastagetu þeirra sem neyta þess. Er það því ólöglegt þar sem það veitir íþróttamönnum ósanngjarnt forskot á andstæðinga sína.

Hingað til hefur ekki verið hægt að greina téð prótín með lyfjaprófum, sem duga yfirleitt til að finna út hvort viðkomandi hefur sprautað sig með hormónum.

Nýja lyfjaprófið markar því tímamót í baráttunni gegn neyslu íþróttamanna á ólöglegum efnum.



Með hefðbundnum lyfjaprófum hefur mátt greina hvort viðkomandi aðili hefur sprautað sig með hormónum.

Eru vonir bundnar við að það verði til þess að íþróttamenn hugsi sig tvisvar um áður en þeir nota slík efni sjálfum sér til framdráttar.

Ýmsir óttast þó að lyfjaprófið dugi skammt þar sem ósvífnir aðilar leita sífellt nýrra leiða við að þróa og framleiða ólögleg efni sem smjúga fram hjá lyfjaeftirlitum.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk.

*- rve*

## líffæri }

### Lifrin

AÐALGEYMSLULÍFFÆRI FITULEYSINNA VÍTAMÍNA



Lifrin vegur hátt í tvö kíló. Hún er eins og stórfengleg efnaverksmiðja sem getur umbreytt næstum hvaða efnasambandi sem er. Lifrin er krafmikið afeitrunarlíffæri sem leysir sundur eitruð efnasambönd og gerir þau skaðlaus.

Hún er einnig afar blóðrík og er geymslulíffæri fituleysinna vítamína á við A- og D-vítamín auk melts kolvetnis sem viðheldur blóðsykurmagni. Lfirin framleiðir gerhvata, blóðfitu, hvítuefni, A-vítamín og blóðstorknunarefni.

Eitt helsta starf lifrarinnar er að framleiða gall sem innihldur sölt sem stuðla að meltingu fitu og gerir fleyti úr feitmetinu.



## Persona.is

PÁLL EINARSSON
PSYCHOTHERAPIST MSC SKRIFAR

## Sjálfstraust

Öll langar okkur að hafa gott sjálfstraust og vera örugg með okkur. Það er augljóst að það greiðir leið að markmiðum okkar og hjálpar okkur að vera sátt við sjálf okkur og lífið. Til marks um hvað sjálfstraust er mikilvægt að það er orðið að mjög ábatasamri markaðsvöru í formi sjálfshjálparbóka og -námskeiða út um allan heim þar sem fólki er kennt að auka sjálfstraustið með hinum ýmsu aðferðum. Þar kennir hinna ýmsu grasa eða allt frá því að ganga á sjóðandi heitum kolum til þess að standa á sviði fyrir framan fullt af fólki og yfirvinna óttann.

Það má segja að sjálfstraust okkar sé birtingarform þess hvernig við sjáum sjálf okkur. Sjálfstraust lærist ávallt í æsku og er þá aðalatriðið hvernig tengslamyndun á sér stað innan fjölskyldunnar. Þar fáum við sterkustu skilaboðin um það hvort við séum í lagi eða ekki. Ef barni er sinnt vel og það fær mikinn tíma hjá sínum nánustu þá óneitanlega fær það á tilfinninguna að það sé elskað og það sé í lagi. Það verður síðan grunnurinn að heilbrigðu sjálfsvirði sem endurspeglast síðar meir í góðu sjálfstrausti.

Margt getur þó haft áhrif á sjálfstraust einstaklingsins annað en tengslamyndun innan fjölskyldunnar eins og einelti og margs konar áföll. Allt safnast þetta í einn sjóð innra með einstaklingnum og hann fer að efast um eigið ágæti. Þegar svo er komið getur verið erfitt að rata út. Það getur verið ágætt að ganga á kolum eða segja alltaf eitthvað ¿jákvætt¿ við sjálfan sig en ef ekki er tekist á við vanmatið beint og það skoðað þá er hætt við að lítil breyting eigi sér stað.

Þegar vanmatið er tekið til skoðunar kemur oftast í ljós að ýmislegt hefur haft áhrif á sjálfsmynd viðkomandi sem hefur gert það að verkum að viðkomandi hefur misst álit á sjálfum sér og eða hæfileikum sínum til að takast á við hin ýmsu verkefni. Í viðtalsmeðferð er unnið markvisst úr vanmatinu með því að skoða bæði hugsanir og tilfinningar sem skapa hið lága sjálfstraust.

Fólk sem er með gott sjálfstraust þekkist á því að það þarf ekki að leika einhvern annan en það er og því virðist líða vel í eigin skinni. Það er oftast í góðu sambandi við tilfinningar sínar eins og sorg og reiði og getur leyft sér að tjá þær. Það er ekki með grímu og þarf ekki að ¿selja¿ sjálft sig til að passa upp á að verða samþykkt af öðru fólki. Það sem greinir þó mest þá sem eru með gott sjálfstraust frá öðrum, er að það er eins og þeir séu ávallt sanngjarnir við sjálfan sig og stundi það ekki að refsa sér eða taka sig í gegn. Þeir eru vinir sjálfs síns. Þetta er eftirsóknarverður þroski og er vissulega hægt að rækta með því að fylgjast með því hvernig talað er við sjálfan sig og hvort gerðar eru kröfur um að maður ætti að vera svona eða öðruvísi.

Margir reyna að láta líta svo út að þeir séu með gott sjálfstraust þó að þeir eigi ekki fyrir því góða innistæðu. Þeir setja upp grímu þar sem þeir leika að það hafi sjálfstraust en undir niðri kraumar óöryggið. Ein af grímunum er ¿sjálfstrausts-gríman¿ og er ekki óalgengt að flestir grípi til hennar einhvern tímann á ævinni þegar á þarf að halda. Það er ekkert að því en verra er þegar viðkomandi þarf alltaf að vera með grímuna á lofti til að fela hvernig honum er innan brjósts.

*Páll Einarsson*
*Psychotherapist MSc*



Göngutúrar, litlir matarskammtar, nægur svefn og samvera með öðru fólki eru meðal þess sem við þurfum að gera til að lifa heilbrigðu og hamingjusömu lífi. Hér má sjá félaga í Útivist slá tvær flugur í einu höggi og iðka bæði samveru og göngur í senn.

# Heilsa og hamingja

Öll viljum við vera heilbrigð, fá að eldast vel og njóta hamingju í okkar lífi. Það er þó ekki sjálfgefið að svo verði. Til að lifa hamingjuríku og góðu lífi þurfa allir að fylgja nokkrum meginatriðum í lifnaðarháttum sínum, hvort sem um er að ræða íbúa í Alaska, Alsír eða á Íslandi.

**1.** Hófsemi er lykillinn að góðri heilsu. Borðaðu rétt samsettar máltíðir, hreyfðu þig daglega og hafðu reglu á svefninum.

**2.** Ganga er mjög góð hreyfing. Reyndu að taka 45 mínútna gönguferðir daglega.

**3.** Sérfræðingar mæla með átta klukkustunda svefni á hverri nóttu. Svefnþörf getur verið mismunandi á milli einstaklinga en þó er öllum ráðlagt að fá a.m.k. 7 klst. svefn á nóttu. Svefninn veitir hvíld sem er nauðsynleg geðheilsunni því skortur á svefni getur m.a. leitt til einbeitingarskorts og svo verður styttri í þér þráðurinn.

**4.** Að hafa eitthvað fyrir stafni er mjög jákvætt en það stuðlar að því að fólk leiðist síður út í vonda siði. Það er einnig mikilvægt að stunda einhverja jákvæða iðju sem gerir sálarlífinu gott. Að hafa áhyggjur er mjög slæmt fyrir sálarlífið en vinnan göfgar bæði sál og líkama.

**6.** Stundaðu félagslíf af kappi en forðastu slúður og baktal. Svo lengi sem þú sleppir allri neikvæðni hefur þú gott af samveru við annað fólk.

**7.** Mundu að það er ekkert sem er þess virði að fórna heilsu og hamingju fyrir, svo forðastu það sem gæti valdið þér hugarangri og leiðindum.

**Niðurstaða:**
* 45 mínútna labbitúrar á dag
* Vendu þig á hollan mat og borðaðu í hófi
* Sofðu í átta tíma hverja nótt
* Hafðu eitthvað fyrir stafni
* Vertu félagslynd/ur
* Hættu að hafa áhyggjur
* Forðastu baktal og neikvæðni í garð annara
* Forðastu allt sem gæti ógnað lífshamingju þinni og heilsu

**mhg@frettabladid.is**

# Landsþjónusta matarfíkla er ekki megrunarklúbbur

***Landsþjónusta matarfíkla heldur ráðstefnu helgina 17. til 18. nóvember.***

OA-samtökin eða Hömlulausar ofætur (Overeaters anonymous) eru samtök nafnlausra matarfíkla sem voru stofnuð í Bandaríkjunum í janúar árið 1960 og á Íslandi í febrúar 1982. Matarfíkn getur verið stórt vandamál í lífi fólks. OA-samtökin bjóða lausn sem byggist á 12 spora kerfi AA-samtakanna.

OA-félagar eru karlar og konur á öllum aldri um allan heim sem eiga sér þá ósk að halda sér frá matarfíkn og vilja bera boðskap samtakanna um bata áfram til þeirra sem enn þjást.

OA er ekki megrunarklúbbur og setur engin skilyrði um þyngdartap. Algjör trúnaður er á fundum, það kostar ekkert að fara á fundi og allir eru velkomnir. Á heimasíðu samtakanna kemur fram að þau tengjast engum öðrum félagsskap, pólitískum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum og taka ekki afstöðu til málefna annarra en sinna eigin. Meginmarkmið er að halda sig frá matarfíkn og bera boðskap samtakanna til þeirra sem enn þjást.

Landsþjónusta OA-samtökanna stendur fyrir ráðstefnu helgina 17. og 18. nóvember sem verður haldin í skátaheimilinu Vífilsfelli að Bæjarbraut 7 í Garðabæ kl. 20–22. Þangað kemur reyndur OA-félagi frá Bretlandi og miðlar af reynslu sinni. Ráðstefnan er opin öllum matarfíklum, jafnt virkum OA-félögum sem nýliðum. Föstudagskvöldið er einnig opið fyrir aðstandendur matarfíkla og aðra sem vilja kynna sér samtökin. Nánari upplýsingar um samtökin og ráð.. stefnuna er að finna á heimasíðu samtakanna www.oa.is *- rh*



Landsþjónusta OA er með ráðstefnu helgina 17.–18. nóvember í Garðabæ.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



















Steinunn Inga leggur áherslu á að við þurfum að temja okkur þau lífsgildi að sætta okkur við það sem er nógu gott. Að velja og vera ánægð með okkar val. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Miklir valmöguleikar geta leitt til óhamingju

***Hraði samfélagsins er efni málþings sem Náttúrulækningafélag Íslands efnir til í Laugarneskirkju í kvöld. Steinunn Inga Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá Starfsleikni, er ein af frummælendum.***

Sátt á öllum sviðum er yfirskrift fyrirlestrar Steinunnar. Í honum kveðst hún ætla að höfða til viðhorfa fólks og viðmiða og útskýrir það nánar. ¿Við viljum taka þátt í öllu því sem lífið hefur upp á að bjóða og ná hámarksárangri á öllum sviðum. En ef væntingarnar verða of miklar þá erum við fyrirfram dæmd til að verða fyrir vonbrigðum á einhverjum sviðum.¿

Hún kveðst ekki ætla að boða að fátækt og basl auki hamingju en samt ætla að velta því upp hvort valmöguleikar velmegunarinnar valdi okkur streitu. ¿Við erum svo frjáls og höfum úr svo mörgum kostum að velja í lífinu en allir þessir valmöguleikar geta leitt til óhamingju.

Við ætlum að útskrifast úr flottasta skólanum, vera í flottasta starfinu, vera með flottasta heimilið og eiga jafnvel flottustu börnin. Svona miklar væntingar eru gríðarlegir streituvaldar sem geta endað með vandamálum og sorg. Því verðum við að staldra við þegar við erum komin fram yfir það sem er nóg. Hamingjan er nefnilega innra hugarástand.¿

Steinunn dregur samt ekki úr því að fólk eigi að vera metnaðarfullt og stefna að hámarksárangri í því sem skiptir það mestu máli. En hvað er það að hennar mati? ¿Að hlúa að fjölskyldunni virðist vera það sem veitir fólki mesta hamingju þegar upp er staðið og heilsan er öllum dýrmæt. Starfið er líka flestum mjög mikils virði og það er þýðingarmikið að njóta þess. Ekki bara að vinna til að eiga fyrir salti í grautinn heldur af þeirri sannfæringu að verið sé að gera gagn í víðara samhengi. En við megum ekki gleyma okkur í vinnunni því þá bitnar það á hinum sviðunum, heilsunni og samskiptunum. Þarna þarf því að finna jafnvægi á milli og hafa raunhæfar væntingar.2

Steinunn er lærð í viðskiptasálfræði og álags-og streitufræði og fer í fyrirtæki með fyrirlestra og námskeið. ¿Allt sem ég geri leiðir að því að minnka streitulag,¿ útskýrir hún. En hvernig tekst henni sjálfri að samræma starf og heimilishald? Nú hlær hún. ¿Mér finnst ofboðslega gaman í vinnunni en mig langar líka að vera með dótturinni og hugsa vel um heimilið. Þegar ég vinn of mikið þá verður ekki sátt heima fyrir og það veldur streitu. Sátt á öllum sviðum er það sem þarf. Það finn ég vel á eigin skinni.¿

Málþingið í Laugarneskirkju hefst klukkan 20 í kvöld. Fundarstjóri er sr. Bjarni Karlsson.



Sátt á öllum sviðum er yfirskrift fyrirlestrar sem Steinunn Inga heldur í Laugarneskirkju í kvöld






Fyrirmynd barnalúgunnar er sótt til Þýskalands.

# Börnum skilað í lúgu

***Japanskt sjúkrahús útbýr barnalúgu sem tekur á móti börnum til ættleiðingar.***

Yfirvöld á sjúkrahúsi í Japan undirbúa nú opnun barnalúgu þar sem mæður geta skilað inn nýfæddum börnum sem þær vilja ekki eiga sjálfar. Börnin verða síðan gefin til ættleiðingar.

Barnalúgan við Jikei-sjúkrahúsið í suðurhluta Japan verður lítill gluggi á ytri vegg sjúkrahússins. Fyrir innan gluggann verður hitakassi þar sem hægt er að leggja barnið svo það ofkælist ekki. Þegar barninu hefur verið komið fyrir hringir viðvörunarbjalla til að gera starfsfólki viðvart. Fyrirmyndin að lúgunni er sótt til Þýskalands.

Forstjóri sjúkrahússins sagði fjölmiðlum að hann vonaðist til að tilkoma lúgunnar yrði til að minnka fjölda fóstureyðinga. Fóstureyðingar eru algengar í Japan, meðan ættleiðingar eru frekar sjaldgæfar. „Með tilkomu lúgunnar björgum við bæði börnum og foreldrum. Kannski eru einhverjir efins en við getum ekki látið eins og við sjáum ekki börnin og látið þau deyja. Börn eru saklaus,“ sagði forstjórinn við japanska fjölmiðla.

Mögulegt er að lúgan verði komin í gagnið við lok ársins er samþykki fæst fyrir henni meðal almennings.

## blóð }

### Blóðgjöf er lífgjöf

Blóðbankinn á horni Barónstígs og Eiríksgötu er eina sérhæfða stofnunin á sínu sviði í landinu. Helstu og mikilvægustu viðskiptavinir Blóðbankans er almenningur – blóðgjafarnir sjálfir.

Til að anna eftirspurn samfélagsins á blóði þarf milli 15 og 16 þúsund blóðgjafir á ári. Blóðbankinn leggur mikla áherslu á að fjölga í blóðgjafahópnum. Allir frískir einstaklingar á aldrinum 18 til 60 ára, sem ekki hafa gefið blóð eða hætt því af einhverjum orsökum, eru markhópur Blóðbankans. Ungt fólk sem orðið er 18 ára eru þó sértakur markhópur Blóðbankans en á þeim aldri má gefa blóð í fyrsta sinn.



Þegar blóðgjafi kemur í fyrsta sinn er ekki tekið blóð í poka, heldur eru tekin sýni til rannsókna, blóðgjafinn er fræddur um blóðgjafir og heilsufarssaga hans skráð. Honum er síðan boðið að koma í blóðgjöf tveimur vikum síðar. Þegar blóðgjafi kemur og gefur blóð í poka er það kallað að gefa eina einingu blóðs en hún er 450 ml. Við blóðtöku starfa hjúkrunarfræðingar. Í Blóðbankanum er boðið upp á að gefa blóðflögur eingöngu. Þá gefur blóðgjafinn einn hluta af blóði sínu (blóðflögurnar) og fær hina blóðhlutana til baka. Slík blóðgjöf er kölluð blóðskilun. www.blodbankinn.is

# Margir þjást af klósettfælni

***Samtök breskra fælnisjúklinga telja að minnst fjórar milljónir Breta þjáist af svokallaðri klósettfælni.***

Þeir sem þjást af þessari gerð fælni eiga yfirleitt erfitt með að nota almenningssalerni, í mismiklum mæli þó, en ástæðurnar fyrir henni eru ýmsar.

Viðkomandi aðili getur þannig verið hræddur við að smitast af einhverju á salerninu, haldinn innilokunarkennd eða átt erfitt með þvag- eða saurlát í návist annarra.

Hverjar svo sem ástæðurnar kunna að vera getur fælnin í verstu tilfellum haft alvarlega hamlandi áhrif á líf þess sem hún hrjáir. Dæmi eru þess að fólk treysti sér ekki út fyrir dyr eigin heimilis eða ráði sig ekki í vinnu af ótta við að þurfa að nota almenningssalerni. Sumir neita jafnvel að veita læknum þvagsýni, sem getur aftur valdið því heilsutjóni.

Margir eiga erfitt með að viðurkenna að þeir séu haldnir klósettfælni, ekki síst vegna þess hversu mikið feimnismál klósettferðir þykja í vestrænum samfélögum.

Samtök breskra fælnissjúklinga hafa nú hrundið af stað herferð með það fyrir augum að draga vandamálið fram í dagsljósið og kynna þau úrræði sem eru boði fyrir þá sem eiga við það að stríða.



Tilhugsunin um að fara á almenningssalerni vex sumum svo í augum að þeir fá kvíðakvast við tilhugsunina eina saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eru viðtalsmeðferðir og dáleiðslutalin hafa gefið besta raun við að vinna bug á vandanum og stefnt er á útgáfu á DVD-diski og bók þar sem fjallað verður um málið.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk. *-rve*

## á meðgöngu }

### Réttu bætiefnin ómissandi

Á þessum tíma eru réttu bætiefnin nauðsynleg. Fáðu þér kraftmikið fjölvítamín með steinefnum og miklu af A, B6, B12, C vítamíni og fólínsýru. Fjölefnatöflu með miklu kalki. Fólínsýra er mikilvæg fyrir fóstur - 800mv, þrisvar á dag.

Sömu bætiefni ætti að nota þegar kona er með barn á brjósti. Til viðbótar má taka skammt af A, B6, B12 og C-vítamíni.















# Breyting á skipulagi mæðraverndar

***Heilbrigðar þungaðar konur sæki mæðravernd til heilsugæslustöðva.***

Framundan er breyting á skipulagi mæðraverndar á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að heilbrigðar þungaðar konur sæki mæðravernd til nærliggjandi heilsugæslustöðva en konur sem skilgreindar hafa verið með áhættuþætti sækja mæðravernd til Landspítala - háskólasjúkrahúss þar sem sérhæft eftirlit fæðingarlækna og ljósmæðra fer fram. Þetta kemur fram á vef LSH á www.lsh.is

Á síðustu árum hefur hlutverk annars vegar heilsugæslunnar og hins vegar LSH við mæðravernd verið að skýrast. Heilbrigðar konur hafa í auknum mæli sótt þjónustu til heilsugæslunnar en konur sem eru í áhættu á meðgöngu hafa leitað til Miðstöðvar mæðraverndar og á LSH. Framvegis er gert ráð fyrir því að heilbrigðar konur fái þjónustu hjá ljósmóður og lækni á heilsugæslustöð þar sem lögð er áhersla á samfellda þjónustu. Starfið á heilsugæslustöðvunum verður eflt enn frekar og mun njóta öflugs stuðnings Miðstöðvar mæðraverndar.

Hlutverk Miðstöðvar mæðraverndar verður að styðja við mæðravernd á heilsugæslustöðvunum á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu með áherslu á ráðgjöf, fræðslu og faglegan stuðning við starfsfólk heilsugæslustöðva. Hún verður vettvangur þróunar og rannsókna og tengiliður við LSH.

Ákveðinn hópur kvenna þarf hins vegar á sérhæfðu eftirliti á meðgöngu að halda og verður því sinnt á kvennasviði LSH. Sérstök móttaka verður starfrækt við spítalann fyrir konur í áhættu.

Þessar breytingar taka gildi 24. nóvember og vonast er til að sem minnst röskun verði á þjónustu við þungaðar konur.


Hlutverk heilsugæslunnar og LSH í mæðravernd er að skýrast.


Við Langjökul má sjá skýr ummerki um áhrif loftslagsbreytinga á jökulinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tíminn líður hratt

Fræðsluerindi Hrafnaþings Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands, flytur erindi miðvikudaginn 15. nóvember klukkan 12.15 í Möguleikhúsinu við Hlemm. Yfirskrift þess er: Líður tíminn hraðar eftir því sem við eldumst vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum?

Tómas ræðir þar loftslagsbreytingar, áhrif þeirra á umhverfi okkar og hvers kann að vera að vænta hér á landi á næstu áratugum og öld.

Loftslagsbreytingar sökum vaxandi gróðurhúsaáhrifa í andrúmsloftinu eru oft nefndar sem skýring á ýmsum breytingum sem menn verða varir við í umhverfinu. Þar má nefna:

Hitabylgjur, eins og til dæmis í Evrópu sumarið 2003 sem taldar eru hafa kostað 35.000 manns lífið.

Breytingar í vatnafari, sem gætt hefur hér á landi allmörg undanfarin ár.

Hörfandi jökla, víðast hvar í heiminum.

Breytingar í fari fugla og útbreiðslu gróðurtegunda.

Óveður, sem oft er fullyrt að séu að verða tíðari.

Vaxandi tjón af völdum veðurs og breytinga í veðurfari.

Í erindinu verða þessar breytingar ræddar og gefið yfirlit um hvers kann að vera að vænta hér á landi á næstu áratugum og öld. Fræðsluerindi Náttúrufræðistofnunar eru opin öllum. Nánari umfjöllun um erindi Tómasar er á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.ni.is




# Læknar notast við leitarvélina Google

***Google gagnast læknum við sjúkdómsgreiningar.***

Ástralskt læknateymi notaði leitarvélina til að fletta upp sjúkdómseinkennum 26 erfiðra tilfella, vegna rannsóknar sem framkvæmd var á vegum Læknarits Nýja Englands.

Í 15 tilfellum af 26 skilaði leitarvélin réttri sjúkdómsgreiningu og telja aðstandendur rannsóknarinnar hana sýna að Google leitarvélin sé læknum því góður liðsauki.

Google er nú vinsælasta leitarvélin á netinu, með aðgengi að meira en þremur billjónum heilsutengdum greinum, enda er netið mestmegnis notað til að fræðast um þann málaflokk. Það er því




ekki óeðlilegt að læknar skuli afla sér upplýsinga á netinu þegar þeirra eigin þekking þrýtur.

Heilbrigðisyfirvöld vilja þó ítreka að jafnvel þótt læknum sé mikill fengur að leitarvélum á borð við Google muni þær aldrei koma til með að leysa þá af hólmi. Þeirra verði ætíð þörf þar sem sérkunnátta sé nauðsynleg til að lesa rétt úr gögnunum sem aflað er á netinu.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk *-rve*





Ódýr og einföld bólusetning myndi gera kraftaverk í mörgum löndum FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bólusett gegn HIV

***Vísindamenn hafa prófað tvö ný bólusetningarlyf gegn HIV með góðum árangri.***

Lyfin eru tvenns konar og byggja á mismunandi þáttum. Annað nýtir DNA sem mótefnisvaka ean hitt notar adenóvírusa til að vekja viðbrögð hjá ónæmiskerfinu.

Bæði lyfin gáfu góða raun en þau efldu ónæmissvörun líkamans gegn HIV-veirum til muna. Vonir standa til að hægt verði að nota lyfin saman og fá þannig fram hámarksáhrif. *-tg*

# Skemmtifræðsla um forvarnir



***Ýmsar leiðir eru farnar til að fræða ungt fólk skaðsemi fíkniefna. Nú hefur Lýðheilsustöð í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið farið nýstárlega leið með skemmtifræðslunni hvað EF í Hafnarfjarðarleikhúsinu.***

Lýðheilsustöð býður foreldrum og nemendum í 9. og 10. bekk að sjá skemmtifræðsluna hvað EF í Hafnarfjarðarleikhúsinu dagana 13., 14. og 15. nóvember. Þar er á nýstárlegan hátt notast við leik, söng, ljóð og tónlist til að fræða um staðreyndir fíkniefna.

Markmiðið er að sýna unglingunum að þeir hafa val og hvernig margar saklausar ákvarðanir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það að reykja eina hasspípu eða segja já við einni lítilli E-pillu getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, jafnvel valdið ótímabærum dauða. Ungt fólk fær oft sína fyrstu fræðslu um fíkniefni frá neytendum eða sölumönnum sem fyrst og fremst þurfa fleiri viðskiptavini oft til að fjármagna eigin neyslu. Foreldrar eru hvattir til að fara með unglingnum sínum á sýninguna og taka þannig virkan þátt í forvörnum. Það er 540 Gólf leikhús og SÁÁ, í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið, sem standa fyrir hvað EF skemmtifræðslunni.Höfundar texta, ljóða og tónlistar eru þeir Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Valgeir Skagfjörð, rithöfundur og tónlistarmaður og leikhópurinn sem í eru Felix Bergsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Brynja Valdís Gísladóttir og Orri Huginn Ágústsson. Foreldrar sem óska eftir að fá miða á sýninguna skrái þátttöku hjá Heimili og skóla. Miðana þarf að sækja í miðasölu Hafnarfjarðarleikhússins fyrir sýningu og þarf þá að gefa upp nafn. www.lydheilsustod.is *-rh*

# Blindir binda vonir við breskar mýs

***Breskir vísindamenn hafa nú náð að gefa blindum mýs sjón á ný, að því er kemur fram í breska dagblaðinu The Guardian.***



Læknar á Moorfields Eye Hospital og the Institute of Child Health í Englandi tókst að græða ljósnæmar frumur í nethimnu í augum músanna sem varð til þess að þær öðluðust sjón. Aðgerðin gefur mörgum blindum nýja von. Um 15 prósent einstaklinga yfir 75 ára aldri verða fyrir aldurstengdri blindu og er talið að þessi aðferð gæti bætt þess konar blindu. Andrew Dick, læknaprófessor við Háskólann í Bristol, segir að það sé ekki komin töfralausn við blindu en segir jafnframt aðgerðina það einstaka að full ástæða sé til að reikna með að hægt verði að gefa einhverjum blindum sjón á ný með svona ígræðslu þegar fram líða stundir.

# Gervimagi

***Breskir vísindamenn hafa búið til gervimeltingarveg sem nota á til rannsókna á áhrifum ýmissa matartegunda á meltinguna.***



Vélin er mun fullkomnari en fyrirrennarar hennar.

Tækið er hannað þannig að það líkir eftir bæði hreyfingum meltingarvegsins og öllum þeim efnahvörfum sem þar fara fram. Tækið er úr sýruþolnum plastefnum og málmum sem gerir meltingarsýrum kleyft að vinna óáreittar og án þess að skemma tækið.

Gervimeltingarvegurinn er á við hálfan meltingarveg eðlilegrar manneskju. Í hann er hægt að láta skammt sem samsvarar hamborgara og frönskum og ef hann fær of mikið þá er hann gerður þannig að hann ælir matnum upp aftur.

Tækið er í eigu bresku fæðurannsóknastofnunarinnar en það hefur þegar kallað á athygli einkaaðila. Þeir vilja aðgang að tækinu til að prófa afurðir sínar og sjá hversu hollar, eða óhollar, þær eru. *-tg*






## BRETTASTELPA

*Hrönn Kristjánsdóttir gefur strákunum ekkert eftir.*

SJÁ BLS. 2




## PURE VISION

*Augnlinsur fyrir skíðamenn*

SJÁ BLS. 11

[ SÉRBLAÐ UM ÚTIVIST OG HREYFINGU – ÞRIÐJUDAGUR 14. NÓVEMBER 2006 ]

# Vetrarlíf



## EFNISYFIRLIT




VAXANDI VINSÆLDIR KRULLU
*Ný vetraríþrótt fyrir alla*
BLS. 2





NÓG AF SNJÓ
*Skíðaferðir erlendis* BLS. 4

VAL Á SKÍÐAÚTBÚNAÐI
*Réttur búnaður mikilvægur*
BLS. 6





SVALT Á SVÖLUM VETRI
*Töff vetrarjakkar* BLS. 8

GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR
*Útivistarræktin dafnar vel*
BLS. 8

STÓRBROTIN MANNVIRKI
*Snjóhús fyrir unga sem aldna* BLS. 10



SELTIN
SALT • KRYDDSALT • JURTASALT

- Seltin er hollara en venjulegt salt
- Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
- Seltin bragðast eins og venjulegt salt
- Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
- Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði
- Seltin þegar þú vilt minna salt en sama bragð
- Seltin fæst bæði fínt og gróft
- Seltin í alla matargerð í stað venjulegs salts






Krulla hefur verið fullgild Ólympíugrein síðan í Nagano árið 1998 og er íþróttin með því vinsælasta þegar kemur að sjónvarpsáhorfi.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Kraftmiklir krullarar keppa á heimsmeistaramótum

Krulla eða „curling“ er íþrótt sem á sér langa sögu en ekki er liðinn nema áratugur síðan hún ruddi sér til rúms hér á landi. Vinsældir íþróttarinnar hafa hins vegar vaxið og voru Íslendingar þátttakendur á HM-öldunga síðastliðin tvö ár.

„Krulla er einstaklega skemmtileg íþrótt. Í henni felst lúmskt góð líkamsrækt en svo þurfa keppendur að búa yfir klókindum til að ná árangri. Það er einmitt þessi strategía sem gerir krulluna svo frábæra,“ segir Gísli Jón Kristinsson, formaður curling-nefndar ÍSÍ og upphafsmaður íþróttarinnar hér á landi. Það var fyrir rúmum áratug sem Gísli kom á fót krulludeild innan Skautafélags Akureyrar og hófust þá fyrst markvissar æfingar í íþróttinni hér á landi. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, eins og Gísli segir sjálfur frá, og eru iðkendur á landinu í dag farnir að skipta tugum, ef ekki hundruðum.

„Það var ekki fyrr en skautahöllin á Akureyri reis um aldamótin sem kraftur komst í starfið en í dag eru þrjár krulludeildir starfræktar, innan SA, SR og Bjarnarins. Íslandsmót hafa verið haldið síðan 2002 og síðustu tvö ár höfum við verið með lið á heimsmeistaramóti öldunga. Áhuginn á krullu verður sífellt meiri,“ segir Gísli, sem sjálfur er formaður krulludeildar SA, en fyrir norðan hefur íþróttin einmitt náð mestum vinsældum.

„Við erum með æfingar tvisvar í viku og eru allt að 50 manns á ísnum á þessum æfingum. Aðstaðan er sífellt að batna og aðgangur að góðum búnaði verður æ betri,“ segir Gísli og bætir því við að krulla henti fólki á öllum aldri, körlum sem konum.

## Um Krullu:

**Hvað er krulla?**
Krulla er íþrótt sem leikin er á sléttum ís. Leikurinn felst í því að 20 kílóa granítsteini er rennt eftir endilangri braut þannig hann endi sem næst miðju í svokallaðri höfn eða húsi á hinum enda brautarinnar.

**Hvaða útbúnað þarf í krullu?**
Leikmenn eru í sérstökum skóm sem eru sleipir. Notaðir eru sérstakir kústar, bæði til að sópa svellið og hita það og líka til stuðnings þegar steini er rennt. Hins vegar er vel hægt að spila krullu í venjulegum íþróttaskóm sem eru sleipir á svelli.

**Hvernig fer leikur í krullu fram?**
Tvö lið með fjórum leikmönnum í hvoru liði eigast við í hverjum leik. Liðsstjóri stendur í höfn og gefur kastaranum merki um hvar hann vilji að steinninn hafni. Þegar steininum er rennt er hann látinn snúast í þá átt sem liðsstjóri skipar fyrir og snýst steinninn á meðan hann rennur yfir leikvöllinn. Í hvert sinn sem leikmaður rennir steini eru tveir liðsfélagar hans tilbúnir með sérstaka kústa sem geta stýrt stefnu og hraða steinsins.

**Hvernig eru stigin talin?**
Hvort lið hefur átta steina og hver leikmaður rennir tveimur steinum í hverri umferð. Í leikjum á Íslandi er venjan að hver leikur sé sex umferðir eða þá að leikið er í tiltekinn tíma. Stig eru talin eftir hverja lotu og það lið sem hefur fleiri stig samanlagt sigrar í leiknum. Í hverri umferð skorar aðeins það lið sem á stein næstan miðju þegar umferðinni lýkur og fjöldi stiga ræðst af því hve marga steina liðið á nær miðju hringsins en næsti steinn andstæðingsins.

**Fyrir hverja er krulla?**
Krulla er íþrótt við allra hæfi, ungra sem aldinna, karla sem kvenna. Engrar sérstakrar líkamsþjálfunar er þörf, því þó steinarnir vegi 20 kg er íþróttin flestum auðveld. Það eru fáar íþróttagreinar sem jafn breiður aldurshópur getur stundað. Unglingar jafnt sem 70 ára karlar og konur geta stundað þessa íþrótt.

- vig



Hér sjást íslensku keppendurnir sem tóku þátt í heimsmeistaramóti 50 ára og eldri sem fram fór í Skotlandi árið 2005. Frá vinstri: Hallgrímur Valsson, Gísli Kristinsson, Sigurgeir Haraldsson, Jón Hansen þjálfari, Júlíus Fossberg Arason og Ágúst Hilmarsson.

## Gátlisti fyrir skíðaferðina

Þegar farið er í skíðaferð, óháð stað og stund, eru nokkrir hlutir sem er einfaldlega ekki hægt að vera án.

**Skíði og tilheyrandi**
Skíði og bindingar / Skíðastafir / Skíðaskór / Skíða- og skópoki / Skíðaáburður

**Skíðafatnaður**
Skíðagalli / Skíðagleraugu / Sólgleraugu / Ullarsokkar / Ullarbolur / Föðurland / Þykk ullarpeysa eða góð flíspeysa / Flísbuxur / Húfa eða ennisband / Lúffur eða hanskar / Trefill eða band fyrir vitin / Regngalli / Íþróttasokkar / Nærbuxur til skiptanna

**Í snyrtitöskuna**
Sólarvörn / Varasalvi / Aftersun / Hitakrem / Sjampó / Sápa / Svitalyktareyðir / Dömubindi / Rakakrem

**Ýmislegt annað**
Peningar / Sundbolur eða -skýla / Úlpa / Gönguskór / Myndavél / Sjúkrakassi / Snjóflóðavæla / Föt til skiptanna






Hrönn Kristjánsdóttir hefur ekki stundað snjóbretti í langan tíma en hefur þó lent í ýmsum ævintýrum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# „Skemmtilegasta sem ég geri“

Hrönn Kristjánsdóttir hóf að renna sér á snjóbretti fyrir nokkrum árum þegar hún var orðin leið á skíðunum. Hún segist ánægð með hversu miklu stúlkur renni sér nú á snjóbretti.

Hrönn byrjaði nánast að æfa á skíðum um leið og hún byrjaði að labba, eins og hún segir sjálf frá, og það hjálpaði til þegar hún hætti á skíðunum og fór yfir á snjóbrettið. „Ég var óhræddari við hraðann. Þetta er alveg ný tækni en í raun og veru tekur mun styttri tíma að læra á snjóbretti en skíði.“ Hrönn fer oftast í Bláfjöll til þess að stunda íþrótt sína en skemmtilegast finnst henni þó að komast upp í Skálafell. „Því miður er svo sjaldan snjór þar,“ útskýrir Hrönn og bætir við að auðvitað sé best að komast í stærri brekkur erlendis. Hrönn dvaldi til dæmis í Austurríki í langan tíma og þar hafði hún nægan tíma til þess að leika sér í fallega hvítum púðursnjó. Þar í landi endaði hún einnig í öðru sæti á snjóbrettamóti sem hún tók þátt í.

Þegar Hrönn byrjaði að renna sér á snjóbretti segist hún hafa verið mun djarfari heldur en hún er í dag. „Manni fer að finnast annað vera skemmtilegra [en brellur]. Ég held að ég hafi líka verið búin að fá nóg af því að meiða mig,“ segir Hrönn og hlær en hún hefur meðal annars farið úr axlarlið og rófubeinsbrotnað. „Þetta er samt það skemmtilegasta sem ég geri. Í framtíðinni er draumurinn að fá að fara með þyrlu upp á einhvern fjallstopp, til dæmis í Kanada.“

Hrönn segist afar ánægð yfir því að stelpur verða alltaf meira og meira áberandi á snjóbrettum í brekkunum. „Það er svo góður félagsskapur í kringum þetta, alltaf nóg að gera og fullt í gangi.“ Snjóbrettastelpurnar eru orðnar svo margar að þær hafa sitt eigið vefsvæði á íslensku snjóbrettaheimasíðunni www.bigjump.is þar sem kynnast má margvíslegum ævintýrum stelpnanna. Hrönn hvetur allar stelpur sem hafa áhuga á því að renna sér á snjóbretti að láta verða af því.

*steinthor@frettabladid.is*


DÚNALOGN
Gerð: Cintamani Eygló CM-712
Litir: Beinhvítur, svartur, mosagrænn og rauður
Einangrun: 95% dúnn, 5% fiður
Fóður: Polyester
Ytra byrði: Polyester
Loðkragi: Ekta skinn
Þyngd: 780 gr.
Verð: Kemur á óvart
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG
www.cintamani.is

# Skammdegisvarnir




*Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.*

NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum matvöruveslana.

heilsa –hafðu það gott




Í Ölpunum er hægt að gista á fallegum skíðahótelum sem vissulega ýta undir sannkallaða vetrarupplifun..

# Engar áhyggjur af snjóleysi

Íslendingar sækjast í auknum mæli eftir því að komast á skíði í Ölpunum.

Helstu ferðaskrifstofur landsins bjóða upp á mikið úrval skíðaferða, sem njóta sífellt aukinna vinsælda á meðal Íslendinga, ekki síst vegna hækkandi hitastigs og vaxandi snjóleysis hérlendis. Að sögn Guðrúnar Sigurgeirsdóttur, framleiðslustjóra hjá Úrval-Útsýn, er nú svo komið að fólk er jafnvel hætt að stunda skíði á Íslandi. Fólk fer heldur í eina almennilega skíðaferð erlendis á ári og algengt er að ferðalangar dvelji þar í um vikutíma.

„Um eða yfir 3.000 Íslendingar fara í svona skíðaferðir á hverju ári og þessi tala fer hækkandi með hverju árinu,“ segir Guðrún. Skíðaferðirnar eru vinsælastar frá janúar og fram í lok mars. Sem dæmi nefnir Guðrún að nú þegar sé að verða uppselt í flestar ferðir hjá Úrval-Útsýn á háannatíma næsta árs. „Við fljúgum vikulega með leiguflugi til Ítalíu og nánast allar vélar í janúar og febrúar eru troðfullar.“

Aðspurð um ástæðuna fyrir þessum vinsældum segir Guðrún að þegar fólk hefur einu sinni farið í slíkar ferðir fari það oftast aftur. „Og ef fólk platar vini sína með í eitt skipti þá munu þeir líka fara aftur. Því er ekkert skrítið að eftirspurnin skuli vera svona mikil,“ útskýrir Guðrún en bætir við að auk þess séu aðstæður á skíðasvæðum erlendis eins og best verður á kosið.



Náttúrufegurðin í Ölpunum engu lík. Þar leynast bæði klassísk og gamaldags skíðahótel en einnig nútímalegri hótel með fyrsta flokks dekurþjónustu.

„Brekkurnar eru náttúrulega mjög langar og góðar og þá er lyftukosturinn frábær. Veðrið er yfirleitt gott og ekki þarf að hafa neinar áhyggjur af snjóleysi. Það er alltaf snjór,“ segir Guðrún. Á síðustu árum hafa skíðaferðirnar hins vegar þróast út í að vera svolitlar dekurferðir.

„Nú fara flestir á hótel með hálfu fæði þar sem aðstaða til heilsuræktar er til staðar og á svæði þar sem hægt er að finna fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.“


# Jeppadekkin frá




**Ford dekkin 33x13,5R18**

**Tilboðsverð 24,900,-**

# Fjallasport
**4x4 specialist**

**Viðarhöfða 6 - Sími 577 4444**



**Slökktu á vetrinum með fjarstýringu.**
**Hitaðu bílinn áður en þú setur hann í gang!**

Webasto bílahitarar




- Aldrei kalt í bílnum
- Alltaf hreinar rúður
- Meira öryggi
- Umhverfisvænt
- Auðvelt og þægilegt

**Bíldshöfða 16 | Sími 567 2330**

**Bílasmiðurinn hf**

# KETCH

## *Sænskir kuldagallar fyrir börn*

**Stærðir:**
98sm - 146sm



SPORTÍS
Heildverslun

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:**
**Útilíf** - Smáralind, Kringlan, Glæsibær | **FÍFA** - Bíldshöfða

**LANDSBYGGÐIN:**
**Sportbúð Óskars** - Reykjanesbæ | **Verslun S.Ú.N.** - Neskaupsstað | **Skóbúð Húsavíkur** - Húsavík

# Vanda skal valið á skíðum og útbúnaði

Ekki er auðvelt verk að kaupa skíði í fyrsta sinn. Að mörgu er að hyggja, bæði hvað varðar skíðin sjálf og skíðaskóna og annan búnað. Fólki er ráðlagt að fá aðstoð við valið frá fagfólki skíðaverslana á landinu enda nauðsynlegt að skíðabúnaðurinn henti þeim sem ætlar að nota hann.

„Það fyrsta sem þarf að hafa í huga er hver getan er hjá viðkomandi og hvernig stíl hann hefur. Skíðar hann hratt eða hægt, er hann meira í stuttum eða löngum beygjum og svo framvegis. Miklu máli skiptir að fólk geri sér grein fyrir þessum atriðum þegar það kaupir skíði," segir Helgi Benediktsson, deildarstjóri hjá Útilífi í Glæsibæ.

Í dag eru hin svokölluðu „carving"-skíði langvinsælust hjá þeim sem stunda skíðaíþróttina í frístundum en mun auðveldara er að stjórna þeim heldur en „flötu" skíðunum sem áður einokuðu markaðinn.

Helgi segir að fyrir utan getu notandans þarf einnig að taka tillit til hæðar hans og þyngdar. Mælt er með því að skíðamaðurinn velji sér skíði sem eru 10 til 15 sentimetrum styttri en hann sjálfur. „Segja má að karlalengdin sem við miðum við sé um 170 sentimetrar en hjá konum er miðað við 155 sentimetra. Síðan er þetta að sjálfsögðu breytilegt í báðar áttir eftir því hversu hár og þungur skíðamaðurinn er."



Þegar leika á listir sínar í skíðabrekkunum er betra að vera á góðum skíðum sem henta getu skíðamannsins.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Helgi segir að valið á skíðaskóm þurfi ekki síður að vera vandað. „Skíðin endast oftast nokkuð lengi en skíðaskóna og bindingarnar þarf að endurnýja með reglulegu millibili. Eins og með skíðin þá fer það eftir einstaklingnum hvaða skór henta og að mörgu að hyggja. Við leggjum mikið upp úr því þeir séu þægilegir og gefi vel eftir, sérstaklega fyrir þá sem eru óvanir. Skórnir eru mjög mismunandi í laginu og útliti og mjög mismunandi er hvað hentar hverjum og einum. Þess vegna mælum við fótinn á viðskiptavininum og förum vel yfir öll atriði sem kunna að skipta máli," segir Helgi og bætir við að þessi nauðsynlegi útbúnaður, skíðin, skórnir og bindingarnar, sé langmest seldur í settum en ekki í stökum einingum.

Kyn iðkenda skiptir að sjálfsögðu miklu máli þegar kemur að því að velja skíði þar sem nú er hægt að fá skíði sem eru sérstaklega hönnuð fyrir konur og þeirra líkamsbyggingu. „Kvennaskíðin eru mýkri og léttari en fyrst og fremst eru þau náttúrulega öðruvísi útlits," segir Helgi og bætir við að konurnar séu gjarnar á að kaupa skíði með bleikum áherslum en karlarnir vilji helst ekki sjá þann lit. *- vig*




Starfsmenn Útilífs í Glæsibæ geta gefið fólki góð ráð þegar kemur að því að kaupa skíði, enda að mörgu að huga að sögn Helga Benediktssonar, deildarstjóra hjá versluninni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Hin einstaklega braggóða miso-súpa eins og hún kemur frá Ósushi í Iðuhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kraftmikil og holl

Miso-súpa er tilvalin á hitabrúsann á köldum degi.

Þó að veturinn geti verið bæði kaldur og grimmur má alveg finna sjarmerandi hliðar þessa forna fjanda. Ilmsterk og kraftgóð súpa getur hlýjað á fallegum vetrardegi og ekki skemmir fyrir þegar súpan er allt í senn kraftmikil, góð og holl.

Miso-súpan hefur svo sannarlega allt þetta. Hún er fljótlöguð og auðveld í matreiðslu. Miso-súpa hefur verið einn af undirstöðuréttum Japana í margar aldar og fá Japanar sér iðulega eina skál af miso á degi hverjum. Aðalundirstaðan í súpunni, miso, er léttgerjaður og saltaður sojabaunamassi sem er ríkur af próteini, vítamínum og steinefnum.

Miso-súpan er því frábær til þess að fylla okkur af orku í skammdeginu sem nú verður dekkra og dimmara með hverjum deginum sem líður. Ekki spillir heldur fyrir að hún er einstaklega bragðgóð og erfitt er að fá leið á henni, sérstaklega þar sem hægt er að matreiða hana á svo margan hátt.

Hér kemur uppskrift að um einum lítra af miso-súpu frá Ósushi í Iðuhúsinu, tilvalin í hitabrúsann.

Lítra af vatni er hellt í pott, ásamt smábútum af kombu-þangi, og suðan látin koma upp. Þangið er þá fjarlægt og hitinn lækkaður. Þá er bætt út í um það bil þremur til fjórum matskeiðum af Bonito-krafti (túnfiskkraftur). Því næst er sjálfu misokreminu, um sex matskeiðum, bætt út í og þá verður að passa vel að vatnið sé undir suðumarki. Þessu er síðan hrært saman og seyðið er tilbúið.

Nú má bæta við, eftir smekk, grænmeti og öðru út í súpuna. Gott er sem dæmi að bæta út í vorlauk, tofu-bitum og wagame-þangi. Einnig er hægt að bæta við núðlum og kjúklingi eða einfaldlega hverju sem er. *-sha*

# Jól

á Óperu



## Jólahlaðborð

Úrvals hráefni, Árni Ísleifsson handleikur pianóið, óvæntar uppákomur og frábær þjónusta

**kr. 5.500.-**

Pantaðu borð í síma: 552 9499

Café Ópera

Lækjargötu 2 / 101 Reykjavík

# Svalt á svölum vetri

Herratískan í veturi er ekki svo frábrugðin því sem hún hefur verið undanfarna vetur. Bilið á milli sumar- og vetrartískunnar hér á landi er heldur ekki eins mikið og víða annars staðar og áherslurnar haldast því að mestu leyti. Tískulitirnir eru þó dekkri og flíkurnar efnismeiri.

steinthor@frettabladid.is



**Afajakki**
Afatískan viðkunnanlega hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að undanförnu og hún virðist heldur ekki vera í rénum. Köflótt munstur eins og á fóðrinu í jakkanum eru líka vinsæl núna. Þessi jakki fer öllum vel og passar því vel inn í vetrartískuna.
**Fæst í Elvis.**



**Háskólajakki**
Týpískir Kanaháskólajakkar virðast vera aftur komnir í tísku. Jakkarnir eru skemmtilegir í sniðinu og stroffið klikkar ekki. Margvíslegir litir setja líka sterkan svip á jakkana og að auki eru þeir margir hverjir í meðallagi hlýir. Passa því vel í styttri ferðir út í vetrarkuldann.
**Fæst í Gyllta kettinum.**



**Stroffjakkar**
Stroff hafa verið einstaklega áberandi að undanförnu á strákaflíkum og verður nú í vetur. Passa verður samt upp á að ofnota ekki slíka jakka auk þess sem þeir eru ekkert sérstaklega hlýir. Þeir eru hins vegar flottir og henta við hin ýmsu tækifæri.
**Fæst í TopShop.**



**Vindjakki**
Kannski ekki þessi klassíski vetrarjakki en kemur samt alltaf að góðum notum þegar enn ein lægðin af suðrænum slóðum skellur á okkur með örlitlum hita og hellidembu. Vindjakkann má nota utan yfir ullarpeysu eða einhverju öðru hlýju.
**Fæst í Spúútnik.**



**Hermannalitir**
Hermannalitir hafa komið sterkir inn á ný. Ekki má þó tapa sér í of skræpóttum litum heldur er best að halda sig í einlitu. Þessi jakki er hlýlegur að sjá án þess þó að virka þungur. Bæturnar á ermunum koma líka skemmtilega út og setja sterkan svip á jakkann.
**Fæst í Retro.**



**Hlý og þægileg**
Þessi úlpa frá Bernhard Wilhelm hentar vel íslenskum aðstæðum. Úlpan er með dúni og hettu og ætti því að hlýja köldum og veðurbitnum Íslendingum. Auk þess að halda á okkur hita er úlpan afar svöl sem er ekki verra. Liturinn er líka flottur og passar vel við tískuna í dag.
**Fæst í KronKron.**



**Gamli skólinn**
Létt og gamaldags dúnúlpa. Allt retró er í tísku núna og því þarf ekki að koma á óvart að framleiðendur á borð við Adidas og Nike leiti aftur til hveitibrauðsdaganna.
**Fæst í Deres.**

BRIDGESTONE

Af hverju að velja
nagladekk
þegar loftbóludekk
veita þér sama öryggi?



...og eru
- mun hljóðlátari
- mýkri og auka þannig á akstursánægju
- umhverfisvænni og slíta malbikinu mun minna
- með styttri hemlunarvegalengd

BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKK!

Loftbóludekkin eru fáanleg í öllum stærðum, fyrir allar gerðir bíla og fást á dekkjaverkstæðum um land allt.

Multicell gúmmíefnið var vísindalega þróað af Bridegstone, einum virtasta hjólbarðaframleiðanda heims. Multicell myndar undirþrýsting við veginn, dekkið sýgur sig að vegyfirborðinu og framkallar þannig framúrskarandi gott grip.

BETRA GRIP
Lágmúli 9, 108 Reykjavík

Þeir sem einu sinni hafa reynt loftbóludekkin vilja ekkert annað.

Sími: 5 333 999



Útivistarræktin hefur verið starfrækt í alllangan tíma og ekki hefur íslenskt veðurfar aftrað fólki frá því að taka þátt. FRÉTTABLÐIÐ/ANTON

# Hreyfing og góður félagsskapur

Útivistarræktin er gönguhópur á vegum Útivistar sem hefur verið starfandi, eða í gangi, í rúman áratug.

Í upphafi var Útivistarræktin hugsuð sem viðbót við aðrar ferðir Útivistar, að sögn Gunnars H. Hjálmarssonar, leiðsögumanns hjá Útivist, en hann hefur verið umsjónarmaður Útivistarræktarinnar frá upphafi. „Við göngum tvisvar í viku, innan borgarmarkanna. Á mánudögum í Elliðaárdalnum þar sem við göngum í rúman klukkutíma og síðan göngum við alltaf á fimmtudögum út Skerjafjörð, að Ægissíðu og aftur til baka,“ útskýrir Gunnar. Á sumrin bætist síðan við þriðji dagurinn en þá fer Útivistarræktin rétt út fyrir borgina í aðeins lengri ferðir. Gunnar segir ræktina alltaf hafa „gengið“ vel og að hóparnir beri sig algjörlega sjálfir enda frítt fyrir alla og engin skyldumæting.

„Tilgangurinn er að halda sér í formi en félagslegi þátturinn er ekki síður mikilvægur,“ segir Gunnar og bætir við að ýmiss konar sambönd hafi myndast í Útivistarræktinni. En hvað finnst Gunnari skemmtilegast við ræktina? „Félagsskapurinn og hreyfingin. Manni líður vel og svo er útiveran og náttúruskoðunin mikilvægur þáttur í þessu.“ Að lokum hvetur Gunnar alla til þess að mæta og ganga með Útivstarræktinni. „Það kostar ekki neitt, bara að mæta á staðinn og koma með. Þetta er ekki flóknara en það.“

*- sha*

# Glæsilegir bílar
## - á betra verði



### GL 450
hlaðinn búnaði, Xenon, loftpúðafjöðrun ofl.
Verð 9.640.000 kr.



### F-150 Harley Davidson
hlaðinn búnaði.
Verð frá 4.590.000 kr.



### Ram 3500
leður ssk, dráttarpakki ofl.
Verð 4.690.000 kr.



### Tacoma Sport
sjálfskiptur V6 4.0L
Verð 3.860.000 kr.



### F-350 Outlaw
einn sá flottasti frá Ford hlaðin búnaði
Verð 4.750.000 kr.



### F -350 Harley Davidson
Kóngur í ríki sínu
Verð 5.490.000 kr.

Öruggir bílar til að vera á . . . ib.is Varahlutir - Sala - Ábyrgð - Þjónusta - Sérpantanir

**Sími 4 80 80 80 Fossnesi A 800 Selfossi**



Íshótel eru glæsileg mannvirki eins og þetta sem reist var í austurrísku Ölpunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ELÍ

# Stórbrotin mannvirki

Snjóhús er alltaf gaman að byggja og þau gefa stórum sem smáum smá útrás fyrir framkvæmdagleðina í vetrarskammdeginu.

Sú kynslóð sem gleðst hvað mest yfir vetrinum og snjókomunni er vafalaust sú yngsta. Í augum barna virðast endalausir möguleikar felast í þessu hélaða vatni og hugmyndaflugið fær lausan tauminn. Snjókast, skíði, snjóþotur, snjókarlar, snjóenglar og síðast en ekki síst snjóhús heyra vetrinum til. Því er kannski ekki svo undarlegt að krakkar kætist og brosi þegar þeir sjá fannhvítan snjóinn á jörðinni meðan þeir sem eldri eru hafa áhyggjur af umferðinni.

Það gefur auga leið að umfangsmesta verkefni sem nokkur kátur krakki getur tekið sér fyrir hendur utan dyra að vetri til er að byggja sér veglegt snjóhús. Reyndar er það svo aðstæður ráða miklu varðandi slík glæsimannvirki. Svo virðist sem snjói sífellt minna hér á landi og því getur hráefnið til almennilegra snjóhúsaframkvæmda oft verið af skornum skammti.

Þegar tækifærið hins vegar gefst er um að gera að láta hendur standa fram úr ermum. Þegar ráðast skal í að byggja snjóhús er betra að vanda til verks. Byrja skal á því að finna húsinu stað. Gott er að velja því stað í skjóli svo húsið geti staðið sem lengst. Hagkvæmt er að byggja snjóhúsið upp við húsvegg, en þannig má spara umtalsverðan snjó.

Síðan er að hefjast handa við að að hrúga upp eins miklum snjó og hægt er á þeim stað sem reisa skal bústaðinn. Þegar nógu miklu af snjó hefur verið safnað saman í hrúgu (og það þarf sko helling!) má byrja að móta sjálft húsið. Passa þarf líka upp á að snjórinn sé nógu þéttur þannig að húsið hrynji ekki. Hin hefðbundna snjóhússgerð byrjar einfaldlega á því að moka sér leið inn í hrúguna. Byrja skal á að gera göng og síðan búa til hol inni í miðjunni. Hinir stórtæku nota fötu, bala eða eitthvað annað skemmtilegt ílát, en með þessum hjálpartækjum má hlaða upp snjóhús í allra kvikinda líki, ekki ósvipað og þegar sandkastali eða pýramídi er gerður.

Þegar loks allir eru ánægðir með árangurinn er ágætt að styrkja aðeins húsið. Það má gera með því að bleyta snjóinn í snjóhúsinu með vatni en vatnið frýs síðan og myndar þannig styrktarveggi úr klaka. Ekki má samt nota of mikið af vatni því þá getur húsið bráðnað.

Þá ætti þetta að vera komið. Nú má byrja að leika sér í snjóhúsinu og það verður eins og nokkurs konar vin í eyðimörkinni. Það er sama hversu vont veður er úti, alltaf er gott veður inni í snjóhúsinu og þar má leika sér með hvað sem er en auðvitað verða allir að vera vel klæddir. Á meðan geta mamma og pabbi haldið áfram að kveinka sér yfir snjónum og hálkunni á götunni.

– sha



Sumir eru metnaðarfyllri en aðrir þegar kemur að snjóhúsagerð eins og þessir piltar sem hlóðu þennan magnaða snjóturn á Blönduósi fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



Brosandi brallari í þessu flotta snjóhúsi.



Ekki geta allir hugsað sér að búa í snjóhúsi en slíkt þekkist þó.



Hvað er skemmtilegra en að leika sér við að búa til snjóhús og skemmta sér síðan þar inni? NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Linsur fyrir skíðaferðina

PureVision-linsurnar eru tilvalin lausn fyrir gleraugnafólk á leið í skíðaferð.

Bagalegt getur verið fyrir fólk sem þarf að nota gleraugu að fara í skíðaferðir, enda er oftast ekki heiglum hent að koma skíðagleraugununum fyrir yfir hinum hefðbundnu gleraugum. Þá eru skíðagleraugu með sjóngleri oftast sérsmíðuð og rándýr eftir því.

PureVision-linsurnar, sem fást í flestum gleraugnabúðum landsins, eru tilvalin lausn á þessu vandamáli. Þær eru gerðar úr sílíkoni og hleypa mun meira súrefni í gegnum sig en aðrar linsur. Súrefnið gerir að verkum að óhætt er að sofa með linsurnar og fólk getur notað þær í allt að mánuð án þess að taka þær úr.

„Linsurnar eru mjög hentugar fyrir fólk sem stundar íþróttir og ekki síst fyrir fólk sem er á leið í skíða-, golf- og alls kyns aðrar íþróttaferðir. Þá ertu einfaldlega með linsurnar allan tímann og það er ekkert vandamál,“ segir Gunnar Gunnarsson, sjóntækjafræðingur hjá Auganu, og bætir því við að auk þess fari PureVision -insurnar betur með augun heldur en venjulegar linsur.

„Við lendum oft í því að hjálpa fólki sem á erfitt með að setja í sig linsur en er á leið í svona ferðir. Þá komum við linsunum fyrir rétt áður en lagt er af stað og síðan þegar heim er komið eru linsurnar teknar úr og gleraugun sett aftur upp. Þetta er mjög hentugt,“ segir Gunnar.




Hægt er að vera með PureVision-linsurnar í allt að mánuð, án þess að taka þær úr.



## Skíðaganga

SKÍÐAGANGA ER EINHVER ALBESTA ÍRÞÓTT SEM HÆGT ER AÐ STUNDA EF NJÓTA Á ÞESS SEM VETURINN HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA.

Fáar íþróttir bjóða upp á eins góða alhliðahreyfingu og gönguskíðamennska. Enda eru skíðagöngumenn iðulega þeir sem mælast með mesta þolið. Ísland ætti að vera eitt af bestum löndum heims til þess að stunda gönguskíði en sökum snjóleysis er raunin önnur og þá sérstaklega hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins. Hafa ber þó í huga að oft getur verið snjór rétt fyrir utan bæjarmörkin þó að snjólaust sé í miðbænum.

Þekktar gönguleiðir má finna víða um land en hægt er að kynna sér þær á heimasíðunni www.skidasvaedi.is. Þar má einnig finna afar aðgengilegt og flott kort af gönguleiðum í Bláfjöllum en tilvalin bílastæði fyrir gönguskíðafólk eru vestur af skíðaskála Ármanns. Á þessari heimasíðu má einnig nálgast bækling sem nefnist Búnaður, áburður, göngutækni og staðsetningar þar sem lesa má nánar um undirstöðuatriði gönguskíðaiðkunar.

Að lokum má einnig benda á bækling sem finna má á heimasíðu Útivistar sem nefnist Gönguskíði - búnaður og fleira eftir Jósef Hólmjárn. *-sha*



Skíðaganga er afar skemmtileg íþrótt og ekki eins flókin og margir halda.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES







Hver sem sagði að það skiptust á skin og skúrir hefur aldrei verið á Íslandi í desember.
Eða janúar. Eða febrúar. Eða mars.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Reykjavík: Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12
Garðabær: Miðhraun 11 Akureyri: Glerárgata 32
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt
www.66north.is
Klæddu þig vel
NORÐUR

## Atvinnuhúsnæði

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 107. Uppl. í s. 864 4182 og á fffjordur.is

## Geymsluhúsnæði




**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Hjól - og fellihýsi og húsbílar.**
Upphitað húsnæði á Eyrarbakka. Síðustu plássin. Geymsla Eitt ehf. S. 564 6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Viltu vinna aðra hverja helgi frá 12-21? Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, dugnaður, stundvísi, snyrtimennska. Umsóknir berist á hs@foodco.is.**

**American Style**
**Laus störf í sal og á grilli á American Style á Bíldshöfða. Frábært lið að vinna. Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, félagslyndi, dugnaður, snyrtimennska og að geta mætt á réttum tíma. Viltu vinna nokkrar kvöld- og helgarvaktir á mánuði? Þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Umsóknir á www.americanstyle.is**
**Umsóknir á www.americanstyle.is**

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Kvöld & helgar**
**Aktu Taktu leitar eftir fjörugu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði.**
**Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is**

**Jolli Hafnarfirði**
**Jolli óskar eftir fólki í fullt starf. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar gefur Liney í síma 565 4990 frá 8-16.**
**Umsóknareyðublöð fast á staðnum.**

**Hreingerningar/bónun**
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan.**
**Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821 5056, á skrifstofutíma.**

**Spennandi starf á skemmtilegum vinnustað**
**Heimaþjónustan í Laugardal leitar að áhugasömu og drífandi fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu. Starfað er undir handleiðslu félagsráðgjafa. Vinnutími eftir samkomulagi. Ertu að leita að framtíðarstarfi eða vinnu með skóla?**
**Hafðu þá samband við Írisi Eik Ólafsdóttur verkefnisstjóra/félagsráðgjafa í síma 562 2712, netfang iris.eik.olafsdottir@reykjavik.is**

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
**Lækjarbrekka veitingahús óskar eftir þjóni til starfa í fulla vaktavinnu. Einnig getum við bætt við okkur þjónanemum og vönu aðstoðarfólki í veitingasal. Upplýsingar fást á staðnum milli kl 14 17 alla daga eða í síma 551 4430. Tökum einnig á móti umsóknum í gegnum tölvupóstinn info@laekjarbrekka.is .**
**Lækjarbrekka Alltaf Sígild Alltaf Ljúf**

**Afgreiðslufólk - Yfirmenn.**
**Óskast til starfa. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði fyrir gott fólk.**
**Uppl í s. 864 1585 eða á www.kornid.is**

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut**
**Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemmtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga frá kl. 13 - 18.30 og 1 dag aðra hvora helgi. Æskilegur aldur 25 ára og eldri.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 553 5280 & 660 2153**

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsmaður óskast á sólbaðstofuna Smart ehf., Grensásvegi 7. Reyklaus vinnustaður.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Sólbaðstofan Smart.**

**Starfskraftur óskast í veitingasal**
**Dagvinna, góð laun fyrir rétta aðila.**
**Upplýsingar á staðnum, ekki í síma Café Milanó, Faxafeni 11.**

**Cafe Bleu.**
**Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Einnig vantar á sama stað vana þjóna í sal í fullt starf og aukavinnu um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

Olíudreifing

**Meirabílprófsbílstjórar í Reykjavík**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meiraprόf. Olíudreifing greiðir fyrir ADR námskeið. Starfið stendur báðum kynjum til boða.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 550 9937 tölvupóstfang helgim@odr.is**

Borgarnes! Óskum eftir að ráða starfsmann til afgreiðslustarfa. Lyftarapróf skilyrði. Um að ræða vaktavinnu. Upplýsingar veitir Reynir Guðmundsson starfsmannastjóri í síma 893 1426 reynir@limtrevirnet.is. Umsóknir á www.limtrevirnet.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Bæjarins beztu Smáralind eru að leita eftir starfskrafti á besta aldri. Um er að ræða hlutastarf með sveigjanlegum vinnutíma. Góð laun í boði. Upplýsingar gefur Guðrún í síma 894-4515 á milli 15-18

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

Leita að 6-8 áhugasömum sem vilja búa til tekjur í eigin viðskiptum, vefmyndir.ws

Röskan starfskraft vantar á heimili til að gæta bús og barna tvo eftirmiðdaga í viku. S. 824 3028.

Óska eftir starfskrafti í létt þrif 2-3 klst, 2x í viku. Uppl. í síma 824 6464.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum. Upplýsingar í síma 696 8397 Brynja.

Yfirvélstjóra og háseta vantar á 140 tonna netabát frá suðurnesjum. Uppl. í s. 845 1546.

## Atvinna óskast

KK vantar kvöld/helgar-vinnu á höfuðb. sv. Ekki heilsu og snyrtivörusölu, hnjukur@hotmail.com

Samvisku- og reglus. ungur maður leitar að hlutastarfi. Byrja strax. S. 846 4863.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Exotic, Erótísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

Karlmenn látið líða úr ykkur í notalegu nuddi. Nautn og vellíðan. S. 869 6397.

**Tilboð!**
**3 fyrir 2!**



**Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.**

**Full búð af nýjum vörum**

SJÁUMST
Glæsibæ **COS** S. 588 5575




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton/SÍA

hof fasteignasala

Hof fasteignasala
Síðumúla 24
Sími: 564 6464
Fax: 564 6466



Guðmundur Björn Steinþórsson
löggiltur fasteignasali



Jón Guðmundsson
sölustjóri

# EIGNIR VIKUNNAR

## GVENDARGEISLI - GLÆSIEIGN



Glæsilegt 206 fm einbýlishús innréttað eftir hönnun Rutar Káradóttur. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, spónlagðar með eik, innihurðir eru extra háar rennihurðir. Eikarparket og flísar gólfum. Góðar stofur, stórt og rúmgott eldhús, 3 svefnh. og tvö baðherbergi. Glæsileg lýsing hönnuð af Lúmex. Sjón er sögu ríkari. Verð Tilboð

## KLEIFARSEL - GÓÐ EIGN



Fallegt 180 fm steinsteypt einbýlishús ásamt 33 fm bílskúr, alls 213 fm. Neðri hæðin skiptist í parketl. stofur með arni, borðst. og eldhús, búr, þvottahús og gesta wc. Á efri hæð eru 4 parketlögð svefnherb., hol og rúmgott baðherb. Innangengt er í bílskúrinn sem er innr. að hálfu sem sem íbúðarherb. Verð 46,9 millj.

## KLUKKUBERG - 2JA ÍBÚÐA HÚS



Glæsilegt 321 fm hús á frábærum útsýnisstað. Húsið er með tveimur samþykktum íbúðum. Stærri íbúðin er 201 fm auk 40 fm bílskúrs, og m.a. stórar stofur, og hol, 5 svefnherb, tvö baðherb. Minni íbúðin er 3ja herbergja 80 fm. Mjög stórar svalir eru á báðum íbúðunum.

## MOSGERÐI - 108 REYKJAVÍK



Fallegt einbýli á tveimur hæðum í þessu vinsæla hverfi. 4 svefnherbergi og góðar samliggjandi stofur. Rúmgott eldhús, Baðherbergi niðri og snyrting uppi. Góður, vel búin bílskúr. Geymslur og sér þvottahús. Fallegur garður með timburverönd og skjólveggjum. Göngufæri í góða skóla og leikskóla. Verð 43,4 millj.

## AKURHVARF - EITT EFTIR



Glæsilegt 210fm raðhús á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsteypt og afhendist fullbúið að utan, en tilbúið til spörlunar og málunar að innan. Búið verður að hlaða og múra alla milliveggi og hiti tengdur. Einnig er hægt að fá húsin fullbúin án gólfefna. Lóð verður grófjöfnuð. Fallegt útsýni. Verð 39,5 millj.

## FAGRIHJALLI - RAÐHÚS



Glæsilegt 194 fm parhús með 36,8 fm innbyggðum bílskúr. Á neðri hæð eru hol, þrjú svefnherb. rúmgott baðh. og þvottahús. Á efri hæðinni eru stofur, tv herb. glæsilegt eldhús og baðh. með sturtu. Parket og flísar á gólfum. Mikið útsýni af suðursvölum og verönd yfir bílskúrnum. Verð 42,9 millj.

## MIÐDALUR - NÝTT - VOGUM



Fallegt 154 fm raðhús á einni hæð með innbygðum bílskúr, sem skiptist í 111 fm íbúð, 12 fm geymslu og 31 fm bílskúr. Húsið er staðsteypt, einangrað að utan, klætt báruáli og jatóbavið. Afhendist í des. fullbúið að utan og fokheld að inna og verður lóð frágengin. Verð 18,9 millj.

## AKURVELLIR - 90% LÁN - HF.



Glæsilegar nýjar 155 fm íbúðir í litlu fjölbýlishúsi á þremur hæðum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna og með glæsilegum innréttingum og gæða tækjum. Stórar og góðar svalir með íbúðum á 2 og 3. hæð og sér lóð með íbúðá jarðhæð. Teikningar og allar nánari upplýsingar á skrifstofu. Verð 29,4 millj.

Frum

## NAUSTABRYGGJA - FALLEG



Mjög góða 131fm 5 herbergja íbúð á efstu hæð í nýlegu fjölbýlishúsi. Þrjú herbergi með skáp og flísalagt baðherbergi. Björt stofa með suðursvölum út af og fallega innréttað eldhús. Mikil lofthæð. Gengið úr holi upp í rúmgott sjónvarpsherbergi. Þvottaherbergi og geymsla í íbúð. Verð 28,2 millj

## HRÍSATEIGUR - BÍLSKÚR



Vorum að fá í sölu góða 4ra herberg íbúð með bílskúr í tvíbýlishúsi. Um er að ræða íbúð á 2. hæð með stóru herbergi í risi með möguleika á útleigu og 27,4 fm bílskúr með gryfju. Verð 27,5 millj.

## ÞORLÁKSGEISLI - AUÐVELD KAUP



Stórglæsileg 112 fm 4ra herbergja íbúð með sérinngangi á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt sér stæði í bílageymslu. Þrjú góð svefnherbergi. Glæsilegt eldhús og stórar stofur með svölum út af og fallegu útsýni. Eikarparket og fallegar flísar á gólfum. Hús álklætt að utan. Áhv. 21,5 millj. Íbúðal.sj. og Spron með 4,15% Verð 28,7 millj.

## NAUSTABRYGGJA - BÍLSKÝLI



Vorum að fá í sölu glæsilega 101 fm 3-4ra herbergja íbúðir á 2. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er með vönduðum maghoný innréttingum og fallegu eikarparketi á gólfi. Flísalagðar vestursvalir út af stofum. Áhv. lán L.Í. með 4,15% vöxtum. Verð 25 millj.

## BERJARIMI - BÍLSKÝLI



Vorum að fá í sölu fallega 102 fm 3ja herbergja íbúð með stæði í bílskýli á efri hæð í tveggja hæða fjölbýlishúsi. Tvö góð herbergi með skáp og flísalagt baðherbergi með hornbaðkari. Fallega innréttað eldhús með eyju og rúmgóð stofa með vestursvölum út af. Parket og flísar á gólfum. Verð 22,9 millj.

## FELLSMÚLI - 3JA HERBERGJA



Góð 63,3 fm endaíbúð á 4. hæð í ný viðgerðu og klæddu fjölbýlishúsi. Rúmgóð stofa með útgang á góðar suðursvalir og tvö svefnherb. með ljósu plast parketi. Eldhús með eldri innr. en nýl. flísar á gólif og milli skápa. Flísalagt baðherb. með sturtu. Áhv. L.Í. 7,2 millj. með 4,15% vöxtum. Verð 15,4 millj.

## LJÓSAVÍK - SÉR INNGANGUR



Vorum að fá í sölu fallega og vel skipulagða 83 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með sér inngangi af svölum. Góð stofar, tvö rúmgóð svefnherbergi. Vandaðar viðarinnréttingar og tæki í eldhúsi. Flísalagt baðherbergi með baðkari og innr. Verð 19,8 millj.

## ÆSUFELL - GÓÐ KAUP



Góða 92 fm 3ja herbergja íbúð á 6. hæð í stóru fjölbýlishúsi með lyftu. Tvö góð herbergi með skáp og rúmgott baðherbergi. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og góð stofa með svölum út af og fallegu útsýni. Búið að endurnýja hús að utan og glugga. Verð 15,8 millj

www.hofid.is

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent
RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# SJÓNARHÓLL



Eyðibýli eru víða við þjóðvegi landsins. Mörg hver eiga sér merkilega sögu eins og þetta hér sem er á Vestfjörðum og var áður pósthús og verslun.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HVUNNDAGURINN
## *Ég er nátthrafn*

„Dagarnir snúast að mestu um bleiuskipti og brjóstagjöf núna,“ segir Þórunn Lárusdóttir, leik- og söngkona, beðin símleiðis að lýsa venjulegum hvunndegi. Hún er einmitt með tæplega þriggja mánaða son sinn sofandi í fanginu þegar hún svarar. „Ég ætlaði bara að sinna barninu og heimilinu meðan á fæðingarorlofinu stæði en það kemur alltaf eitthvað upp á. Bæði hef ég leikið smávegis í haust í Þjóðleikhúsinu og svo er að koma út plata með lögum sem ég syng í útsetningum Friðriks Karlssonar,“ heldur hún áfram ögn afsakandi.

Síðan lýsir hún hvunndeginum frá morgni til kvölds. „Ég er svo heppin að sonurinn sefur vel á nóttunni og vaknar á fótaferðartíma, milli 7 og 9. Þá þarf hann næringu og þurra bleiu. Á eftir tekur hann lúr og þá rýkur mamman í það sem hún þarf að gera eins og að sinna símtölum, þrífa, þvo þvotta og vinna önnur hefðbundin húsmóðurstörf.

Reyndar geng ég til sjúkraþjálfara þessa dagana því ég er með bakvandræði eins og margir hávaxnir. Síðdegis fer ég í sund með manninum mínum og við hvetjum hvort annað áfram. Sá stutti er hjá tengdamömmu minni á meðan. Ég er að komast aftur upp í 800 metrana eftir barnsburðinn. Eftir sundið eigum við notalega stund í pottinum og svo er haldið heim og borðað, helst eitthvað hollt og gott sem við snörum fram. Það fer svo eftir ýmsu í hvað kvöldin fara. Stundum horfi ég á sjónvarp, einkum á mánudagskvöldum, því þá eru uppáhaldsþættirnir mínir um FBI. Svo verð ég að gera æfingarnar sem sjúkraþjálfarinn setur mér fyrir til að koma bakinu í lag og ég enda oft daginn á þeim þegar rólegt er orðið á heimilinu. Ég fer yfirleitt seint að sofa – er svolítill nátthrafn.“



ÞÓRUNN SINNIR AÐALLEGA HEIMILI OG BARNI ÞESSA DAGANA EN NÝJA PLATAN OG LEIKHÚSIÐ HAFA LÍKA TEKIÐ SINN SKERF AF TÍMA HENNAR.





TEPPABÚÐIN LITAVER
Grensásvegi 18 s. 581 2444

Meirapróf – Nýir tímar
Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 15. nóvember

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.243 **-0,01%** **Fjöldi viðskipta:** 267 **Velta:** 2.655 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +1,03% | **Avion** | -3,03% |
| **Mosaic** | +0,59% | **Vinnslustöðin** | -2,17% |
| **Össur** | +0,44% | **Marel** | -1,27% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,50 +0,15% ... Alfesca 4,93 +1,03% ... Atlantic Petroleum 590,00 +0,00% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Avion 32,00 -3,03% ... Bakkavör 59,60 +0,00% ... Dagsbrún 4,60 -0,65% ... FL Group 22,70 -0,44% ... Glitnir 22,50 +0,00% ... Kaupþing 825,00 +0,00% ... Landsbankinn 25,30 +0,40% ... Marel 78,00 -1,27% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,59% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 114,00

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Byssur FL Group fullhlaðnar

### Félagið getur ráðist í ný verkefni fyrir að minnsta kosti 120 milljarða króna.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, telur að með því að nýta alla þá kosti sem FL standi til boða geti félagið ráðist í ný verkefni fyrir 120 milljarða króna, jafnvel allt að 150 milljarða. Fjárhagslegur styrkur félagsins hefur aldrei verið meiri eftir sölu á hlut þess í Icelandair Group á dögunum.



**HANNES SMÁRASON**

Hagnaður FL nam tæpum ellefu milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst um 67 prósent á milli ára. Á þriðja ársfjórðungi hagnaðist félagið um 5.257 milljónir sem er þrettán prósenta aukning frá sama tíma í fyrra. Hins vegar dróst hagnaður félagsins fyrir skatt saman um tólf prósent milli ára.

Uppgjör ársfjórðungsins var heldur undir meðaltalsspá markaðsaðila sem hljóðaði upp á sex milljarða króna.

Hreinar fjárfestingatekjur voru 565 milljónir króna og dró styrking krónunnar úr hagnaði af fjárfestingum.

Frá lokum september hefur efnahagur FL tekið gjörbreytingum í kjölfar sölu á Icelandair. Þegar horft er til fyrstu tíu mánaða ársins nam hagnaður fyrir skatta 36 milljörðum króna samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri og óx eigið fé úr 112 milljörðum í lok september í 131 milljarð mánuði síðar. Eiginfjárhlutfall félagsins var yfir 53 prósent í lok október.

**- eþa**

**UPPGJÖR FL Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI ***

| | |
|---|---|
| Hagnaður FL | 5.257 |
| Spá Glitnis | 7.766 |
| Spá Kaupþings | 6.749 |
| Spá Landsbankans | 3.502 |
| Spá um meðaltalshagnað | 6.006 |

* Upphæðir í milljónum kr.

# Útboð Kaupþings hafið

Kaupþing hefur hafið sölu nýrra hlutabréfa, sem verður beint til erlendra fjárfesta, í því skyni að styrkja eiginfjárgrunn bankans og styðja við frekari útrás. Samsvarar útgáfan um tíu prósenta aukningu hlutafjár.

Verðlagning hlutanna verður ákvörðuð 21. nóvember með hliðsjón af viðbrögðum við áskriftarsöfnun og markaðsgengi hlutabréfa félagsins um það leyti. Miðað við gengið 825 krónur á hlut gæti bankinn safnað tæpum 55 milljörðum króna.

Bankinn hefur skuldbundið sig til að auka ekki hlutafé í hálft ár eftir útboðið. Þá hafa tveir stærstu hluthafar bankans, Exista og Kjalar (Egla), skuldbundið sig til að selja ekki hlutabréf í eigu sinni í 180 daga eftir að nýju hlutunum hefur verið úthlutað og það sama gildir um hóp lykilstjórnenda og stjórnarmanna næsta árið eftir að úthlutun lýkur.

**- eþa**



**MIKILL BATI** Sterling skilaði meira en 1,1 milljarðs hagnaði fyrir skatt á þriðja ársfjórðungi.

# Gjörbreyting hjá Sterling

**Nærri fimm milljarða króna bati hefur orðið á afkomu norræna lággjaldaflugfélagsins Sterlings, dótturfélags FL Group, fyrir afskriftir á þessu ári samanborið við síðasta ár. Ef einskiptiskostnaður er frátalinn er batinn enn meiri.**

**Árangurinn er tilkominn vegna mikils aðhalds í kostnaði.**

**Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var neikvæður um 877 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins en var jákvæður um 1,3 milljarða á þriðja ársfjórðungi.**

**Miklar árstíðasveiflur eru í rekstri Sterlings. Hagnaður félagsins fyrir skatt á þriðja ársfjórðungi var 1,1 milljarður króna en tapið var 1,4 milljarðar fyrir árið í heild.**

**Stjórnendur Sterling búast við að félagið verði rekið réttu megin við núllið í ár.**

**- eþa**

# Krónan veiktist fyrir símafund

Krónan veiktist í gær um 1,9 prósent þegar hún fór upp fyrir gengisvísitöluna 120 og endaði í 121,8. Bæði greiningardeildir Kaupþings og Landsbankans benda á að veikinguna megi rekja til skýrslu matsfyrirtækisins Fitch fyrir helgina þar sem lánshæfishorfur ríkisins voru áfram sagðar neikvæðar.

Fitch hélt símafund um málið seinnipartinn í gær og styrkist krónan á ný eftir fundinn, enda kom ekkert nýtt þar fram.

**- eþa**





BJÖRN BJARNASON, DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA, ER 62 ÁRA Í DAG.

*Að trúa á eigin málstað jafngildir því ekki að hafa alltaf rétt fyrir sér. Ég held hins vegar að ég hafi alltaf valið mér góðan málstað.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. NÓVEMBER 1851

## *Sagan af Moby Dick kemur út*



Á þessum degi árið 1851 kom skáldsagan Moby Dick eftir Herman Melville fyrst út í einu bindi á vegum Harper & Brothers forlagsins. Bókinni var fálega tekið í fyrstu og dæmd misheppnuð. Með tíð og tíma áttuðu lesendur sig hins vegar á gildi hennar og Moby Dick er nú talin einn af bautasteinum bandarískrar bókmenntasögu.

Melville fæddist í New York borg árið 1819. Nítján ára gamall fékk hann pláss sem messadrengur á skipi sem sigldi til Liverpool og eyddi næstu árum á sjó, meðal annars á hvalveiðiskipinu Acushnet í Suðurhöfum. Hann tók þátt í uppreisn um borð, fékk að dúsa í fangelsi á Tahítí fyrir vikið og flakkaði svo um eyjaklasann í Suðurhöfum frá 1841 til 1844. Fyrsta bók hans, Typee, kom út árið 1846 og hana byggði hann á ævintýrum sínum í Pólýnesíu. Ári síðar kom bókin Omoo út og náði nokkrum vinsældum en þriðja bók hans, Mardi, fór fyrir ofan garð og neðan þegar hún kom úr 1849.

Tveimur árum síðar leit Moby Dick loksins dagsins ljós við litla eftirtekt. Ef til vill er ekki að furða þótt bókin hafi ekki verið metin að verðleikum í fyrstu þar sem textinn er bæði djúpur og merkingarhlaðinn. Síðar áttuðu menn sig á að margt býr undir yfirborðinu og hefur Moby Dick verið hampað sem tímamótaverki æ síðan og upphafslínur hennar: „Kallið mig Ismael," er ein þekktasta tilvitnun bókmenntasögunnar.

Melville hélt þó engu að síður áfram að skrifa enda nutu smásögur hans nokkurra vinsælda. Síðasta skáldsaga hans, Billy Budd, kom ekki út fyrr en löngu eftir að höfundurinn lést, árið 1924.

### MERKISATBURÐIR

- **1963** Eldgos hefst á hafsbotni suðvestur af Vestmannaeyjum. Þar myndast eyja sem nefnd er Surtsey.
- **1963** Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar tekur við völdum.
- **1969** Mönnuðu geimflauginni Apollo 12 er skotið á loft með það að markmiði að lenda á tunglinu.
- **1973** Anna Bretaprinsessa gengur að eiga almúgamanninn Mark Phillips í beinni útsendingu.
- **1983** Tómas Guðmundsson skáld andast.
- **1996** Söngvarinn Michael Jackson giftist Deboruh Rowe.
- **1998** Ný lyfjaverksmiðja Delta hf. í Hafnarfirði er tekin í notkun.




†

*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Jón Hannes Guðmundsson**
(Jónsi)

Lést á heimili sínu, deild 20 á Landspítalanum í Kópavogi, 12. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

Inga Dóra Jónsdóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson Hulda Baldursdóttir
Bjarni Þór Guðmundsson Erla Björg Pétursdóttir
Ágúst E. Aðalbjörnsson Guðrún Kristjana Reynisdóttir
Sædís Hulda Aðalbjörnsdóttir
Baldur Freyr Guðmundsson
Davíð Örn Guðmundsson
Guðmundur Ingi Guðmundsson
Georg Daði Guðmundsson
Reynir Aðalbjörn Ágústsson
María Rán ÁgústSdóttir
Mikael Máni Bjarnason



†

*Elskuleg eiginkona mín, tengdadóttir, stjúpmóðir, amma og systir,*

**Anna Hauksdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi fimmtudaginn 9. nóvember.

Heimir Guðjónsson
Guðjón Þorleifsson
Halla Heimisdóttir Hjalti Árnason
Sara Heimisdóttir Ægir Ísleifsson
Sandra Heimisdóttir Sævar Hólm Valdimarsson
Aldís, Alexandra, Brynja Hlíf, Skarphéðinn
og systkini hinnar látnu.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Lillý Steingrímsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 12. nóvember sl.

Jón Ísleifsson
Ísleifur Jónsson
Svanlaug Jónsdóttir
Hildur Nanna Jónsdóttir
Steinunn Stefanía Magnúsdóttir
Ólafur Júlíusson
Sigtryggur Leví Kristófersson
ömmubörn, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.

Útförin verður auglýst síðar.

**Lokað vegna jarðarfarar**

Skrifstofa Rekstrarvara verður lokuð í dag þriðjudaginn 14. nóvember. frá klukkan 12 til 16 vegna jarðarfarar Önnu Sigríðar Þorsteinsdóttur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6221




VIÐ KÖKURNAR Sigurður Karlsson og Ingibergur Einarsson gáfu Braga Ólafssyni fyrstu kökusneiðina.

INGIBERGUR EINARSSON: FLUGVÖLLURINN Í EYJUM 60 ÁRA

# Alltaf eitthvað nýtt og mikið að gerast á flugvellinum

Haldið var upp á sextíu ára afmæli Vestmannaeyjaflugvallar síðastliðinn laugardag. Fór afmælishófið fram í flugstöðinni þar sem boðið var upp á kaffi og kökur.

Margir mættu í athöfnina og skoðuðu meðal annars myndir og skjöl sem voru til sýnis í flugstöðinni. Myndirnar voru af fyrstu flugvélunum sem lentu í Vestmannaeyjum og í skjölunum var m.a. greint frá aðdraganda byggingar flugvallarins.

„Við vorum svo heppnir að þetta hitti inn á Nótt safnanna, sem er alltaf í Eyjum á þessum árstíma. Þar var norrænn skjaladagur og þemað var samgöngur þannig að við gerðum úr þessu afmælisveislu og sýningu," segir Ingibergur Einarsson, rekstrarstjóri flugvallarins.

Ekki var búið að fljúga á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þegar athöfnin byrjaði og vantaði því marga af helstu fyrirmönnum í flugi á Íslandi í afmælisveisluna. Starfsmenn flugmálastjórnar í Vestmannaeyjum tóku á móti gestum og Bragi Ólafsson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands, tók við fyrstu kökusneiðinni frá þeim Ingibergi og Sigurði Karlssyni.

Ingibergur hefur starfað á flugvellinum í tæp tuttugu ár og hefur líkað vel við sig á þeim tíma. „Þetta er gefandi og alltaf eitthvað nýtt og mikið að ske," segir hann. „Það hafa orðið töluverðar breytingar en það eru allir voða ánægðir yfir að Flugfélagið [Flugfélag Reykjavíkur] ætlar að fljúga hingað, aðallega af því að þeir komu með stærri vélar."

Flugfélagið hóf starfsemina í Eyjum hinn 15. október en áður höfðu flugvélar frá Íslandsflugi verið notaðar.

freyr@frettabladid.is



MYNDIR SKOÐAÐAR Gestir skoða myndir úr flugsögu Vestmannaeyja af miklum áhuga.




†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Baldvinsson**
veitingamaður í Mokka Kaffi,

andaðist á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 9. nóvember. Jarðsungið verður frá Kristskirkju, Landakoti, mánudaginn 20. nóvember kl. 13.

Guðný Guðjónsdóttir
Oddný Guðmundsdóttir Gunnar R. Kristinsson
Sesselja Guðmundsdóttir Hannes Sigurðsson
Örn Guðmundarson Rafael Varona
Stefán Arnar, Guðný, Hildur og Hugrún.


### AFMÆLI



**Auður Bjarnadóttir** dansari er 48 ára.



**Logi Ólafsson** knattspyrnuþjálfari er 52 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


unicef
DAGUR RAUÐA NEFSINS
1. desember 2006
TAKTU ÞÁTT Í DEGI RAUÐA NEFSINS 1. DESEMBER!
Rauðu trúðanefin eru komin í verslanir Bónuss, 10-11,
bensínstöðva Essó og í útibú Glitnis.
Hláturinn lengir lífið!
BÓNUS
Esso
10-11
GLITNIR
BAUGUR GROUP
FONS
GLITNIR
SAMSKIP




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Og hvað á barnið að heita?

**FREYR GÍGJA** GUNNARSSON SYRGIR EKKI MANNANAFNANEFND



Mannanafnanefnd heyrir sögunni til eða það er að minnsta kosti álit nokkurra þingmanna sem vilja leggja niður þessa einu umdeildustu stofnun síðari tíma. Áratugum saman hefur þessi hópur nokkurra manna og kvenna ráðið því hvað Íslendingar mega og mega ekki heita. Hvað sé best fyrir börnin – forræðishyggja eins og hún gerist best. „Foreldrum hlýtur að vera best treystandi fyrir því að nefna börn sín,“ sagði varaþingmaður í samtali við sjónvarpsstöð. Ó, jú, svo lengi sem nöfnin eru ekki meiðandi eða særandi fyrir börnin sjálf. Nöfn eins og Satan eða eitthvað þaðan af verra. Hvað þá með Jesús?

Hjá fræga fólkinu úti í heimi hefur það tíðkast að nefna börnin óvenjulegum nöfnum sem þau bera svo alla ævi. Þannig á frægur söngvari og Íslandsvinur dóttur sem ber sama nafn og vinsæll ávöxtur og virt tölvufyrirtæki. Önnur hjón og ekki síður þekkt nefndu frumburð sinn eftir staðnum þar sem hann kom undir. Þegar mannanafnanefnd heyrir sögunni til fara Íslendingar kannski að heyra nöfn á borð við Herjólfsdalur, Sauðárkrókur eða Kirkjubæjarklaustur, allt eftir því hvar getnaður átti sér stað. Varla getur það verið meiðandi fyrir börn að heita eftir þekktum stöðum á landinu eða góðum og hollum ávöxtum. Hver veit nema Kúrbít Freysson verði brátt að finna á simaskra.is.

Þegar ég leit dagsins ljós í fyrsta skipti eftir áreynslulaust níu mánaða ferðalag í móðurkviði datt eldri bróður mínum nafnið „Krummi“ fyrst í hug enda voru hárin á höfðinu fleiri en hjá mörgum hvítvoðungnum og biksvört. Mannanafnanefnd hefði væntanlega skorist í leikinn ef uppástungan hefði orðið að alvöru. Hún lét hins vegar lítið heyra í sér þegar undirritaður var skírður í höfuðið á ömmu sinni, veit reyndar ekkert hvort nafnið fór fyrir dóm nefndarinnar. Held reyndar að því hafi verið svindlað í gegn. Framhjá þessari ógurlegu nefnd sem nú sér fram á endalok sín.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**ARNAR ÁGÚSTSSON** Ármaður MS sem hefur tekið upp þá reglu að banna reykingar á öllum böllum skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reyklaus böll í mörgum skólum

**Menntaskólar landsins hafa margir hverjir tekið sig saman og gert böllin hjá sér algjörlega reyklaus. Þetta hefur gefið góða raun.**

Menntaskólinn við Sund er einn af þessum skólum og segir Arnar Ágústsson, ármaður skólafélags MS, að þetta hafi verið ákveðið í vor. „Við ákváðum að prufukeyra þessa nýju reglu á lokaballinu okkar í vor og það er ótrúlegt hversu vel þetta leggst í fólkið,“ segir Arnar og bætir því við að Menntaskólinn við Reykjavík hafi verið fyrstur skóla til að gera þetta á síðasta ári. „Þetta er náttúrulega það sem koma skal á öllum skemmtistöðum og kaffihúsum borgarinnar þannig að við vissum að við þyrftum að lúta að þessari reglu fyrr eða síðar. Við vildum bara vera nokkrum skrefum á undan.“

Arnar vill ekki meina að reykingabannið á böllum sé eitthvað tengt því veseni sem skólinn lenti í vegna mikilla óláta á busaballi skólans árið 2005. „Þetta tengist því ekki neitt en skólinn hefur samt sem áður á sér ljótan stimpil eftir það og því viljum við breyta.“ Félagslíf skólans hefur breyst síðan þessir atburðir urðu, og til að mynda hafa nemendur skólans ekki fengið að taka með sér gesti á böllin til þessa.

Arnar segir að reykingabannið hafi mikil áhrif á böllin og segir þau ívið rólegri en áður. „Það er mjög skrýtið hversu mikið rólegri böllin eru þegar sígarettureykurinn er ekki í nösunum á öllum. En það segir okkur bara að reykurinn hefur meiri áhrif en við höldum,“ segir Arnar.

Jónas Margeir Ingólfsson, formaður nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð, segir félagið vera að skoða þennan möguleika innan skólans vel og vandlega. „Við hér höfum ákveðið að fara mjög lýðræðislega leið að þessu og leyfum þeim sem kaupa miða á böllin okkar að kjósa hvort þeir vilja hafa ballið reyklaust eða ei. Hingað til hafa fleiri viljað hafa reykingar á böllum, því miður,“ segir Jónas, en bætir því við að mikill áhugi sé meðal skólastjórnarinnar að hafa böllin reyklaus. „Þegar reykingabannið gengur í gildi í júlí munum við fagna því. Hvað er betra en ung og hrein lungu.“

alfrun@frettabladid.is



**JÓNAS MARGEIR INGÓLFSSON** Formaður nemendafélags MH en MH-ingar hafa ekki ennþá tekið upp reykingabann á böllunum, en hann segir að mikill áhugi sé fyrir því hjá stjórn skólans.

# Skemmtilegt popp-pönk

Hljómsveitin Dýrðin hefur starfað frá árinu 1994, með töluverðum hléum og einhverjum mannabreytingum. Hún hefur getið sér gott orð sem tónleikasveit síðustu ár, m.a. á Airwaves-hátíðunum 2005 og 2006 og hefur spilað eitthvað vestanhafs, en þessi fyrsta plata sveitarinnar er gefin út af plötufyrirtækinu Skipping Stones Records í Oakville í Connecticut.

Tónlist Dýrðarinnar er frísklegt popp-pönk. Lögin eru melódísk og einfaldur hljómborðsleikur setur sterkan svip á þau ásamt söng Hafdísar Hreiðarsdóttur. Oft minnir þessi tónlist á poppaðar pönksveitir eins og Buzzcocks og jafnvel Fræbblana, en líka á japanskar stelpurokksveitir eins og Shonen Knife og The 5.6.7.8‘s.

Það eru ellefu lög á plötunni og þau standa öll fyrir sínu þó að þau séu misgóð. Ég er sérstaklega hrifinn af lögunum Prins í álögum og Popp & Co., bæði skotheldir smellir sem ættu hæglega að geta náð vinsældum í útvarpi. Textarnir eru skemmtilega hversdagslegir og lausir við hátíðleika og remb ing og passa tónlistinni vel. Platan er ágætlega unnin. Hljómurinn er fínn, hljóðfæraleikur er skammlaus og söngur Hafdísar hæfir þessari tónlist vel.




**TÓNLIST**
**Dýrðin**
Dýrðin
★★★

Þó að í tónlist Dýrðarinnar sé ekkert nýtt að finna þá er þessi fyrsta plata sveitarinnar frískleg og skemmtileg popp-pönk plata.

Í heildina litið er þessi plata Dýrðarinnar hin besta skemmtun. Hún telst ekki til tíðinda í rokksögulegu samhengi, en ánægjan sem sveitin hefur sjálf af tónlistinni skín í gegn og það er mikils virði.

Trausti Júlíusson




**kl. 19.35 /23.45**
*Mínútumyndir í tilefni af 40 ára afmæli Félags kvikmyndagerðarmanna.*
*Í kvöld eru það myndir Hilmars Oddssonar, 27.09.06: Venjulegur dagur, og Óskars Jónassonar, Dagsverk, sem verða sýndar í Kastljósi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Skyndibitar Latabæjar

Er Latibær skyndibiti? Og meira að segja óhollur skyndibiti? Það er niðurstaða Dagnýjar Kristjánsdóttur prófessors sem hefur lagst í verk Magnúsar Schevings um íþróttaálfinn knáa og birtir grein um þau í nýju hefti Tímarits Máls og menningar, síðasta hefti þessa árs sem er nýkomið út. Fyrirbærið Latibær er gott dæmi í menningar- og markaðsfræðum, segir Dagný, svo ótrúlega vel hefur gengið að breiða það út um heimsbyggðina. En hvernig er talað til neytendanna „barnanna" í bókunum og sjónvarpsþáttunum um Latabæ? Meðal annars efnis í heftinu er merk afmælisgrein Önnu Þ. Ingólfsdóttur um Vísnabókina sextuga; ítarleg greining Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur á verðlaunabókinni Engill í Vesturbænum; sjötíu ára gamalt bréf frá verkakörlum á Akureyri til Kristins E. Andréssonar; síðari grein Gísla Sigurðssonar um íslenska málpólitík og samanburður Jóns Yngva Jóhannssonar á Roklandi og 101 Reykjavík. Ljóð eru í heftinu eftir Þórarin Eldjárn, Ara J. Jóhannesson, Einar Kárason og fleiri. Smásaga eftir spænska skáldið Ana María Matute og margt fleira. Útgefandi TMM er Mál og menning – Heimskringla en ritstjóri er Silja Aðalsteinsdóttir. **- pbb**



**ÍÞRÓTTAÁLFURINN** Talar hann niður til barnanna?

### > Ekki missa af …

hádegistónleikum Íslensku óperunnar kl. 12.15. Þar flytja Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, rússneskar og ítalskar aríur um ástina á einn eða annan hátt.

hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni kl. 12.05. Agnes S. Arnórsdóttir, lektor í miðaldasögu við Árósaháskóla, talar um tilhneigingar í íslenskri söguritun frá upphafi.

# Gröndalshús í hættu

Undir lok vikunnar síðustu tók hópur manna sig til í Reykjavík og fór í blysför frá Þingholtsstræti að húsi Benedikts Gröndal við Vesturgötu 16b. Förin var gengin til að mótmæla áformum borgaryfirvalda sem nýlega keyptu húsið og hyggjast flytja það í Árbæ. Telur hópurinn sem gekk að það sé misráðið og borgarbúar eigi Gröndal skuld að gjalda, einu helsta skáldi þeirra á nítjándu öld, náttúrufræðingi, myndlistarmanni og menningarfrömuði í mörgu tilliti. Eru borgaryfirvöld gagnrýnd harðlega fyrir þessar áætlanir. Hús Gröndals stendur í skugga bak við yngra hús, en það er eitt af mörgum gömlum húsum við Vesturgötu. Þaðan hafa horfið hús undir því yfirskini að þeim skyldi komið í Árbæ. Þeirra á meðal er Sjóbúðin þar sem Geir Zoëga bjó, sem var drifkraftur í borginni um síðustu aldamót. Það hefur aldrei risið þar og viðir þess fóru í önnur hús. Nú er hafið stríð um hús Gröndals og reynir nú á borgarstjórn og aðrar opinberar nefndir sem bera ábyrgð á minjavörslu húsa í landinu. **- pbb**



**HÚS BENEDIKTS GRÖNDAL SKÁLDS**


KYNNINGARFUNDUR UM NÁM Í KERFISFRÆÐI

í Háskólanum í Reykjavík
15. nóvember kl. 17:00



Í Háskólanum í Reykjavík er hægt að stunda fjarnám og nám með vinnu í kerfisfræði.

Almennur kynningarfundur verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík Ofanleiti 2, miðvikudaginn 15. nóvember kl. 17:00.

**Umsóknarfrestur um nám í kerfisfræði er til 1. desember.**

Nánari upplýsingar veitir:
Ásrún Matthíasdóttir,
lektor og verkefnastjóri
fjarnáms HR.
Sími: 599 6272
asrun@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKA 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


# Tilnefnd til verðlauna

**Það styttist í að Myndstefsverðlaunin svokölluðu verði veitt og var tilkynnt á föstudag hverjir væru tilnefndir að þessu sinni. Sex myndhöfundar, þrjár konur og þrír karlar, keppa um heiðursverðlaun Myndstefs, myndhöfundasjóðs Íslands, en forseti Íslands úthlutar þeim hinn 21. nóvember næstkomandi. Það verður í annað sinn sem verðlaunum Myndstefs er úthlutað.**



**ANDRES KOLBEINSSON**



**VALGERÐUR BERGSDÓTTIR**

Þau eru veitt fyrir afburðaframlag til myndlistar, framúrskarandi myndverk eða sýningu. Verðlaunin nema samtals einni milljón króna. Landsbanki Íslands er fjárhagslegur bakhjarl heiðursverðlaunanna og leggur til helming verðlaunafjárins en hinn helmingurinn kemur úr sjóðum Myndstefs, sem er höfundarréttarsjóður myndlistar í landinu.

**Þessi eru tilnefnd í ár:**

■ Andrés Kolbeinsson fyrir merkt framlag til íslenskrar ljósmyndalistar sem kynnt var almenningi í fyrsta sinn á yfirlitssýningu á vegum Ljósmyndasafns Reykjavíkur sumarið 2006.
■ Atli Hilmarsson fyrir fjölþætt verkefni á sviði grafískrar hönnunar, meðal annars í tengslum við landnámssýninguna Reykjavík 871+/- í kjallara Aðalstrætis 16 og Sjónlist 2006 á Akureyri.
■ Birgir Andrésson fyrir persónulegt framlag á sviði myndlistar og frumlega túlkun á íslenskum þjóðareinkennum í verkum sínum á yfirlitssýningu í Listasafni Íslands vorið 2005.
■ Rúrí fyrir gjörninginn Tileinkun, sem fram fór við Drekkingarhyl á Þingvöllum í tengslum við samsýninguna Mega vott í Hafnarborg haustið 2006, og fyrir áhrifamikið framlag til íslenskrar myndlistar.
■ Sigríður Sigþórsdóttir, VA arkitektum, fyrir hönnun lækningalindar Bláa lónsins og Landnámsseturs í Borgarnesi, þar sem næm tilfinning og virðing fyrir náttúrulegu umhverfi og sögulegu samhengi er einkennandi.
■ Valgerður Bergsdóttir fyrir steinda glugga í Reykholtskirkju, sýningarnar Teikn og hnit og AND-LIT í Gerðarsafni og fyrir fjölþætt störf á vettvangi íslenskrar myndlistar sem kennari, stjórnandi og myndlistarmaður.

Tilnefningar bera með sér fjölbreytileikann sem er í myndlist landsmanna: ljósmyndari sem átti sitt besta skeið á sjötta og sjöunda áratugnum en tekur enn myndir; myndlistarmaður sprottinn af akri konseftlistar; grafískur hönnuður og glerlistakona og kennari með meiru.



**ATLI HILMARSSON**

Þriggja manna dómnefnd, skipuð þeim Valgerði Hauksdóttur myndlistarmanni, Pétri Ármannssyni arkitekt og Björgólfi Guðmundssyni, stjórnarformanni Landsbankans, velur úr tillögum. Innan vébanda Myndstefs eru á fjórtánda hundrað manns í sex aðildarfélögum: Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Ljósmyndarafélagi Íslands, Félagi íslenskra teiknara, Félagi grafískra teiknara, Arkitektafélagi Íslands og Félagi leikmynda- og búningahöfunda. Einnig eiga aðild að Myndstefi allmargir erfingjar að myndhöfundarétti. **- pbb**



**SIGRÍÐUR SIGÞÓRSDÓTTIR**



**RÚRÍ**



**BIRGIR ANDRÉSSON**

# Fleiri gesti – takk

Á laugardag var hrint af stað átaki Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem vill sjá fleiri gesti á hljómleikum sínum í Háskólabíói. Átakið fór í gang með árlegri bíósýningu þeirra á Melunum, en þar var sýnd Chaplin-dagskrá og lék hljómsveitin undir. FL Group leggur hljómsveitinni lið og kallast það: Fyrsti konsert er frír. Eins og nafnið bendir til eiga nú allir landsmenn kost á því að kynnast hljómsveitinni, sjá hana og heyra í öllu sínu veldi á tónleikum. Áhugasamir þurfa eingöngu að fara inn á heimasíðu hljómsveitarinnar, www.sinfonia.is og skrá sig þar. Hljómsveitin mun síðan bjóða öllum sem skrá sig á tónleika við fyrsta tækifæri.

Ráðist er í átakið því margt bendir til að fólk hafi áhuga á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar en mikli fyrir sér að stíga skrefið til fulls. Með þessu móti er vonast til að áhugasamir taki skrefið á tónleikana og njóti þeirrar upplifunar að heyra fullvaxna sinfóníuhljómsveit leika á tónleikum. Háskólabíó er stór tónleikasalur og er oftar en ekki þétt setinn á tónleikum. Val um sæti er því alltaf háð aðsókn greiðandi gesta.

En yfirleitt eru einstaka sæti laus og það eru einmitt þau sem áhugi er á að nýta fyrir áhugasama sem hafa aldrei komið á tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. **- pbb**



**TÓNLIST** Bergur Ingólfsson sem Charlie Chaplin á tónleikum SÍ á laugardag.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ásgerður syngur lög Magnúsar Blöndal

Ásgerður Júníusdóttir stendur í ströngu þessa dagana. Hún er að frumæfa nýja óperu sem frumsýnd verður í lok vikunnar og jafnframt tekin til við að kynna disk sinn með sönglögum eftir Magnús Blöndal Jóhannsson sem kemur út fljótlega. Nýi diskurinn hefur að geyma öll sönglög Magnúsar Blöndals en fæst þeirra hafa komið út áður. Magnús samdi talsvert af sönglögum en kunnast þeirra er hin erfiða voacalísa Sveitin milli sanda sem hefur komið út í fjölda gerða eftir að Elly Vilhjálms söng hana fyrst.

Safndiskur Ásgerðar er áframhald á þeirri vinnu sem hún hefur lagt í að eigin frumkvæði. Mörgum er í minni diskur hennar sem geymdi safn af nýjum sönglögum kvenskálda og kventónskálda sem Smekkleysa gaf út fyrir fáum árum og söngkonan fékk mikið lof fyrir.

Ásgerður flutti í vor sem leið nokkur lög af þessu safni á minningarkvöldi um Magnús en í vinnslu er heimildarmynd um feril þessa merka tónskálds og fyrirhuguð útgáfa á verkum hans á vegum Smekkleysu. Er diskur Ásgerðar hluti af því plani. Alls eru 18 verk á disknum. Og að auki verða fimm „remix“ af vocalísum Magnúsar eftir unga tónlistarmenn: þeirra Áka Ásgeirssonar, Þóru Marteinsdóttur, Davíðs Brynjars Franzsonar, Þuríðar Jónsdóttur, Einars Arnar Benediktssonar og Bibba Curver. Það er Árni Heimir Ingólfsson sem leikuyr undir söng Ásgerðar á píanó, en Þórhallur Steingrímsson á harmoníum og orgel. Upptökur fóru fram í Salnum og í Neskirkju. Diskurinn er væntanlegur til landsins. - pbb



**TÓNLIST** Ásgerður Júníusdóttir gefur út disk með sönglögum Magnúsar Blöndal.




# VIÐ ÞURFUM STERKARI FRAMSÓKN!

Prófkjör okkar framsóknarmanna snýst ekki um einstaklinga heldur flokk. Framsóknarmenn þurfa miklu sterkari flokk. Þjóðin öll þarf umbótasinnaðan frjálslyndan félagshyggjuflokk sem kann til verka á miðju stjórnmálanna og stendur óhikað öflugan vörð um hagsmuni landsbyggðarinnar.

Póstkosningu okkar lýkur á allra næstu dögum. Ég hvet þig til þátttöku og bið þig um að kjósa með framtíðarhag Framsóknarflokksins að leiðarljósi. Við þurfum sterkari framsókn. Um það snýst málið. Þar getur þitt atkvæði ráðið miklu.

1. sæti

KRISTINN H. GUNNARSSON








ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **örfá sæti laus**, lau. 25/11 **örfá sæti laus**, sun. 26/11 **örfá sæti laus**, fös. 1/12, lau. 2/12. **Síðustu sýningar fyrir jól.**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 18/11 **kl. 14:00 uppselt**, sun. 19/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00**, sun. 7/1 **kl. 14:00** og **kl. 20:00.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim 16/11 **örfá sæti laus**, fös. 17/11 **örfá sæti laus**, fim. 23/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **örfá sæti laus** og **kl. 20:00.** **Sýningum lýkur fyrir jól!**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
mið. 15/11 í **Fjölbrautaskóla Vesturlands** kl. 20:00, sun. 19/11, **örfá sæti laus**, sun. 26/11.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00**

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 19/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **kl. 20:00 örfá sæti laus. Sýningum lýkur fyrir jól!**

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 18/11 kl. **11:00 uppselt og 12:15 uppselt. Sýningar hefjast í Kúlunni í janúar.**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt,** sun. 26/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt,** lau. 2/12 **kl. 13:00 uppselt,** og **kl. 14:30 uppselt** - aukasýning **kl. 16:00,** sun. 3/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus** og **kl. 14:30 örfá sæti laus** - aukasýning **kl. 16:00,** lau. 9/12 **kl. 13:00, kl. 14:30** og **kl. 16:00**, sun. 10/12 **kl. 13:00, kl. 14:30** og **kl. 16:00.**

**HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?**
**Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst 21/11.**
**Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.**
**Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 19/11 kl. 14 Sun 26/11 kl. 14
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20
Fös 1/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 16/11 kl. 20 UPPS. Fim 23/11 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

**MANNTAFL**
Sun 19/11 kl. 20 Síðasta sýning.

**FJÖLSKYLDUSÝNING Íd**
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14
Frítt fyrir 12 ára og yngri

**ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS**
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

**WATCH MY BACK**
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20.10
Miðaverð 1.000 kr.

**MEIN KAMPF**
Fös 17/11 kl. 20 Lau 18/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

**SAKAMÁL Á SVIÐ**
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 19/11 kl. 20. Ókeypis aðgangur

**AMADEUS**
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS**
Fim 23/11 kl. 21
Miðaverð 3.500

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA**
Mið 29/11 kl. 20 og 22.
Miðaverð 4.000

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**


## NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út ný ljóðabók eftir Hannes Pétursson, Fyrir kvölddyrum. Hannes Pétursson er löngu viðurkenndur sem eitt helsta skáld 20. aldar. Allt frá því hann sendi frá sér Kvæðabók árið 1955, aðeins 23 ára að aldri, hefur þjóðin tekið skáldskap hans fagnandi. Fá skáld hafa þótt yrkja af jafn miklum hagleik og öryggi, bæði undir hefðbundnum háttum sem og í frjálsara formi, og bragleikni Hannesar helst í hendur við einstaka myndvísi. Hannes yrkir um mannlegar tilfinningar í öllum sínum fjölbreytileika, en ekki síst eru það yrkisefni tengd náttúru og sögu Íslands sem hafa gert hann ástsælan með þjóðinni. Síðasta ljóðabók hans, Eldhylur (1993), færði honum Íslensku bókmenntaverðlaunin.



Bókafélagið Ugla hefur gefið út bókina Borgarstjórann í Casterbridge eftir Thomas Hardy í þýðingu Atla Magnússonar. Sagan gerist á æskuslóðum höfundar í Dorchester á Englandi (sem er Casterbridge í sögunni). Atvinnulaus lausamaður, Mikael Henchard, selur í ölæði konu sína og dóttur ókunnum sjómanni á sveitamarkaði. Í iðrun og örvæntingu hefur hann árangurslausa leit að konunni og barninu og gengur í 21 árs bindindi. Að átján árum liðnum hefur vegur hans vaxið svo að hann er orðinn borgarstjóri í Casterbridge, voldugur kaupmaður og mikils metinn. En fortíðin hvílir á honum eins og mara. Með útkomu Borgarstjórans í Casterbridge hafa þrjár af höfuðskáldsögum enska rithöfundarins Thomasar Hardys (1840-1928) komið út á íslensku. Árið 1942 var Tess af D'Urberville-ættinni gefin út og kom tólf árum síðar í 2. útgáfu. Heimkoma heimalningsins kom út 1968, en þær þýddi Snæbjörn Jónsson bóksali. Atli Magnússon hefur á undanförnum árum þýtt mörg af þekktustu verkum heimsbókmenntanna. Auk Borgarstjórans í Casterbridge má þar t.d. nefna: Carrie systir eftir Theodore Dreiser, Gatsby og Nóttin blíð eftir F. Scott Fitzgerald og Nostromo og Meistari Jim eftir Joseph Conrad. Borgarstjórinn í Casterbridge er 390 bls. ásamt eftirmála þýðanda og tilvísunum.



# Vesalingar á Broadway




Vesalingarnir koma aftur upp á Broadway í nóvember og hefjast forsýningar aðra helgi. Eru sýningar áætlaðar í sex mánuði. Það er sama gengið sem stendur að sýningunni og vann upphaflegu sviðsetninguna fyrir RSC sem frumsýnd var síðla árs 1985. Sú sviðsetning flutti síðan í West End og á Broadway. Þar gekk hún frá 1987 til 2003.

Sviðsetning Þjóðleikhússins þótti draga dám af upprunalegu sviðsetningunni og leiddi til athugasemda í dagblöðum frá fulltrúa Autograph, en það fyrirtæki sá um hljóðhönnun á Vesalingunum upprunalega. Gangur verksins hér var óvenju góður miðað við söngleiki en verkið er stórt og dýrt í flutningi. **- pbb**

# Tár, bros og hnúajárn



**BÆKUR**
**Skuldadagar**
Jökull Valsson
Bjartur
★★★
Þrælgóð samtímasaga þar sem ungur höfundur fer langleiðina með að festa sig í sessi.

Jökull Valsson vakti talsverða athygli fyrir sína fyrstu skáldsögu, hrollvekjuna Börnin í Húmdölum, sem kom út fyrir tveimur árum. Í Skuldadögum rær Jökull af miðum Stephens King og niður í reykvíska undirheima.

Hér segir frá dópsalanum (og fíklinum) Matta, sem vaknar upp við vondan draum á föstudagsmorgni. Búinn að týna 50 grömmum af kókaíni sem honum var falið að selja yfir helgina og veit sem er að eigandinn verður allt annað en hrifinn. Hann þarf sem sagt að hafa upp á dópinu ellegar redda andvirði þess með öðrum ráðum, forðast handrukkara og ofan í kaupið þarf hann svo að mæta í lamb hjá mömmu.

Efniviðurinn býður upp á mikla keyrslu og Jökull lætur það ekki fram hjá sér fara; á fyrstu síðum er söguhetjan komin á sprett sem – með hjálp hvíta púðursins – stendur fram á sunnudag og verður blóðugri eftir því sem á líður.

Matti er óheillakráka, lausnirnar á raunum hans virðast ítrekað vera handan við hornið en í hvert skipti sem hann reynir að bæta stöðu sína sekkur hann dýpra í fenið. Auk hans koma við sögu vinur hans Steini, steratröllið Reynir og kærastan hans Beta, handrukkararnir Ottó og Benni, ítalski pitsubakarinn Valentino, Eiður, yfirmaður Matta, og verðbréfasalinn Sigurgeir, sem er í raun hákarlinn á toppi dópþýramídans en er minntur harkalega á hlutskipti þeirra sem verða botninn.

Lykilpersónurnar eru vel heppnaðar og skýrar. Hvorki afskrifaðar sem ræflar eða upphafnar sem hetjur, bara eins og hvert annað fólk en tilheyrir samfélagskima þar sem önnur lögmál gilda en í hversdagslífi flestra. Jökull minnir þó á að þessi kimi er órofinn heildinni og teygir sig ofar upp samfélagsstigann en margir vilja vera að láta.

Jökull hefur traust tök á textanum. Sagan er yfirleitt sögð frá sjónarhorni Matta, sem er stútfullur af meiningum um hvað er að íslensku samfélagi, en frásögnin flakkar stöku sinnum yfir í þriðju persónu. Stíllinn er talmálslegur, með tilheyrandi slangri, og skerpir á keyrslunni þótt hann sé líklegri til að höfða til yngri lesenda en eldri.

Sú mynd sem dregin er upp af Reykjavík er ekki kræsileg en raunsæ. Undir lokin reynir Jökull vissulega á þanþol lesandans í ofbeldislýsingum en heldur sig þó innan marka þess sem má kalla trúverðugt. Honum skrikar þó stundum fótur, til dæmis á Matti til að reifa sjónarmið sín um samfélagsmein á borð við gatnaskipulag á ótrúlegum stundum. Slíkum agnúum er þó auðvelt að líta fram hjá.

Skuldadagar er samtímasaga í húð og hár, skrifuð í stormi sinna tíða og mun því kannski eldast hratt, en svínvirkar í núinu.

**Bergsteinn Sigurðsson**





Sýnt í Iðnó

Fim. Aukas. upps. 9. nóv
Fös. 10. nóv
Lau. 11. nóv
Lau. 18. nóv
Sun. 19. nóv
Fös. 24. nóv
Lau. 25. nóv

Miðasala virka daga frá kl. 11–16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700
www.idno.is
Sýningar kl. 20




Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

**SKUGGALEIKUR**
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR
ARÍUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL.12.15
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
**FRÉTTABLAÐIÐ**

# *Úr aldingarði Ólafs Jóhanns*

Gulldrengur var heitið sem Eva María Jónsdóttir valdi Ólafi Jóhanni Ólafssyni í kynningu sinni fyrir drottningarviðtal ríkissjónvarpsins á sunnudaginn. Ýmsir áttu nú von á að Eva klifi tinda og talaði til dæmis við Hannes Pétursson um nýja ljóðabók hans en hún var við sitt heygarðshorn: tengsl ritstjórnar og auglýsinga verða stundum undarlega skýr hjá ríkisstarfsmönnunum.

Ólafur Jóhann er semsagt að gefa út nýja bók á Íslandi. Raunar kemur hún út í Bandaríkjunum um svipað leyti, eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir nokkrum dögum. Nýja verkið er smásagnasafn, þematengt, tólf sögur sem allar bera heiti mánaðanna og hefst safnið í byrjun árs. Ólafur tileinkar safnið fyrsta forleggjara sínum, Ólafi Ragnarssyni, enda á hann þar skuld að gjalda: Ólafur smíðaði metsöluhöfundinn Ólaf Jóhann úr engu með yfirlýsingaglaðri herferð í hvert sinn sem skáldið sendi frá sér nýjan texta. Þarmeð var Ólafur settur á bás, eða hent upp á stall væri nákvæmara. Á kápu Aldingarðsins segir útgefandinn: „Sjaldan hefur Ólafi Jóhanni tekist eins vel upp og í þessari bók“ sem er eins og hvert annað skrum.

Safnið byggist að vanda á fáguðum og á stundum fornfálegum stíl hans, en er fjarri því að honum hafi sjaldan tekist betur. Hinar stóru skáldsögur hans eru miklu metnaðarmeiri verk og verða að skoðast í þeim skala, víðar og flóknar sögur sem heimta miklu meira þan í frásögn, fléttu og stíl. Svo því sé haldið til haga.

Ólafur er raunar merkilegt fyrirbæri að mörgu leyti: fyrsti höfundurinn sem á heimili í tveimur löndum og stefnir á tvítyngdan feril síðan þá leið Gunnar og Jóhann Sigurjónsson. Hann er metnaðargjarn vel og ekki dregur fjárhagsleg velgengni hans og frami úr áhuga, þótt pengingapokinn þyngi honum göngu á skáldabrautinni – að sumra áliti að minnsta kosti.

Heyrt hef ég mæta menn halda því fram að hann skrifi bestsellera upp á amerískan máta. Smásögur hans í þessu safni eru allar í klassískum stíl smásögumeistara á borð við Maupassant og Tjekov. Lýsing á tilteknum aðstæðum, fyrr og síðar, í lífi persóna, þar sem sögumaður stekkur inn og lýsir hugarþeli og framgöngu, boðar jafnvel háskann sem yfir vofir. Ólafur leggur að vanda mikið úr þeim hluta borgaraskaparins sem hann hefur haft fyrir augunum: íslenskir menn á austurströndinni, betur sett efri millistéttarfólk í snertingu við talsverðan auð. Það virðist flestallt lifa án þess að hafa fjárhagslegar áhyggjur, fer satt í sína sumarbústaði, hér heima eða á Long Island. Þar er drykkjuskapur undantekning, enginn blæs úr nös, eða sýgur í hana, hvað þá að menn fái almennileg kjaftshögg. Þetta er átakalítill heimur.




**BÆKUR**
**Aldingarðurinn**
Smásögur
Vaka - Helgafell
★★★
Tólf snjallar söguflléttur í fáguðum stíl þrautreynds sögumanns

Samt tekst Ólafi víða að láta allt hrynja kringum sitt fólk og víða á býsna áhrifamikinn hátt.

Svo verður að færa það til bókar að hér er settur saman sveigur af sögum og verður að skoða þær líka frá því sjónarhorni. Hver mánuður vísar ekki aðeins til söguaðstæðna, heldur hefur hann líka með átökin að gera. Þetta er víða fallega leyst hjá skáldinu. Þar vantaði að mínu mati mest í haustrigningar og vetrarstorma. Safnið líður nokkuð fyrir það þegar á líður.

Ólafur er enginn nýliði lengur á íslenskum skáldabekk og hann á ekki að líða fyrir auglýsingaskrum útgefenda sinna: hann er gjörhugull höfundur með óvenjulegar stílgáfur, einn á báti í íslenskum skáldahóp: Hann skynjar frásögn sína alla jafna í skýrum boga og sækir viðfangsefni víðar og utar en flestir hér gera. Texti hans er þægilegur aflestrar og í þessu safni megnar hann margoft að koma lesanda sínum í opna skjöldu með snjöllum lausnum sem lesandi sér eftir á að hyggja að eru óumflýjanleg örlög eða sjálfskaparvíti.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

# Gaza-ströndin

Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir sýningu á kvikmyndinni Gaza Strip á Kaffi Kúltúra í Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18, í kvöld. Hljómsveitin Retro Stefson leikur nokkur lög áður en sýningin hefst og Sveinn Rúnar Hauksson læknir heldur stutta tölu um aðskilnaðarmúrinn sem risinn er á herteknu palestínsku landi og ástandið á Gaza. Gaza Strip er 74 mínútna heimildarmynd frá árinu 2002 sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Myndin er á arabísku, en með enskum texta. Í henni gefur leikstjórinn James Longley áhorfandanum innsýn inn í daglegt líf íbúa Gazastrandarinnar og þær hörmungar sem venjulegir Palestínumenn mega þola í skugga átaka og hernáms. Myndin er tekin yfir þriggja mánaða tímabil sumarið 2001 og varð tökuliðið tvisvar fyrir skotárásum hernámsliðsins meðan á tökum stóð. Síðan hún var gerð hefur herinn hörfað að landamærum Gaza og yfirgefið ísraelskar landránsbyggðir á svæðinu. Rúmlega milljón Palestínumönnum á svæðinu er hins vegar enn haldið í heljargreipum með innilokunum og árásum. Dagskráin hefst kl. 20.00 með nokkrum lögum Retro Stefson, sem leika órafmagnað. Kvikmyndasýningin hefst kl. 20.30. Aðgangur er ókeypis.



**PALESTÍNA** Læti eftir kosningar til palestínska þingsins.








GILLO PONTECORVO

# Orrustan um Alsír sýnd

Við lát ítalska leikstjórans Gillo Pontecorvo fyrir skemmstu hafa menn víða um lönd dustað rykið af meistaraverki hans frá 1966, Orrustunni um Alsír, eða La Battaglia di Algeri. Í kvöld og á laugardag verður hún sýnd í Bæjarbíói í Hafnarfirði á vegum Kvikmyndasafnsins. Þessi mynd var gerð með heimild Alsírstjórnar og Pontecorvo sýnir alsírsku uppreisnina meistaralega frá báðum hliðum. Franska útlendingahersveitin hefur yfirgefið Víetnam eftir ósigur og þarf nauðsynlega að sýna getu sína. Alsíringar berjast til sjálfstæðis. Andstæðingarnir mætast og allt fer í bál og brand. Frakkar nota pyntingar en Alsíringar beita sprengjutilræðum. Að lokum vinna Frakkar orrustuna en tapa stríðinu eins og svo algengt er í nútíma styrjöldum og einmitt er nú að endurtaka sig í Írak, Palestínu og Líbanon. Myndin speglar heimskulegar tilraunir stjórnvalda til þess að leysa ágreining með ofbeldi, hámarks mannfalli og endalausum þjáningum á báða bóga, auk þess að draga óhjákvæmileg endalokin, ítrekað, á langinn. Við sjáum stríð í sinni verstu mynd, sem skaðar og flekkar hvern sem í það blandast. Eins og margar aðrar klassískar myndir er hún um atburð á ákveðnum tíma en jafnframt tímalaus. Í henni felst lærdómur sem er hvorki fyrir uppreisnarmenn eða nýlenduherra, heldur fyrir mannkynið. Leikurinn er svo eðlilegur og sannfærandi að margir áhorfendur og jafnvel gagnrýnendur héldu að þetta væri heimildarmynd en ekki leikin bíómynd. Pontecorvo samdi sjálfur tónlistina við myndina í samvinnu við Ennio Morricone. Myndin er á ensku, frönsku og arabísku en sýnd með dönskum texta.




fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Allt búið hjá Jude og Siennu

Svo virðist sem allt sé búið milli Siennu Miller og Judes Law, eða hvað? Fjölmiðlar hafa ekki getað treyst einni einustu frétt af parinu sem hefur verið sundur og saman síðastliðið ár og fáum kæmi það á óvart ef skötuhjúin birtust á næstu dögum með þá yfirlýsingu að allt væri í himnalagi.

Slúðurblaðið People hefur eftir nánum vinum hjónaleysanna að þau hafi fengið nóg af hvort öðru en ákvörðunin hafi verið tekin í sameiningu. „Þau hafa reynt að láta þetta ganga en mistekist. Bæði Jude og Siennu líður illa yfir þessu en halda að þetta sé þeim fyrir bestu,“ sagði vinurinn í samtali við blaðið. Talsmenn parsins vilja ekkert tjá sig um það en vinahópurinn í kringum þau virðist sannfærður um að öllu sé lokið. „Börnin skipta Jude mestu máli og það fer illa í Siennu,“ er haft eftir nánum vini leikkonunnar.

Sienna og Jude slitu sambúðinni eftir að bresku blöðin birtu fréttir af ástarsambandi hans og barnfóstru barna hans og Sadie Frost. Þau náðu síðan aftur saman en voru fljót að skilja eftir að sömu blöð komust á snoðir um einnar nætur gaman Miller og Daniels Craig. Parið ákvað síðan að reyna að blása nýju lífi í glæðurnar og vonuðust fjölskyldur þeirra beggja að hið versta væri yfirstaðið en sá draumur varð ekki að veruleika... í bili.


**ÖLLU LOKIÐ** Sienna og Jude eru hér með móður leikkonunnar, Jo Miller. Parið hefur verið sundur og saman en nú virðist úti ævintýri.

# Spider Man eignast barn


**MAGUIRE** Tobey Maguire hefur eignast sitt fyrsta barn með unnustu sinni, Jennifer Meyer.

Köngulóarmaðurinn Tobey Maguire hefur eignast sitt fyrsta barn með unnustu sinni, Jennifer Meyer. Eignuðust þau stúlku á sjúkrahúsi í Los Angeles.

Maguire, sem er 31 árs, er þekktastur fyrir hlutverk sitt í Spiderman-myndunum. Hann hefur einnig leikið í myndum á borð við The Cider House Rules og The Wonder Boys.


**KYLIE** Kylie Minogue og Bono sungu dúett í Ástralíu við frábærar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Söng dúett með Bono

Bono, söngvari U2, söng óvænt dúett með Kylie Minogue á tónleikum hennar í Ástralíu. Sungu þau lagið Kids sem Kylie söng upphaflega með Robbie Williams.

„Það er svo mikill heiður fyrir þig að koma fram með mér,“ sagði Kylie í léttum dúr er hún kynnti Bono til sögunnar. Þetta voru aðrir tónleikar Kylie eftir að hún sneri aftur úr veikindum sínum.

# Frábær byrjun á nýjasta tónleikastaðnum í borginni

Nýja viðbótin á verslunarmarkaðnum, Liborius við Mýrargötu, hefur gefið sig út fyrir að vera ekki bara fataverslun. Það var aldeilis sýnt og sannað á laugardaginn en þá hélt Daníel Ágúst Haraldsson tónleika inni í búðinni með fullskipaða hljómsveit. Í versluninni er svið og hefur eigandinn, Jón Sæmundur Auðarson, sagt að svona uppákomur verði reglulega í búðinni, en þá verður fatnaðurinn tekinn í burtu, enda allar innréttingar færanlegar.

Fjölmenni var á tónleikunum og virtust allir skemmta sér hið besta.

- áp


**PERSÓNUTÖFRAR** Daníel Ágúst tók sig vel út á tónleikunum eins og honum einum er lagið.


**AGNDOFA** Mínusstrákanir Krummi og Þröstur stóðu fremst í flokki, hlustuðu og horfðu á Daníel Ágúst leika listir sínar.


**MARGMENNI** Búðin fylltist af fólki á öllum aldri sem hreifst af tónlistinni eins og myndirnar sýna.


**MIKIÐ STUÐ** Gítarleikarinn Toggi var vel með á nótunum upp á sviði.

# Sakna ekki Robbie

Strákarnir í hinni fornfrægu hljómsveit Take That segjast ekkert sakna Robbie Williams. Þeir Gary Barlow, Howard Donald, Mark Owen og Jason Orange ákváðu að sameina sveitina á ný eftir langa pásu en Robbie Williams, sem hefur náð mestri frægð af þeim öllum, ákvað að vera ekki með.

Nú segja kapparnir að Robbie hefði ekki passað í hópinn eins og hann er núna. „Aðdáendur okkar gætu verið á annarri skoðun en ég er viss um að hann hefði ekki getað verið í hljómsveit með okkur. Við þekkjum hann ekki lengur,“ segir Howard Donald.


**TAKE THAT** Nú eru liðsmennirnir bara fjórir en segjast ekki sakna Robbie Williams sem ekki vildi ganga til liðs við sveitina á ný.

# Jack Palance er látinn

Bandaríski leikarinn Jack Palance er látinn, 87 ára að aldri. Ferill Palance spannaði sex áratugi. Hann vann Óskarinn árið 1992 fyrir gamanmyndina City Slickers. Vakti hann mikla athygli þegar hann gerði armbeygjur með annarri hendi er hann tók á móti verðlaununum.

Palance var jafnframt tilnefndur til Óskarsins fyrir myndirnar Sudden Fear og vestrann Shane. Palance lætur eftir sig eiginkonu og tvær dætur.


**JACK PALANCE** Leikarinn Jack Palance er látinn, 87 ára að aldri.


Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.

NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ




Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf&heilsa
Við hlustum!


# Neitar að hreinsa mannorð Mills

Nafn Heather Mills bar á góma í viðtali sem hin virta sjónvarpskona Daphne Barak tók við vopnasalann Adnan Khashoggi. Því hefur lengi verið haldið fram að fyrirsætan og fyrrum eiginkona Pauls McCartney hafi gert sig út sem vændiskona á árum áður og Khashoggi hafi verið einn viðskiptavinanna. Talið er að fortíð Mills gæti verið dregin fram þegar skilnaður hennar og Bítilsins Pauls McCartney verður tekinn fyrir í breskum réttarsölum snemma á næsta ári en deilur þeirra virðast nú vera í rénun eftir að hafa verið á forsíðum götublaðanna í Bretlandi undanfarnar vikur.

Frá því er greint í netútgáfu Daily Mail að Khashoggi hafi viðurkennt að Mills hafi sótt teiti hjá sér á Marbella árið 1988 en vildi hins vegar ekki staðfesta það beint að hann hefði greitt henni fyrir að sofa hjá sér. „Hverjum er ekki sama?“ svaraði Khashoggi þegar sjónvarpskonan Barak gekk á hann með spurningar um Mills.

Tvær fyrrverandi fylgdarkonur hafa báðar lýst því yfir í fjölmiðlum á undanförnum árum að Mills hafi átt í nánum samskiptum við ríka karla gegn greiðslu en fyrirsætan hefur ávallt neitað öllum ásökunum. Khashoggi sagði að þetta væru deilur milli kvenna en neitaði hins vegar að hreinsa mannorð Mills. Hann vildi þó að Bretar sýndu Heather meiri samúð á þessum erfiðu tímum. „Mills fann mann sem hún elskaði en hún hefði mátt leggja harðar að sér í hjónabandinu,“ sagði Khashoggi.

- fgg


**ERFIÐIR TÍMAR** Heather Mills hefur átt erfitt uppdráttar í breskum fjölmiðlum og fær ekki mikla samúð hjá löndum sínum.


**KHASHOGGI** Vopnasalinn játaði því hvorki né neitaði í sjónvarpsviðtali að Mills hefði verið fylgdarkona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Engin trúarbrögð



ELTON JOHN Tónlistarmaðurinn Elton John vill banna trúarbrögð því þau ali á fordómum gagnvart samkynhneigðum.

Tónlistarmaðurinn Elton John segir að banna eigi trúarbrögð því þau skorti samúð og ýti undir fordóma gagnvart samkynhneigðum. Elton heldur þessi fram í viðtali við tímaritið Music Monthly.

„Mér finnst trúarbrögð alltaf hafa alið á hatri gagnvart samkynhneigðu fólki. Frá mínum bæjardyrum séð ætti að banna þau í einu og öllu,“ sagði hann. „Skipulögð trúarbrögð virðast ekki virka. Þau breyta fólki í hatursfulla einstaklinga þar sem alla samúð skortir.“

Elton segist í viðtalinu vera andvígur Íraksstríðinu og segir að stuðningur Tonys Blair forsætisráðherra við Bandaríkin í Íraksmálinu hafi komið honum í koll. Hann ætlar einnig að halda áfram baráttu sinni gegn alnæmi, rétt eins og málefnum samkynhneigðra. „Ég get ekki setið hjá aðgerðarlaus, ég get það ekki lengur. Ég er næstum orðinn sextugur. Ég get ekki setið hjá og ég vil ekki gera það.“

# Milljarðar boðnir í kynlífsmyndband



Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Britney og Kevin voru gift í tvö ár en eru nú svarnir óvinir.

Kevin Federline, fyrrverandi eiginmaður Britney Spears, býður nú hæstbjóðanda til sölu kynlífsmyndband með sér og Britney til að hefna sín á henni eftir að hún sótti um skilnað. Hafa honum þegar verið boðnir tæpir 3,4 milljarðar króna fyrir myndbandið af kvikmyndafyrirtæki nokkru. Vill það dreifa því á netinu til að allur umheimurinn geti séð hvað fór fram í svefnherberginu hjá þeim.

Myndbandið var tekið upp skömmu eftir að Kevin og Britney byrjuðu saman og sýnir þau í alls kyns ástarleikjum. „Þetta myndband er rosalegt og Kevin veit af því,“ sagði kunningi parsins fyrrverandi. Britney óttast mjög að myndbandið muni eyðileggja ímynd hennar og svo gæti farið að hún samþykki kröfu K-Fed um að hann fái rúma tvo milljarða króna vegna skilnaðarins.

Komið hefur í ljós að Britney sótti um skilnaðinn eftir að hún kom að honum í rúminu með annarri konu. Áður hafði hann verið sakaður um að hafa sofið hjá vændiskonum.



ÁNÆGÐIR AÐSTANDENDUR Guðlaug Halldórsdóttir, eigandi búðarinnar, Hildur Hafstein framkvæmdastjóri og Helga Valfells eigandi voru að vonum glaðar í opnuninni.

# Opnun lífsstílsbúðar fagnað með stæl

Verslunin 3 hæðir á Laugavegi hefur verið opin í smá tíma en á föstudaginn blésu aðstandendur búðarinnar til veislu í tilefni opnunarinnar. Fjölmenni var mætt til berja þessa svokölluðu lífsstílsbúð augum en þar kennir margra grasa og vöruúrvalið er afar fjölbreytt.

3 hæðir er skemmtileg að því leyti að í henni er hægt að fá hátísku fatahönnun, smávöru og svo á efstu hæð er veitingastaður þar sem hægt er að taka pásu í verslunarleiðangrinum.



SÆT SAMAN Friðfinnur Sigurðsson og Margrét Guðvarðardóttir létu sjá sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FJÖLMENNI Margt var um manninn enda mikið að sjá í búðinni.



GLÖÐ Í BRAGÐI Birna Hafstein, Þorfinnur Ómarsson og Ástrós Gunnarsdóttir skemmtu sér vel innan um fallega hönnunina.




Lucia MICARELLI

á NASA 9. desember

Berfætti fiðlusnillingurinn sem stal senunni um stund á tónleikum Jethro Tull-foringjans Ian Anderson, kemur hingað í annað sinn á árinu og spilar ásamt hljómsveit á NASA 9. desember kl. 20.00.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

BROT ÚR DAGSKRÁ:

MEDITATION FROM THAIS
MY FUNNY VALENTINE
KASHMIR
NOCTURNE-BOHEMIAN RHAPSODY
WITH OR WITHOUT YOU
ROXANNE
SEND IN THE CLOWNS
SOMEONE TO WATCH OVER ME

Miðasala er hafin í Skífunni, BT úti á landi og á midi.is

midi.is RÁS 2 performer performer.is




# Endurfæðing skóglápsrokksins

Frumburður norsku sveitarinnar Serena-Maneesh hefur breiðst út eins og eldur í sinu innan tónlistarheimsins síðan hún kom út í fyrra hjá hinu smávaxna plötufyrirtæki Honeymilk. Platan hefur á þessu ári fengið alþjóðlega dreifingu og er nú loks fáanleg hérlendis. Því er ekki úr vegi að birta smá umfjöllun um plötuna.

Serena er hugarfóstur Emils Nikolaisen sem áður hafði gert garðinn frægan í Noregi með sveitum á borð við Silver, Extol og The Loch Ness Mouse. Fullskipað eru í bandinu hins vegar sex manns og mynda þessir einstaklingar gífurlega sterka heild (tónleikar sveitarinnar eru sem dæmi magnþrungnir). Tilgangur sveitarinnar virðist augljós; að matreiða ómmikið, óreiðukennt og hart shogazerokk, skóglápsrokk á íslensku. Þegar rennt er í gegnum plötuna má heyra augljós áhrif frá sveitum á borð við My Bloody Valentine, Slowdive, Spacemen 3 og þýskum krautrokk-sveitum, til dæmis CAN og Neu!, auk þess að minna ískyggilega mikið á hina íslensku Singapore Sling sem getur ekki verið annað en töff. Þó svo að þessir áhrifavaldar séu greinilegir fara Emil og félagar einfaldlega svo vel með efnið að jafn gott skóglápsrokk hefur ekki heyrst í heilan áratug eða svo.

Upphafslagið, Drain Cosmetics, gefur strax til kynna það sem koma skal, hádramatískt og svo ómmikið að jafnvel í pínulitlum herynartólum virðist lagið umlykja mann allan. Það sama á við um nær alla aðra tóna sem fylgja á eftir. Spennan í kringum óreiðuna á plötunni er mikil en allt er samt sem áður á sínum stað og fðilfagurt eins og kemur bersýnilega í ljós í lögum á borð við Chorale Lick og Selina's Melodie Fountain.

Helsti galli plötunnar er kannski sá að langir endurteknigarkaflar víðs vegar á plötunni eiga það til að líkjast hver öðrum kannski helst of mikið. Eru samt langt frá því að vera pirrandi enda platan öll heilsteypt og krafturinn nánast ómannlegur. Serena-Maneesh hefur vonandi með þessari plötu sinni hafið nýja shoegaze- bylgju enda þar á ferð ein svalasta tónlistarstefna sögunnar.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**




**TÓNLIST**

**Serena-Maneesh**

Serena-Maneesh

★★★★

Norðmenn sem kunna að spila rokkað shoegaze með miklu distortion, brjáluðum trommuleik, þungum bassa og daufkenndum harmóníum.

# Micarelli til Íslands

Fiðluleikarinn Lucia Micarelli, sem stal senunni um stund á tónleikum Ian Andersons úr Jethro Tull í Laugardalshöll 23. maí, heldur tónleika á Nasa 9. desember.

Lucia mætir hingað með strengjasveit, hljómborðsleikara og trommara og flytur meðal annars djass, klassíska tónlist, tangóa og ýmislegt frá gullaldarárum rokksins. Ætlar hún meðal annars að taka hið sígilda lag Led Zeppelin, Kashmir. Gítarleikarinn Guðmundur Pétursson mun aðstoða hana við flutninginn. Einnig mun hún flytja lagið Bohemian Rhapsody eftir Queen.

Lucia Micarelli er 22 ára, ættuð frá Hawaii. Hún var einungis sex ára gömul þegar kom hún fyrst fram sem einleikari á fiðlu með sinfóníuhljómsveit í heimaborg sinni, Honululu. Síðan þá hefur hún meðal annars verið á tónleikaferðalögum með bandaríska söngvaranum Josh Groban.

Á síðasta ári gaf hún út sína fyrstu plötu, Music From a Farther Room. Þar er að finna klassíska tónlist af ýmsu tagi frá ýmsum tímum.

Miðasala á tónleikana hefst þriðjudaginn 14. nóvember kl. 10.00 á midi.is og í öllum verslunum Skífunnar og BT.



**LUCIA MICARELLI** Fiðluleikarinn færi er á leiðinni hingað til lands í annað sinn.

# Sextán sveitir keppa

Sextán hljómsveitir hafa skráð sig í hina alþjóðlegu hljómsveitarkeppni Global Battle of the Bands sem verður haldin dagana 15.-24. nóvember í Hellinum, tónleikasal Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar (TÞM).

Hljómsveitirnar hafa allar sínar ólíku stefnur, allt frá melódísku poppi upp í hart rokk og verður tónlistarflutningurinn því fjölbreyttur. Einnig er von á gestahljómsveitum til að halda uppi stemningunni á meðan dómnefnd fer yfir úrslit hvers kvölds.

Keppt verður fjögur kvöld, 15., 16., 22. og 23. nóvember, og verður valin ein hljómsveit á hverju kvöldi til þess að keppa til úrslita hérlendis föstudaginn 24. nóvember. Sigurhljómsveit úrslitakvöldsins mun síðan keppa fyrir hönd Íslands í London Astoria í desember.



**FINNEGAN** Hljómsveitin Finnegan vann Global Battle of the Bands hér á landi í fyrra.

Keppnin er árlegur viðburður og hefur verið haldin síðustu tvö ár með góðum árangri. Íslensku hljómsveitirnar Lights on the Highway og Finnegan, sem báru sigur úr býtum hérlendis árin 2004 og 2005, hafa hlotið verðskuldaða athygli í kjölfar þátttökunnar. Hér er því um gott tækifæri að ræða fyrir íslenskt tónlistarlíf á innlendum sem erlendum grundvelli.

Öll kvöldin hefjast kl. 20 og kostar 600 krónur inn á hvert kvöld, en kaupa má aðgangspassa á öll fimm kvöldin fyrir 1.600 krónur. Tónleikarnir eru opnir öllum aldurshópum.

Miðasalan fer fram á www.tonleikar.is. Miðar verða einnig seldir við innganginn hvert kvöld fyrir sig. Nánari upplýsingar um atburðinn má finna á tonleikar.is.

# McQueen gerir brúðarkjólinn

Ofurfyrirsætan Kate Moss hefur ákveðið hvaða hönnuður fær hann þann heiður að hanna brúðarkjól hennar. Þetta er eftirsóknarvert meðal hönnuða enda Moss mikið tískutákn. Það er góðvinur hennar, Alexander McQueen, sem fær að hanna brúðarkjólinn og segist hann vera alsæll með að Moss treysti honum fyrir að gera kjólinn. McQueen segir að kjóllinn verði óhefðbundinn. Fyrirsætan ætlar í hnapphelduna með rokkaranum Pete Doherty og mun brúðkaupið eiga sér stað á afmælisdegi Moss í janúar.



**ALEXANDER MCQUEEN** Er góðvinur Moss og segist ætla að gera óhefðbundinn brúðarkjól í anda Moss.



**KATE MOSS** Það er mjög eftirsóknarvert meðal hönnuða að fá að gera brúðarkjól hennar.






ÁLFABAKKI sýnd í sal 1 og VIP — Sýningartímar

17. NÓV kl. 3 - 6 - 9 - 12
18. NÓV kl. 3 - 6 - 9 - 12
19. NÓV kl. 1:30 - 4:30 - 7:30 - 10:30

KEFLAVÍK

17. NÓV kl. 7 - 10
18. NÓV kl. 5 - 8 - 11
19. NÓV kl. 4 - 7 - 10

Forsala hafin

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| FLY BOYS VIP | kl. 8 - 10:30 | | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 8:30 - 10:10 | B.i. 16 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5 | | | | |
| THE LAST KISS | kl. 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ADRIFT | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | |
| BORAT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10 | B.i. 16 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
gildir ekki á íslenskar myndir né í VIP
SPARISJÓÐURINN

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| THE DEPARTED | kl 10 | B.i.16 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

www.haskolabio.is




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5:50 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 |
| FLY BOYS | kl. 6 - 9 | B.i.12 | THE QUEEN | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| | | | THE GUARDIAN | kl. 10:30 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919




**SIGTIÐ** Hinn vonlausi Frímann og félagar hans í Sigtinu hafa notið mikilla vinsælda upp á síðkastið.

# Frímann á iTunes

Aðdáendum gamanþáttarins Sigtið, sem var nýverið tilnefndur til Eddu-verðlaunanna, gefst nú kostur á að nálgast þáttinn á iTunes. Hægt er að sækja þáttinn á vefslóðinni www.podcast.is og horfa á hann beint í tölvunni eða flytja hann yfir á iPod og horfa á hann hvar sem er. Sýningar á nýrri þáttaröð Sigtisins hófust í október og eru þeir þættir í boði á iTunes. Auk þess er hægt að sækja stuttar dagbókarfærslur með atriðum sem hafa ekki sést í þáttunum.

# Vill nýtt nef

Í viðtali við W Magazine segist Cameron Diaz ætla sér í lýtaaðgerð. Hún kveðst þó ekki ætla sér að leggjast undir hnífinn af fegrunarástæðum, enda hefur leikkonan oft prýtt lista yfir fegurstu konur heims. Diaz lenti í því fyrir fjórum árum að brjóta á sér nefið þegar hún var á brimbretti, en sú íþrótt er í miklu uppáhaldi hjá henni. Það var í fjórða skiptið sem nefið fagra brotnaði, og fór það svo illa að Diaz á nú í erfiðleikum með að anda, og líkti hún nefi sínu við lestarslys í viðtalinu.



**CAMERON DIAZ** Lenti í brimbretta-óhappi og eyðilagði á sér nefið.

# Heiðraður af Dönum

**Leikstjórinn Dagur Kári Pétursson fær enn eina rósina í hnappagatið en tilkynnt hefur verið að leikstjórinn hljóti hin virtu Peter Emil Refn-verðlaun sem afhent verða 22. nóvember næstkomandi.**



**ENN EIN RÓSIN** Dagur Kári hlýtur hin virtu Peter Emil Refn-verðlaun 22. nóvember næstkomandi.

Dagur fær í kringum eina milljón íslenskra króna í verðlaunafé en verðlaunaafhendingin verður haldin í tengslum við hina dönskíslensku bíódaga sem nú standa yfir á Norðurbryggjunni í Kaupmannahöfn. Dagur Kári hefur þegar fengið Carl Th. Dryer-verðlaunin sem þykja mikil viðurkenning fyrir svona ungan leikstjóra og því ljóst að Danir hafa tekið miklu ástfóstri við hann.

Ekki ómerkari leikstjórar en Lars von Trier, Nicholas Winding Refn og Lukas Moodysson hafa hlotið Peter Refn verðlaunin sem stofnuð voru til minningar um kvikmyndahúsaeigandann Peter Emil Refn en hann stofnsetti Grand Cinema sem verið hefur eitt helsta listræna kvikmyndahúsið í Danmörku undanfarin ár. Í tilefni af verðlaununum verður sérstök sérsýning á verkum Dags Kára þann 23. nóvember þar sem hann mun meðal annars sýna stuttmyndina Old Spice og Nóa albínóa og svara spurningum frá áhorfendum að sýningu lokinni.

Ekki náðist í Dag Kára í gær þar sem hann er staddur í Jórdaníu. Að sögn Þóris Snæs Sigurjónssonar, kvikmyndaframleiðanda hjá ZikZak og eins nánasta samstarfsmanns Dags, er þetta mikill heiður fyrir leikstjórann. „Þetta sýnir bara hversu góða hluti Dagur hefur verið að gera og hversu virtur hann er hér í Danmörku," sagði Þórir. „Voksne mennesker náði kannski ekki mikilli aðsókn í kvikmyndahúsum en danski kvikmyndaiðnaðurinn var mjög hrifinn af henni og svo hef ég heyrt á nemendum danska kvikmyndaháskólans að þar sé hún mikils metin."



**ÞÓRIR SNÆR** Segir þetta vera enn eina viðurkenninguna á því sem Dagur hefur verið að gera og sýni best hversu virtur hann sé í Danmörku.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Joe Jagger, faðir Micks Jagger úr The Rolling Stones, er látinn, 93 ára að aldri. Mick, sem var staddur í Bandaríkjunum á A Bigger Bang-tónleikaferðinni, flaug til Bretlands til að hitta pabba sinn eftir að hann hafði fengið lungnabólgu en flaug síðan til Las Vegas þar sem Stones hélt tónleika. Joe Jagger bjó skammt frá heimili sonar síns í suðvesturhluta London. Þar bjó hann ásamt konu sinni Evu þar til hún lést árið 2000, skömmu áður en þau áttu 60 ára brúðkaupsafmæli.




KÆRAR ÞAKKIR

Ég þakka öllum þeim sem veittu mér stuðning í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi sl. laugardag.







VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA Lán
– HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

## > Birgir Leifur á pari

Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG náði sér ekki á strik á þriðja keppnisdegi lokaúrtökumótsins fyrir evrópsku mótaröðina í gær þegar hann lauk keppni á þremur höggum yfir pari og er því samanlagt á pari vallar. Hann er sem stendur í kringum 30. sætið á mótinu og á góða möguleika á því að komast í gegnum frekari niðurskurð en fækkað verður í hópnum eftir fjórða hringinn og fá þá 70 kylfingar að halda áfram og spila lokahringina tvo. Efstu þrjátíu menn mótsins fá svo þátttökurétt á evrópsku mótaröðinni næsta árið.



**sport**

sport@frettabladid.is

EGILL GILZENEGGER EINARSSON: Í LIÐI ÞRÓTTAR ÚR VOGUM SEM MÆTIR STJÖRNUNNI Í KVÖLD

# *Ætlum að valta yfir bikarmeistarana*

Í kvöld hefjast 16 liða úrslit í SS-bikarkeppni karla í handbolta með þremur leikjum. Einn þeirra leikja er viðureign bikarmeistara Stjörnunnar og Þróttar úr Vogum. Síðarnefnda liðið vann Leikni í 32 liða úrslitum, 30-23, en Stjarnan vann HK í hörkuleik, 26-25.

Fyrirfram mætti ef til vill búast við því að um heldur ójafna viðureign væri að ræða í kvöld enda Þróttur ekki hátt skrifað í handboltaheiminum. En með liðinu leika nokkrir landsþekktir kappar sem eru þó frægir fyrir eitthvað annað en handboltaiðkun. Einn þeirra er Egill Einarsson, betur þekktur sem Gilzenegger. Hann var einnig með Þrótti í fyrra þegar liðið tapaði naumlega fyrir B-liði Stjörnunnar í bikarkeppninni.

„Fyrir mér er þetta enginn munur. Þetta er bara Stjarnan,“ segir hann af sinni alkunnu yfirvegun. „Við ætlum náttúrlega að valta yfir þessa menn,“ Gilzenegger segir að liðið sé að mestu byggt á heimamönnum en sjónvarpsmennirnir Auðunn Blöndal og Sveppi verða þeim einnig innan handar.

„Við verðum einnig með þá Benedikt Magnússon og Stefán Sölva Pétursson, tvo sterkustu menn í heimi, á bekknum. Stjörnumenn eru þekktir vitleysingar og ef leikurinn fer í einhver leiðindi þá verður boðið upp á jarðarför í Garðabænum.“

Hann segist þó vera raunsær maður og geti ekki bókað fyrirfram sigur gegn bikarmeisturunum. „Við ætlum alla vega ekki að láta þá komast upp með leiðindi, það er klárt.“



Einn besti leikmaður Stjörnunnar og skólabróðir Gilzenegger, Patrekur Jóhannesson, verður ekki með sínum mönnum í kvöld. „Hann hreinlega þorir ekki. Hann hefur lent áður í Neggernum. Við kepptum í glímu hér um árið þar sem honum var skeint. Hann veit alveg hvernig kallinn er í návígi og sagðist ætla að vera í fríi. Við höfum gert mikið grín að honum vegna þessa. En þrátt fyrir það verður þetta eflaust merkilegasti handboltaleikur í sögu Voga og Garðabæjar,“ sagði Gilzenegger. Leikurinn hefst klukkan 20 í kvöld og er í Ásgarði.



TAMARA BOWIE Skoraði nítján stig fyrir Grindavík gegn ÍS í gær.

ÍS-Grindavík:

## Aftur framlengt hjá ÍS

**KÖRFUBOLTI Það var boðið upp á mikla skemmtun í íþróttahúsi Kennaraháskólans þar sem Stúdínur tóku á móti Grindavík. Eftir venjulegan leiktíma stóðu leikar jafnir, 60-60, og þurfti því að framlengja leikinn. Þar voru aðeins skoruð sex stig en Hildur Sigurðardóttir skoraði sigurkörfuna fyrir Grindavík á lokamínútunni.**

**ÍS kom reyndar mjög á óvart með því að taka forystuna eftir fyrsta leikhluta, 23-9. Grindavíkurstúlkur réttu úr kútnum og náðu forystunni fyrir hálfleik.**

**Þetta er annar leikurinn í röð sem leikmenn ÍS lenda í framlengingu en liðið vann Breiðablik á fimmtudaginn eftir tvær framlengingar. Árangur liðsins er því góður í ljósi þess að enginn bandarískur leikmaður er í liðinu og hópurinn telur einungis sjö leikmenn.**

**Sömuleiðis er athyglisvert að Þórunn Bjarnadóttir hefur að meðaltali í vetur leikið rúmlega 40 mínútur í leik.** - esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild kv.*

ÍS-GRINDAVÍK 62-64

**Stig ÍS**: Stella Kristjánsdóttir 19, Helga Jónasdóttir 16 (14 frák.), Hafdís Helgadóttir 10 (11 frák.), Lovísa Guðmundsdóttir 8, Þórunn Bjarnadóttir 5 (8 frák.), Berglind Ingvarsdóttir 2, Tinna Sigmundsdóttir 2.

**Stig Grindavíkur**: Tamara Bowie 19 (12 frák.), Hildur Sigurðardóttir 15 (22 frák., 8 stoðs.), Íris Sverrisdóttir 8, Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Jovana Stefánsdóttir 7, Lilja Sigmarsdóttir 7.

# Hvað fá kvennalandsliðin mikið af tugmilljónastyrkjum KSÍ?

**Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, neitar að gefa upp hversu mikið af styrktarfé KSÍ rennur til handa kvennalandsliðinu sem KSÍ segir vera rekið á styrkjum. Styrkir og framlög til KSÍ árið 2005 voru vel yfir 120 milljónum króna en sama ár kostaði rekstur A-landsliðs kvenna rúmar 10 milljónir króna.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið fjallaði á dögunum um greiðslur til handa A-landsliðsmönnum Íslands í karla- og kvennaflokki. Í úttekt blaðsins kom í ljós gífurlegur munur á greiðslum til karla- og kvennaliðanna. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, sagði við Fréttablaðið á þeim tíma að greiðslurnar væru trúnaðarmál. Eftir birtingu fréttar Fréttablaðsins gaf KSÍ út yfirlýsingu þar sem stendur orðrétt: „Þær litlu tekjur sem þó hafa fengist hafa verið í formi styrkja sem hvergi nærri hafa staðið undir rekstrinum. Kostnaður við rekstur A landsliðs kvenna og þriggja yngri landsliða kvenna er að mestu greiddur af tekjum A landsliðs karla.“

**Háir styrkir**

Í kjölfar yfirlýsingarinnar sendi Fréttablaðið formlega fyrirspurn til Geirs þar sem meðal annars var farið fram á að fá upplýsingar um hversu háir styrkir frá FIFA og UEFA til handa íslenska kvennalandsliðinu væru enda fylgir enginn rökstuðningur yfirlýsingu KSÍ. Í ársreikningi KSÍ fyrir árið 2005 kemur fram að UEFA-styrkurinn er tæpar 56 milljónir króna og FIFA-styrkurinn er tæpar 16 milljónir. Samtals rúmlega 70 milljónir króna.

Í fyrirspurninni var einnig spurt hverjir væru styrktaraðilar kvennalandsliðsins og hversu hátt framlag þeirra styrktaraðila væri á ársgrundvelli.

**Samstarfsaðilar KSÍ eða karlalandsliðsins?**

Samstarfsaðilar KSÍ eru fjölmargir og í fyrirspurninni var því spurt hvort samstarfsaðilarnir, sem eru titlaðir samstarfsaðilar KSÍ á heimasíðu sambandsins, væru eingöngu að styrkja karlalandsliðið eða hvort peningar frá þessum opinberu samstarfsaðilum væru hugsaðir til handa öllum landsliðum Íslands eða rekstri KSÍ yfir höfuð.

Í liðnum „styrkir og framlög“ í ársreikningi KSÍ fyrir árið 2005 kemur fram að „ýmsir styrkir“ eru tæplega 35 milljónir króna. KSÍ fékk síðan rúmar 16 milljónir króna frá Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, ÍSÍ, fyrir árið 2005.

**Engin svör og enginn rökstuðningur með yfirlýsingunni**

Heildarupphæð þessara styrkja fyrir árið 2005 er vel yfir 120 milljónum króna og því er spurningin sú hversu mikið af styrktarfénu rennur til kvennalandsliðanna sem virðast vera nær eingöngu rekin á styrkjum samkvæmt yfirlýsingu KSÍ. Fyrirspurninni, sem var send tvívegis á Geir, var ekki svarað.

Rekstur A-landsliðs kvenna árið 2005 kostaði rúmar 10 milljónir króna og heildarkostnaður við öll kvennalandsliðin sama ár var rúmlega 21 milljón króna.

Til samanburðar má geta þess að rekstur við U-17 ára landslið karla var ögn hærri en rekstur A-landsliðs kvenna. Kostnaður við A-landslið karla var tæplega 63 milljónir króna.

Þess má síðan geta að skrifstofu- og nefndakostnaður Knattspyrnusambandsins árið 2005 var yfir 38 milljónum króna.

**Framkvæmdastjórinn neitar að tjá sig um málið**

Eins og áður segir sá framkvæmdastjóri Knattspyrnusambandsins, Geir Þorsteinsson, sér ekki fært að svara fyrirspurn Fréttablaðsins í gegnum tölvupóst.

Geir svaraði síma í gær en spurður neitaði hann að svara spurningum blaðamanns á þeim forsendum að hann sagðist ósáttur við vinnubrögð undirritaðs. Hann sagði yfirlýsinguna segja allt sem segja þurfi í málinu. Jafnvel þótt yfirlýsingin sé ekki rökstudd á neinn hátt.



HANDHAFAR BLEIKA STEINSINS Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, tók við Bleika steininum frá Femínistafélagi Íslands fyrir hönd Eggerts Magnússonar árið 2004. Eggert fékk steininn fyrir að hafa aukið veg og vanda kvennaknattspyrnunnar á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

### TÖLURNAR

*Tölurnar eru fengnar úr ársreikningi KSÍ fyrir árið 2005.*

**Kostnaður við landslið:**

| | |
|---|---|
| A-landslið karla | 62.867.830 kr. |
| U-17 ára karla | 10.765.649 kr. |
| A-landslið kvenna | 10.032.444 kr. |
| Heildarkostnaður v/kvennalandsliða | 21.288.549 |

**Styrkir og framlög:**

| | |
|---|---|
| UEFA-styrkur | 55.947.944 kr. |
| FIFA-styrkur | 15.803.002 kr. |
| ÍSÍ-styrkur | 16.103.585 kr. |
| Ýmsir styrkir | 35.868.599 kr |
| Heildarstyrkir | 128.306.593 kr. |



ÍÞRÓTTALJÓS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

henry@frettabladid.is

STÁLPLUS: S: 544 8800: WWW.STALPLUS.IS

Ódýr gæðavara fyrir fiskiðnað framleidd I verksmiðju okkar í Lettlandi. m.a. handflökunarlínur, allar tegundir færibanda, karahvolfur, pönnurekkar og sprautusöltunarvél, afkastamikil vél sem hefur komið vel út í fiskvinnslu hér á landi. Hönnum vinnslulínur og tæki í samráði við kaupendur:



Steelplus

Jose Reina markvörður Liverpool:

## Stefnum á fjórða sætið

**FÓTBOLTI** Jose Reina segir að leikmenn Liverpool séu búnir að afskrifa möguleika sína á því að vinna enska meistaratitilinn, en hafi þess í stað sett stefnuna á að tryggja sér sæti í Meistaradeildinni á næsta keppnistímabili.

„Við stefnum á að ná fjórða sætinu núna og verðum að berjast fyrir því. Það er líklega að verða óraunhæft að ætla okkur að vinna deildina vegna þess forskots sem Manchester United og Chelsea eru búin að ná. Við ætlum okkur hins vegar að tryggja okkur Meistaradeildarsætið og ég er ekki frá því að við séum betra lið í Meistaradeildinni en í ensku úrvalsdeildinni.“

Liverpool tapaði fyrir Arsenal um helgina, 3-0, og situr sem stendur í níunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar. - sb



**ÞJÁLFARARNIR** Steve McClaren og Terry Venables þurfa nauðsynlega að vinna Hollendinga á morgun. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska landsliðið:

# Átta leikmenn fjarverandi

**FÓTBOLTI** Gary Neville hefur bæst í hóp þeirra leikmanna sem hafa dregið sig út úr enska landsliðinu fyrir leik liðsins gegn Hollandi á morgun. Neville á við meiðsli í kálfa að stríða.

Alls hafa átta leikmenn dregið sig úr hópi Steve McClaren landsliðsþjálfara sem valdi 28 leikmenn í hópinn á föstudaginn síðastliðinn. Jermaine Jenas er einnig meiddur á kálfa, Ledley King og Aaron Lennon eiga við hnémeiðsli að stríða, Scott Parker og Stewart Downing eru slæmir í nára og Darren Bent er tognaður á hásin. Chris Kirkland markvörður fékk leyfi þar sem kona hans á von á barni.

McClaren kallaði á Kieran Richardson í stað Jenas en sá fyrrnefndi var í landsliðshópi Englands skipuðum leikmönnum 21 árs og yngri. - esá

Viktor Bjarki Arnarsson fær strax nýjan þjálfara hjá Lilleström:

# Læt þetta ekki hafa áhrif á mig

**FÓTBOLTI** Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður ársins í úrvalsdeild karla, er strax búinn að fá nýjan þjálfara hjá norska liðinu Lilleström sem hann gekkst til liðs við á vikunum. Uwe Rösler, þýskur þjálfari og fyrrum leikmaður liðsins, var látinn taka poka sinn þar sem árangur liðsins í sumar þótti ekki standa undir væntingum.

Lilleström lenti í fjórða sæti deildarinnar eftir að hafa verið í baráttunni um fyrsta sætið lengi vel. Fregnirnar komu leikmönnum liðsins á óvart en Frode Kippe fyrirliði var staddur í Serbíu með norska landsliðinu þegar hann fékk fréttirnar.

„Ég hefði viljað að það hefði verið haft samráð við mig,“ sagði Kippe en leikmenn munu vera ánægðir með störf Rösler.

Þetta er einnig sérkennileg staða fyrir Viktor Bjarka þar sem Rösler stóð fyrir því að félagið keypti hann frá Víkingum.

„Þetta er frekar svekkjandi en ég ætla ekki að láta þetta hafa áhrif á mig,“ sagði Viktor við Fréttablaðið í gær en hann heldur til Noregs á morgun þar sem hann mun hefja æfingar af fullum krafti. Lilleström á leik í Royal League-deildinni á laugardag og vonast Viktor Bjarki til að taka þátt í honum.



**VIKTOR BJARKI** Gæti spilað sinn fyrsta leik fyrir Lilleström á laugardaginn í Royal League. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hann segir það þó vera bót í máli að Jan Åge Fjörtoft, starfsmaður félagsins, tekur nú tímabundið við stjórn liðsins.

„Jan Åge kom hingað í sumar og sá mig spila. Hann þekkir mig því vel sem er gott þar sem ég hef vitanlega lítið spilað síðan í september og er ekki í bestu leikæfingunni.“

Viktor segir Rösler hafa verið vinsælan meðal leikmanna liðsins. „En hann er ungur og umdeildur og það hefur ef til vill haft sitt að segja.“

En hverju sem líður hlakkar hann til að takast á við verkefnin fram undan. „Það er frábært að byrja í Royal League þar sem við mætum bestu liðum Norðurlanda. Það gerist ekki betra.“ - esá



**AMY RAYNER** Hér lengst til hægri í þessu dómaratríói skipuðum konum sem dæmdi leik í utandeildinni árið 1999. NORDIC PHOTOS/GETTY

Mike Newell í vandræðum:

# Stjórn Luton vill funda

**FÓTBOLTI Mike Newell, stjóri Luton, er í miklum vandræðum eftir að hafa látið ýmisleg vafasöm orð falla eftir tap Luton gegn QPR í ensku 1. deildinni um helgina. Amy Rayner var annar aðstoðardómara í leiknum og var Newell ekki sáttur við það.**

**„Það er nógu slæmt að vera með vanhæfa dómara og línuverði. Ef það á að láta konur dæma verða mikil og stór vandræði. Þetta er atvinnuknattspyrna á háu stigi, ekki spark á leikvelli. Hvað eru konur að gera? Þetta er bara til sýnis fyrir þessa pólitísku rétthugsuðu hálfvita,“ sagði Newell eftir leikinn.**

**Sjálfur hefur hann beðist afsökunar á ummælunum en stjórn félagsins vill engu að síður hitta hann vegna málsins. - esá**

Steven Pressley hjá Hearts:

# Missir fyrirliðabandið

**FÓTBOLTI Steven Pressley hefur samkvæmt fréttastofu BBC í Skotlandi verið látinn hætta sem fyrirliði skoska úrvalsdeildarliðsins Hearts. Hann spilaði ekki með liðinu gegn Falkirk í gær.**

**Í síðasta mánuði sagði Pressley við fjölmiðla að leikmenn væru órólegir eftir að þjálfari þeirra, Valdas Ivanauskas, tók sér veikindaleyfi. - esá**



**DEL PIERO** Hér í baráttu við leikmann Napoli í leik með Juventus fyrr í mánuðinum. NORDIC PHOTOS/AFP

Alessandro Del Piero:

# Meiddur næstu þrjár vikurnar

**FÓTBOLTI** Alessandro Del Piero, leikmaður Juventus í ítölsku B-deildinni, verður frá næstu þrjár vikurnar eftir að hafa meiðst í leik Juventus gegn Pescara á laugardag. „Ég er í raun ánægður því maður býst alltaf við hinu versta,“ sagði Del Piero.

Juventus er í þriðja sæti B-deildarinnar. - esá




Talið er að 5% Íslendinga á miðjum aldri séu með sykursýki og gera má ráð fyrir svipuðum fjölda sem ekki hefur greinst enn



Þekkir þú einkennin?

Í dag, 14. nóvember, er **Alþjóðadagur fólks með sykursýki**.

Af því tilefni munu hjúkrunarfræðingar mæla blóðsykur á eftirtöldum stöðvum:

**BYKO**, Breiddinni **kl. 10-12**
**Húsasmiðjan**, Skútuvogi **kl. 13-15**

www.bris.is
www.sykursjukir.is

WORLD DIABETES DAY
14 NOV
GÓÐ MEÐFERÐ FYRIR ALLA

Bayer HealthCare
novo nordisk

# Dyrnar standa enn opnar

**Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, segir að dyrnar standi enn opnar fyrir framherjann Helga Sigurðsson þótt hann sé ekki enn farinn að láta sjá sig á æfingum félagsins og gefi engar skýringar á fjarverunni.**

**FÓTBOLTI** Mál Helga Sigurðssonar er enn í algjörum hnút og sér ekki fyrir endann á því. Helgi fór fram á að verða leystur undan samningi en Fram neitaði þeirri bón Helga. Neituninni hefur Helgi svarað með því að mæta ekki á æfingar hjá félaginu. Hann hefur enn engar skýringar gefið á fjarveru sinni.

„Ég talaði við Helga þegar ég skrifaði undir en þá var málið komið upp. Ég hef ekkert heyrt frá honum síðan. Ég veit ekki hvernig málið fer. Ég væri til í að halda honum en það er spurning hvort einhverjum sé greiði gerður með því úr þessu,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, en heyra mátti að hann var ekkert sérstaklega ánægður með framgöngu framherjans í málinu.

„Leikmenn verða að gera sér grein fyrir því að þegar þeir skrifa undir samninga þá virkar það bara ekkert á eina vegu. Leikmönnum finnst oft helvíti hart þegar félögin ætla að standa á sínu og telja svo eðlilegt að þeir fái að fara að vild.“

Það eru um tvær vikur síðan Fram-strákarnir byrjuðu að æfa undir stjórn Ólafs og þjálfarinn segir að Helgi sé enn velkominn á æfingar þótt hann sé búinn að skrópa hingað til.

„Dyrnar standa enn opnar frá mínum bæjardyrum séð,“ sagði Ólafur en mun hann sætta sig við það að Helgi verði seldur til annars félags hér á landi? „Það er ákvörðun stjórnarinnar og hefur ekkert með mig að gera. Auðvitað er ekkert gott að missa fyrirliðann en það getur verið betra að vera án hans en að hafa hann fúlan inni á vellinum. Leikmaður sem óskar eftir því að vera ekki í félaginu skilar sjálfsagt engu fyrir það. Maður veit samt aldrei hvað gerist og ég er annarra en mín að leysa þetta mál. Ég einbeiti mér að þjálfuninni með þann mannskap sem mætir á æfingar,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram.

henry@frettabladid.is



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Segir að Helgi Sigurðsson sé velkominn á æfingar hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**IAN DOWIE** Gekk skelfilega að feta í fótspor Alans Curbishley hjá Charlton. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrsti stjórinn fokinn:

## Ian Dowie rekinn frá Charlton

**FÓTBOLTI Ian Dowie, fyrrum stjóri Crystal Palace, var í gær sagt upp störfum sem knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Charlton sem Hermann Hreiðarsson leikur með. Liðinu hefur gengið skelfilega það sem af er leiktíðinni, hefur unnið tvo af tólf leikjum og er í botnsæti deildarinnar. Nú síðast tapaði liðið um helgina fyrir Wigan, 3-2.**

**Charlton hefur unnið Bolton og Manchester City á leiktíðinni og gert jafntefli við Watford og Newcastle. Dowie tók við starfinu af Alan Curbishley sem hafði stýrt liðinu með góðum árangri í tæp fimmtán ár. Að Dowie undanskildum hafa aðeins fjórir menn stýrt liðinu síðan 1982.**

**Dowie er fyrsti knattspyrnustjórinn í ensku úrvalsdeildinni sem fær að taka poka sinn á þessu tímabili.** - esá



**MAGNUS HEDMAN** Verður þriðji markvörður Chelsea þessa leiktíðina.

Magnus Hedman:

## Semur við Chelsea út leiktíðina

**FÓTBOLTI** Fyrrverandi markvörður sænska landsliðsins, Magnus Hedman, mun semja við Chelsea um að leika með liðinu út þessa leiktíð. Hann mun því fylla skarð þriðja markvarðar liðsins þar sem Carlo Cudicini og Hilario hafa færst ofar í goggunarröðinni vegna meiðsla Petr Cech.

„Við höfum náð samkomulagi,“ sagði Hedman við heimasíðu sænsku sjónvarpsstöðvarinnar TV4 í gær. Í fréttinni er sagt að Hedman muni fara til Lundúna í vikunni til að skrifa undir samninginn.

Cech verður frá alla leiktíðina þar sem hann höfuðkúpubrotnaði í leik gegn Reading í síðasta mánuði. Hafa tvær stálplötur verið ígræddar í höfuð hans og er búist við að hann geti hafið æfingar í janúar.

Hedman er fyrrverandi markvörður hjá Celtic og Coventry en lagði hanskana á hilluna vorið 2005. - esá

Wayne Rooney enn á ný búinn að koma sér í vandræði:

## Sætir rannsókn vegna slagsmála

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, leikmaður Manchester United og enska landsliðsins, hefur komist í kast við lögin vegna slagsmála sem áttu sér stað að næturlagi fyrir utan skemmtistað að nafni Panacea í Manchester. Lögreglan tilkynnti í gær að hún hygðist yfirheyra Rooney vegna málsins. Atvikið átti sér stað 15. október síðastliðinn.

Dagblaðið The People greindi frá því á sunnudag að Rooney hefði verið að fagna því að velski hnefaleikakappinn Joe Calzaghe hefði haldið WBO-heimsmeistaratign sinni í ofurmillivigt eftir sigur í bardaga sem haldinn var í borginni fyrr um kvöldið. Mun Rooney hafa lent saman við ljósmyndara á leið sinni frá skemmtistaðnum.

Lögreglan sagði að Rooney hefði ekki verið handtekinn vegna málsins og að ljósmyndarinn hefði ekki þurft að leita til læknis eftir atvikið. Hann hafi þó tilkynnt það til lögreglu.

Er þetta ekki í fyrsta skiptið sem lögreglan þarf að hafa afskipti af Rooney vegna slagsmála en í mars síðastliðnum rannsakaði lögreglan meinta árás Rooney á námsmann á skemmtistað í borginni. Sá ákvað að kæra ekki og var því málið látið niður falla. - esá



**WAYNE ROONEY** Hefur ítrekað reynt að hemja skap sitt innan sem utan vallar, þó með misgóðum árangri. NORDIC PHOTOS/GETTY







Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson áfram í Reading:

# Ívar og Brynjar framlengdu samninga sína við Reading

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið Reading tilkynnti í gær að það hefði framlengt samninga sína við íslensku landsliðsmennina Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Er það mikil viðurkenning fyrir íslenska tvíeykið en þeir spiluðu stórt hlutverk í sigri liðsins í ensku 1. deildinni í fyrra og hafa átt góðan þátt í velgengni liðsins í ensku úrvalsdeildinni í ár. Sér í lagi Ívar sem hefur verið fastamaður í byrjunarliði Reading.

Brynjar Björn samdi til ársins 2008 en Ívar til 2009. Steve Coppell, stjóri liðsins, hefur áður lýst yfir mikilli ánægju með störf þeirra og Nick Hammond, yfirmaður knattspyrnumála félagsins, gerði það sama í gær.



**GEGN ARSENAL** Ívar Ingimarsson í baráttu við Tékkann Tomas Rosicky hjá Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ívar og Brynjar eru báðir algerir fagmenn fram í fingurgóma og góð dæmi um það sem Reading stendur fyrir sem knattspyrnufélag," sagði Hammond. „Áhrif þeirra á lið Reading hafa verið mikil á þeirra tíma hjá félaginu og erum við hæstánægð með að þeir hafi skrifað undir nýja samninga."

Sjálfur tók Ívar undir þetta og lýsti yfir ánægju sinni með samninginn. „Hér vil ég vera og taka þátt í því sem Reading er að gera. Samningurinn er vottur um að félagið hefur trú á mér og að ég geti staðið mig vel í úrvalsdeildinni. Ég er því afar þakklátur," sagði Ívar.

Brynjar Björn var vitanlega ánægður með sitt og sagðist hlakka til að takast á við þau verkefni sem eru fram undan hjá Reading næsta eina og hálfa árið.

**- esá**

# Veigar Páll og Kristján Örn heiðraðir í Noregi

**Norsku leikmannasamtökin völdu lið ársins í norsku knattspyrnunni í árlegu hófi í Ósló í fyrrakvöld. Valið nær til allra leikmanna í Noregi sem og norskra leikmanna erlendis og áttu Íslendingar tvo fulltrúa í liðinu.**

**FÓTBOLTI** Norsku leikmannasamtökin heiðruðu í fyrrakvöld þá knattspyrnumenn sem hafa staðið upp úr á liðnu tímabili. Var lið ársins valið en eins og tíðkast hefur nær það val bæði yfir leikmenn sem léku í norsku úrvalsdeildinni sem og norska leikmenn sem leika erlendis. Landsliðsmennirnir Kristján Örn Sigurðsson, leikmaður Brann, og Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk, voru báðir valdir í liðið og er það sérstaklega góður árangur.

Kristján þótti taka stórum framfaraskrefum í sumar en hann var færður úr bakvarðastöðunni í miðvörðinn í sumar þar sem hann blómstraði. Átti hann ríkan þátt í sterkum varnarleik liðsins, sérstaklega fyrri hluta móts þegar liðið fékk vart mark á sig. Hann lék við hlið Ólafs Arnar Bjarnasonar í vörninni en síðla sumars gekk annar íslenskur varnarmaður, Ármann Smári Björnsson, til liðs við félagið.

„Þetta er auðvitað mjög ánægjulegur heiður," sagði Kristján Örn við Fréttablaðið í gær. „Þetta tímabil var ágætt hjá mér en það má auðvitað alltaf gera betur. Ég stefni að því að standa mig enn betur næsta tímabil," sagði Kristján sem á eitt ár eftir af samningi sínum við Brann. Hann hefur verið orðaður við lið í Englandi en sjálfur hefur hann ekkert heyrt af áhuga annarra liða. Honum hefur þó ekki enn verið boðinn nýr samningur hjá Brann.

„Framkvæmdastjóri félagsins sem sér um þessi mál var að segja upp. Þannig að ef eitthvað á að verða úr því gerist það ekki strax."



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** Fagnar hér einu átján marka sinna í sumar með liðsfélögum sínum í Stabæk. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Veigar Páll Gunnarsson var næstmarkahæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar í sumar en hann skoraði átján mörk, einu færra en félagi hans, Daniel Nannskog. Sá síðarnefndi var valinn leikmaður ársins af stuðningsmannasamtökunum í Noregi og hlaut af því tilefni „gulltrefilinn" svokallaða. Nannskog var hins vegar ekki valinn í lið ársins, heldur Veigar Páll og Steffen Iversen, leikmaður Rosenborg. Hann skoraði sautján mörk í sumar en þeir þrír voru í sérflokki í markaskorun í sumar.

Stabæk lenti í fimmta sæti norsku úrvalsdeildarinnar og missti þar með af sæti í Royal League sem fjögur efstu liðin fá þátttökurétt í. Brann lenti í öðru sæti deildarinnar og er því með í keppninni. Kristján Örn á þó við meiðsli að stríða og gæti misst af næsta leik liðsins í deildinni.

„Ég meiddist á ökkla í sumar og sömu meiðslin tóku sig upp á æfingu um daginn. Ég hef spilað á tæpri löppinni í allt sumar og ætla því að taka mér góðan tíma til að jafna mig í þetta sinn," sagði Kristján Örn.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

**LIÐ ÁRSINS Í NOREGI**

**Markvörður:** Thomas Myhre (Charlton).
**Varnarmenn:** John Arne Riise (Liverpool), Per Nilsson (Odd Grenland), Kristján Örn Sigurðsson (Brann), Roar Strand (Rosenborg).
**Miðvallarleikmenn:** Robert Koren (Lilleström), Martin Andresen (Brann), Fredrik Strömstad (Start), Morten Gamst Pedersen (Blackburn).
**Sóknarmenn:** Steffen Iversen (Rosenborg), Veigar Páll Gunnarsson (Stabæk).

Lionel Messi og Javier Saviola, leikmenn Barcelona, meiddir:

# Henke Larsson aftur til Börsunga?

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Barcelona myndi leitast eftir því að fá Henrik Larsson aftur í sínar raðir um stundarsakir þar sem meiðsli hrjá sóknarmenn liðsins um þessar mundir. Samuel Eto'o verður frá fram yfir áramót og verður Lionel Messi einnig frá í svipaðan tíma. Þá meiddist Javier Saviola í leik Barcelona gegn Real Zaragoza um helgina eftir að hafa komið inn á sem varamaður fyrir Eið Smára Guðjohnsen og skorað þriðja mark liðsins í 3-1 sigri Börsunga.

Spænskir fjölmiðlar sögðu í gær að forráðamenn Barcelona væru nú að skoða þann möguleika að fá Larsson aftur til félagsins þar til nýtt keppnistímabil hefst í Svíþjóð þar sem hann leikur með Helsingborg.



**MEIDDUR** Javier Saviola meiðist í leiknum gegn Real Zaragoza eftir tæklingu frá Fernandez Sergio. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Saviola reif vöðva í vinstra læri og er búist við að hann verði frá í fjórar til sex vikur," sagði í frétt á heimasíðu Barcelona í gær. Messi verður frá í þrjá mánuði þar sem hann þarf að gangast undir aðgerð á fæti.

Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, teflir iðulega fram þriggja manna sóknarlínu og getur nú valið á milli fjögurra manna. Þeir eru Ronaldinho, Ludovic Giuly, Eiður Smári Guðjohnsen og Santi Ezquerro en sá síðastnefndi hefur lítið sem ekkert leikið með liðinu.

**- esá**





**Konfektnámskeið**
í Húsasmiðjunni

**Konur athugið!**

Sýnikennsla í konfektgerð verður haldin í Húsasmiðjunni undir styrkri leiðsögn Halldórs Kr. Sigurðssonar bakara og konditormeistara.

Námskeiðin byrja klukkan 20 og standa til 22.

Námskeiðsgjald er 1.500 kr. fyrir sýnikennsluna í konfektgerð.

Léttar veitingar eru í boði fyrir alla þátttakendur.

Panta þarf á námskeiðið í síma **525-3000** eða með því að senda tölvupóst á **konfekt@husa.is**

| | |
|---|---|
| Grafarholt | 15. nóvember |
| Keflavík | 16. nóvember |
| Borgarnes | 21. nóvember |
| Selfoss | 27. nóvember |
| Akranes | 28. nóvember |
| Skútuvogur | 30. nóvember |
| Akureyri | 6. desember |
| Egilsstaðir | 7. desember |



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## > Kevin Kline

Kevin fæddist 24. október 1947 og er því nýorðinn sextíu ára gamall, ótrúlegt en satt. Kevin hlaut Óskarsverðlaun sem besti leikari í aukahlutverki í myndinni „A Fish Called Wanda“ árið 1988 og er giftur leikkonunni Phoebe Cates sem lék í Gremlins-myndunum. Hann leikur í myndinni „Brúðkaupsafmælið“ sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR DATT ÓVÆNT INN Í MATREIÐSLUÞÁTT

# *Skemmtanagildi illgirninnar*

Mér hefur alltaf fundist þættir tengdir matreiðslu frekar leiðinlegir og ekki beint góð afþreying fyrir minn smekk. Fyrir nokkrum vikum datt ég hins vegar alveg óvart inn í raunveruleikaþáttinn „Hell's Kitchen“ með kokknum Gordon Ramsey í fararbroddi. Matur er í aukahlutverki í þessum kokkaþætti og er það hinn illgjarni Ramsey sem heldur uppi öllu stuði í þættinum.

Þar koma saman fimmtán kokkar víðs vegar að í Bandaríkjunum og keppa um að vinna sinn eigin veitingastað í Las Vegas. Eins og í flestum öðrum raunveruleikaþáttum er einn rekinn heim í hverjum þætti og keppast kokkarnir um að ná hylli Ramseys því það er hann sem ákveður hver fer heim í hvert skiptið. Ekki er það þó svo auðvelt því Ramsey er mislyndur maður mjög og hikar ekki við að öskra, hreyta og bölva kokkunum ef honum líkar ekki eitthvað. Það er það sem fær mann til að horfa á þáttinn því maður veit aldrei hvað Ramsey gæti tekið upp á næst.

Minnistætt er atriði þegar hann hreytti framan í konu sem var gestur á veitingastað þáttarins og var í of flegnum bol að hans smekk. Hann sagði henni vinsamlegast að koma brjóstunum af veitingastaðnum og brást hún hin versta við með glasa- og diskakasti.

Já, það er alltaf líf og fjör í eldhúsi djöfulsins og maður veit aldrei hverju maður á von. Maturinn og kokkarnir sjálfir eru sko ekki aðdráttarafl áhorfandans heldur illgirni Ramseys sem er svo sannarlega að gefa honum nokkrar krónur í vasann.

Hin týpíska uppskrift raunveruleikaþáttanna er orðin þreytt en það er alltaf gaman að glæða þær lífi með skemmtilegum týpum á borð við kokkinn frá helvíti.



**KOKKURINN ILLGJARNI** Gordon Ramsey heldur hinum annars leiðinlega kokkaþætti uppi með persónutöfrum og skemmtilegri illgirni.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Everybody loves Raymond SKJÁR EINN



▶ **21.00** THAT 70'S SHOW SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** HOUSE OF SAND AND FOG STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.05** RESCUE ME SIRKUS



▶ **00.45** Robocop 2 STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið (10:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)
**18.25 Safnamýsnar (1:6)**
**18.30 Kappflugið í himingeimnum (10:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Edduverðlaunin 2006** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna 2006 sem afhent verða í beinni útsendingu frá Hótel Nordica á sunnudagskvöld.
**20.15 Veronica Mars (11:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
▶**21.00 Svona var það (18:22)** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum. Með aðalhlutverk fara Ashton Kutcher, Mila Kunis, Topher Grace og Danny Masterson
**21.25 Nærmynd** Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Norðmanninn Margreth Olin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Lögmál Murphys (6:6)**
**23.15 Örninn (3:8)** (Ørnen)Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Meðal leikenda eru Jens Albinus, Ghita Nørby, Marina Bouras, Steen Stig Lommer, Janus Bakrawi, Susan A. Olsen, David Owe. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar á vefslóðinni http://www.dr.dk/oernen/. e.
**0.15 Kastljós**
**0.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Lísa litla á fína hótelinu 8.00 The Commitments (e)**
**10.00 Marine Life**
**12.00 One Fine Day**
**14.00 Lísa litla á fína hótelinu**
**16.00 The Commitments (e)**
**18.00 Marine Life**
**20.00 One Fine Day**
▶**22.00 House of Sand and Fog**
**0.05 The Last Ride**
**2.00 Texas Rangers**
**3.55 House of Sand and Fog**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Silfur Egils**
**15.25 Meistarinn (19:22) (e)**
**16.10 Shin Chan**
**16.35 Mr. Bean**
**16.55 He Man**
**17.15 Nornafélagið**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (4:21)**
**20.05 Amazing Race** Kapphlaupið mikla er nú hafið í níunda skiptið. Markmiðið er sem fyrr að þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það eitt að markmiði að verða fyrstur í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni hefst kapphlaupið í Denver þar ellefu lið hefja leik. Tveir eru í hverju liði; hjón, pör, systkini, mæðgur og bestu vinir. Í fyrsta þætti liggur leiðin beint út fyrir landsteinana, suður á bóginn til Sao Paulo í Brasilíu en upp frá því hefst heimshornaflakkið fyrir alvöru með risastökki til Rússlands, þaðan til Þýskalands, Ítalíu, Grikklands, Oman, Ástralíu, Taílands, Japan og svo að endingu aftur á byrjunarreit í Denver
**20.50 NCIS (19:24)**
**21.35 Prison Break (Flóttinn)** Bönnuð börnum.
**22.20 Shield (11:11) (Sérsveitin)** Stranglega bönnuð börnum.
**23.10 Numbers (4:24) (Tölur)**
**23.55 Deadwood (11:12)** (Catbird Seat) Stranglega bönnuð börnum.
▶**0.45 Robocop 2 (Vélløggan)** Stranglega bönnuð börnum.
**2.35 The Anniversary Party** (Brúðkaupsafmælið)Bönnuð börnum.
**4.25 NCIS (19:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Þriðja þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta um störf sérstakrar glæpadeildar hjá bandaríska sjóhernum. Hópur krakka finnur lík sjóliða frosið í læk. Glæpadeild sjóhersins tekur rannsókn málsins að sér og finnur þá fleiri lík í læknum. 2005. Bönnuð börnum.
**5.10 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)** Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Rachael Ray hefur verið kölluð hin nýja Oprah, enda er Oprah Winfrey hennar stærsti aðdáandi og einn af framleiðendum þáttanna.
**8.45 Innlit / útlit (e)**
**15.30 One Tree Hill (e)** Bandarísk unglingasería.
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Rachael Ray hefur verið kölluð hin nýja Oprah, enda er Oprah Winfrey hennar mesti aðdáandi og einn af framleiðendum þáttanna.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
▶**19.00 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarísk gamanþáttaröð.
**19.30 Out of Practice (e)** Bráðfyndin gamansería.
**20.00 Queer Eye for the Straight Guy**
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun.
**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari og nýbökuð móðir, sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi, ekki alltaf við góðar undirtektir yfirmanna sinna. Þættirnir, sem koma úr smiðju Jerrys Bruckheimer, hafa fengið alveg ótrúlega góðar móttökur áhorfenda og er þeim líkt við hina vinsælu C.S.I.
**23.00 Everybody Loves Raymond** Bandarísk gamanþáttaröð.
**23.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**0.15 Survivor: Cook Islands (e)** Bandarísk raunveruleikasería.
**1.15 Surface (e)**
**2.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 The Hills** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue.
**21.00 So You Think You Can Dance 2** Niðurskurðurinn heldur áfram og nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim í kvöld.
▶**22.05 Rescue Me**
**22.55 24 (21:24) Bönnuð börnum.**
**23.40 Insider**
**0.05 My Name is Earl (e)** Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu. Nokkrum sekúndum eftir að hafa unnið vinninginn verður hann fyrir bíl og týnir miðanum. Þar sem hann liggur á spítala og jafnar sig sannfærist hann um að hann hafi týnt miðanum vegna alls þess slæma sem hann hefur gert af sér um ævina.
**0.30 The War at Home (e)** Frábærir gamanþættir um foreldrana Dave og Vicky sem á hverjum degi takast á við það vandasama hlutverk að ala upp unglingana sína sem eru allt annað en auðveldir í umgengni.
**0.55 Seinfeld (e)** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti.
**1.20 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**1.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Sheffield Utd. - Bolton (frá 11. nóv)**
**16.00 AC Milan - Roma (frá 11. nóv)**
**18.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 Chelsea - Watford (frá 11. nóv)**
**22.00 Middlesbrough - West Ham (frá 11. nóv)**
**0.00** Dagskrárlok




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 21:00

### FÓTBOLTAÞRAUTIR MOURINHOS (MOURINHO´S ULTIMATE)

Nýr fótboltaraunveruleikaþáttur þar sem búin var til keppni á milli fjórtán liða sem fram fór í fótboltaakademíu Davids Beckham í apríl 2006. Liðin kepptu í ýmsum þrautum þar sem reyndi á liðsheildina, líkamann og hugann en fríður flokkur heimskunnra fótboltamanna leiðir liðin fjórtán og taka þátt í þessari léttu og skemmtilegu keppni. Á meðal fyrirliða liðanna má nefna David Beckham, Frank Lampard, Steven Gerrard, Ledley King, Gary Neville, Jermaine Defoe, Dibril Cisse, Keiran Richardson, Damien Duff, Kieron Dyer, Arjen Robben, Shaun Wright-Phillips og Ashley Cole. Auk þeirra eru svo í liðunum ungir og efnilegir aðdáendur, sem og stjörnur úr öðrum íþróttagreinum en það lið sem stendur uppi sem sigurvegari fær nafnbótina úrvalslið Mourinhos, en Jose Mourinho, stjóri hjá Chelsea, mun einmitt gefa hinum ungu og efnilegu keppendum holl og góð ráð.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ VERONICA MARS Í SJÓNVARPINU KL. 20.15

Kristen Bell leikur Veronica Mars, unga konu sem ákveður að taka lögin í sínar hendur eftir að besta vinkona hennar er myrt og föður hennar er sagt upp sem fógeta bæjarins sem hún býr í. Þessi þættir eru einstaklega skemmtilegir og sniðugir með ungum og upprennandi leikurum sem við eigum eftir að sjá meira af í framtíðinni. Þættirnir eru framleiddir af Rob Thomas sem var þaulreyndur handritshöfundur í borg englanna. Fylgist með Veronicu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **8.00** Fréttir **8.30** Fréttayfirlit **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stelpulitir
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Málþing: Málverkið eftir 1980?
**21.00** Afsprengi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18:05 Gillette Sportpakkinn**
**18:35 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19:05 Harlem Globetrotters: The Team** Liðið sem breytti heiminum. Harlem Globetrotters eru vægast snillingar með körfubolta og hafa verið áratugum saman. Þáttu sem gerður var um þetta fræga sýningarlið sem ferðast hefur um heiminn og sýnt listir sínar.
**20:00 X-Games 2006 - þáttur 2**
**21:00 Mourinho´s Ultimate** (Mourinho´s Ultimate) Einstakur sjónvarpsþáttur um forvitnilega keppni sem fram fór í akademíu David Beckhams í apríl 2006. Fjórtán lið reyna með sér í ýmsum þrautum þar sem reynir á liðsheildina, líkamann og hugann. Á meðal fyrirliða liðanna eru þekktir knattspyrnukappar: Beckham, Frank Lampard, Steven Gerrard, Ledley King, Gary Neville, Jermaine Defoe, Dibril Cisse, Keiran Richardson, Damien Duff, Kieron Dyer, Arjen Robben, Shaun Wright Phillips og Ashley Cole. Í liðunum verða jafnframt ungir aðdáendur og stjörnur úr öðrum íþróttagreinum.
**21:50 Goðsagnir Chelsea - Eiður Smári** (Chelsea Legend - Eiður Smári) Breskur þáttur um Eið Smára Guðjohnsen þar sem sérstaklega er farið yfir feril hans hjá Chelsea. Eiður lék sem kunnugt er með Chelsea í sex ár við góðan orðstír.
**22:50 Veitt með vinum** (Laxá Aðaldal, Urriðasvæði Staðartorfa, Múlatorfa og Hraun) Veitt með vinum eru vandaðir veiðiþættir umsjón Karl Lúðvíkssonar þar sem hann fer í veiði með félögum sínum m.a. í Minnivallalæk, Laxá í Aðaldal, Staðartorfa, Múlatorfa, Hraun, Breiðdalsá, Þingvöllum, Laxá í Aðaldal Árnes, og Norðlingafljót.
**23:20 Ensku mörkin**
**23:50 Steven Gerrard: Sagan til þessa** Þáttur um enska knattspyrnumanninn Steven Gerrard sem gerður var í aðdraganda HM í Þýskalandi.

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** H¢jt over havet **12.20** En ¢ ved Oslo **12.50** Livet på skinner **13.20** Rabatten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Smæk for Skillingen 15.30 En lille reminder **15.40** SPAM **16.00** Insektoskop **16.05** Lucky Luke **16.30** Store N¢rd **17.00** Lille N¢rd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Teenagetesten **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Tårer i regnen **22.40** Örnen **23.35** Clement Kontra

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Hurtigruten 365 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Tusenårstreet - en verden på rot **18.55** Tinas mat **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn **23.10** Jazz: Chick Corea Electric Band **0.10** Larry Sanders-show

## SVT 1

**11.05** Planeten **13.30** Sjunde himlen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** From Sand to Celluloid **16.15** New Zealand - The Road Trip **16.30** Krokodill **17.00** Världens största kör **17.10** Sagoboken **17.25** Storasyster och lillebror **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Trackslistan **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Cuppen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Yizo, Yizo **23.15** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*...fær útvarpsmaðurinn góðkunni Jónas Jónasson fyrir að hafa tekið á móti kvöldgestum og fylgt þeim inn í nóttina í heil 25 ár.*

# Idol-Heiða stjórnar sjónvarpsþætti

Aðalheiður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Heiða úr Idolinu, mun stjórna nýjum tónlistarþætti á Skjá einum í vetur þar sem sýnd verða myndbönd með öllu því nýjasta og vinsælasta í tónlist hverju sinni. „Ég mun verða með upprifjun á gömlu og góðu efni inn á milli þannig að þátturinn ætti að geta höfðað til allra,“ segir Heiða og bætir því við að þátturinn verði hálftímalangur á hverju föstudagskvöldi.

„Það leggst mjög vel í mig að stjórna þessum þætti og ég er ofsalega spennt að vinna við sjónvarp,“ segir Heiða. „Idol-þátturinn var náttúrlega í sjónvarpi en þetta er allt öðruvísi. Þar fékk ég góða reynslu í að venjast myndavélunum og þrátt fyrir að það hafi tekið smá tíma þá er gott að búa að þeirri reynslu,“ bætir hún við en hún mun kynna tuttugu vinsælustu lög hverrar viku fyrir sig.

Heiða hefur í nógu að snúast þessa dagana því auk þess að stjórna tónlistarþættinum þá syngur hún í Footloose í Borgarleikhúsinu og um helgar fer hún norður á Akureyri þar sem hún syngur í sýningu með tónlist Ingimars Eydal. „Síðan er ég að kenna söng hjá Þorvaldi Bjarna. Námskeiðinu er að ljúka núna og ég er því að undirbúa tónleika með stelpunum sem ég er að kenna,“ segir hinn eldhressa söngkona. - sig



**FLOTT Í IDOLINU** Heiða kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar hún stóð sig með mikilli prýði í Idol Stjörnuleit.



**VINSÆLASTA TÓNLISTIN** Heiða mun kynna allt það vinsælasta í tónlistinni í hverri viku og sýna gömul myndbönd inn á milli í bland við nýtt efni. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



**LÁRÉTT** **2** gjóta **6** bardagi **8** sótthreinsunarefni **9** matargeymsla **11** guð **12** brellur **14** húrra **16** golf áhald **17** fley **18** utan **20** slá **21** land í Asíu.

**LÓÐRÉTT** **1** spjall **3** tveir eins **4** ógætinn í orðum **5** skel **7** hverfill **10** pípa **13** útdeildi **15** rænuleysi **16** að **19** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gjóa, **6** at, **8** joð, **9** búr, **11** ra, **12** brögð, **14** bravó, **16** tí, **17** far, **18** inn, **20** rá, **21** laos. **LÓÐRÉTT:** **1** rabb, **3** jj, **4** óorðvar, **5** aða, **7** túrbína, **10** rör, **13** gaf, **15** óráð, **16** til, **19** no.

## VEISTU SVARIÐ

1. Auðunn Jónsson.
2. Guðrún Ögmundsdóttir.
3. Guns ´n´ Roses.

Svör við spurningum á bls. 8.


PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

**Sheraton Real de Faula**
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

**Tottenham–Wigan**
– 24.–27. nóv. 58.900 kr.

**Berlín í jólaundirbúningi**
– 24.–27. nóv. 51.900 kr.

**George Michael**
– 27.–29. nóv. 69.900 kr.

**Aðventuferð til Trier**
+ 8.–11. des. 59.900 kr.

Í Trier er öllu til tjaldað um aðventuna: Dásamlegur jólamarkaður þar sem hægt er að versla fallega muni og gæða sér á ekta jólaglögg og jólakökum. Jólaskreytingar, jólaljós og hagstætt verðlag. Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 3 stjörnu hóteli í 3 nætur, skoðunarferð og rútuferðir.

**Chelsea–Arsenal**
– 9.–11. des. 69.900 kr.

**Arsenal–Portsmouth**
+ 15.–17. des. 59.900 kr.

Sunnlendingarnir frá Portsmouth hafa staðið sig vonum framar í deildinni í haust. En nú reynir á þá þegar þeir mæta Arsenal á Emirates Stadium. Gunners eru alltaf erfiðir við að etja á heimavelli. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

**Óli Palli og The Pogues**
– 16.–18. des. 59.900 kr.

**Arsenal–Man. City**
– 30.–31. jan. 54.900 kr.

**Liverpool–Everton**
– 2.–4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


KJARTAN HALLDÓRSSON: SÆGREIFINN LOFAÐUR Í NEW YORK TIMES

# Mikil upphefð fyrir lítinn veitingastað við höfnina

Veitingastaðurinn Sægreifinn, og sérstaklega humarsúpan sem prýðir matseðil hans, hlaut á sunnudag lofsamlega umfjöllun í þeim hluta New York Times sem helgaður er ferðalögum. Þetta ætti ekki að koma þeim sem stundað hafa staðinn á óvart, en hann hefur notið mikilla vinsælda. Sérstaklega hafa miðbæjarbúar farið fögrum orðum um veitingarnar. Sægreifinn er einn þeirra veitingastaða sem glæða Reykjavíkurhöfn lífi, en þar má bæði njóta tilbúinna fiskrétta og kaupa sér spriklandi ferskan fisk í soðið.

Í umfjölluninni í dagblaðinu virta segir meðal annars að hina fullkomnu humarsúpu sé að finna á Sægreifanum, súpan sé hreint út sagt ljúffeng og það fyrsta sem fólk eigi að láta inn fyrir varir sínar þegar komið er til Reykjavíkur. Þar segir jafnframt að miðað við verð og gæði súpunnar sé hreinlega ekki hægt að gera betur en Sægreifinn.

Kjartan Halldórsson, eigandi Sægreifans, hafði ekki fengið tækifæri til að lesa umfjöllunina þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Stuttur útdráttur úr greininni vakti þó mikinn fögnuð greifans og fyrrverandi sjómannsins, og kvaðst Kjartan hæstánægður með umfjöllunina. „Ég er náttúrulega gríðarlega ánægður með þetta. Það er mikið atriði að fá svona umfjöllun, og sér í lagi hjá svona blaði. Þetta er bara mikil upphefð,“ sagði hann. Aðspurður hvort dómur New York Times væri í samræmi við þau viðbrögð sem Kjartan fær hjá viðskiptavinum sínum sagði hann svo vera. „Ég fæ alltaf góða umfjöllun og viðtökur hjá fólki, og er voðalega hamingjusamur með það,“ sagði Kjartan. sunna@frettabladid.is



**KJARTAN HALLDÓRSSON** Sægreifinn var að vonum hæstánægður með umfjöllunina í hinu virta dagblaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VEITINGASTAÐURINN SÆGREIFINN** Kjartan segir viðskiptavinina jafn ánægða með humarsúpuna og blaðamaður New York Times. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fatahönnuðurinn og stílistinn **Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir** lenti í kröppum dansi um helgina þegar henni var meinaður aðgangur að Q-bar vegna óæskilegs klæðnaðar. Þetta þótti skrýtið þar sem Hrafnhildur er einn af frægari tískumógúlum landsins, en hún hefur meðal annars stíliserað **Björk Guðmundsdóttur** og er eftirsóttur stílisti hjá erlendum tískutímaritum. Einnig er hún verslunarstjóri hjá Liborius og er tískufyrirmynd margra hér á landi. Ekki hefur fatastíll hennar þó fallið í kramið hjá dyravörðum Q-bar en ekki fylgir sögunni hverju Hrafnhildur klæddist.

Félagarnir í ZikZak virðast hafa hreiðrað ansi vel um sig í kóngsins Kaupmannahöfn því ekki er nóg með að helsta stjarna þeirra, **Dagur Kári Pétursson**, hirði öll helstu verðlaun danska kvikmyndaiðnaðarins því kvikmyndaframleiðandinn **Þórir Snær Sigurjónsson** hefur verið tilnefndur í dómnefnd á heimildamyndahátíð í höfuðborginni. Þá ríkir mikil spenna í kringum nýjustu afurð **Rúnars Rúnarssonar** en leikstjórinn var sem kunnugt er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmyndina Síðasti bærinn í dalnum. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er unnið hörðum höndum að handriti fyrir sjónvarpsmynd sem að öllum líkindum verður framleidd í Danaveldi. Síðasti bærinn er hins vegar hvergi nærri hættur á ferðalagi sínu því myndin er enn sýnd á kvikmyndahátíðum víða um heiminn. - áp/fgg



# Bannið þessa sjúku bók

Allt útlit er fyrir að hagsmunasamtök á Írlandi muni reyna að fá örmyndasögubók Hugleiks Dagssonar, Should You Be Laughing At This?, bannaða þar í landi en bókin þykir senda unglingum vægast sagt varasöm skilaboð.

The Irish Sun birti nýlega frétt um bókina með stríðsfyrirsögninni „Bannið þessa sjúku bók“ en undir henni var rætt við Majella Ryan, talskonu barnahagsmunasamtakanna CARI, þar sem hún fullyrðir að reynt muni verða að hefta dreifingu bókarinnar í landinu.

„Þetta er bara æsifréttamennska,“ segir Hugleikur og kippir sér ekki upp við ofsafengin viðbrögðin á Írlandi. „Kannski hefur þetta fólk alveg rétt fyrir sér. Þetta eru afar ósmekklegar sögur og ég hef þannig séð engan rétt til að gera grín að þessum hlutum þannig að ég er ekkert hissa á því að fólk sé reitt,“ bætir Hugleikur við.

Majella segist ekki skilja hvað fékk Penguin til að gefa hana út á Bretlandseyjum. „Bókin er svo hræðileg að ég veit varla hvar ég á að byrja,“ segir hún.

„Henni er greinilega beint til unglinga og er mjög móðgandi og sendir mjög hættuleg skilaboð,“ segir Majella og tiltekur sjálfsmorð, morð og sifjaspell sem viðkvæma hluti sem Hugleikur skopast að.

Hugleikur neitar því ekki að þessi hörðu viðbrögð kitli sig svolítið. „Þetta er skemmtilegt að vissu leyti og það er gott að fá þennan pól í þetta.

„Við Íslendingar erum svo kaldir og náum kaldhæðninni eins og skot og þó við séum undan Írum þá eru í það minnsta ekki þessir tilteknu Írar að fatta þetta,“ segir Hugleikur og bendir jafnframt á að hann viti fyrir víst að margir Írar séu hrifnir af sögum sínum.

Bókinni hefur verið vel tekið í Bretlandi en Penguin steig varlega til jarðar og treysti sér til að mynda ekki til að halda upprunalegum titli hennar sem var „Avoid Us“ og breytti honum í spurninguna „Ættir þú að hlæja að þessu?“ - þþ



**HUGLEIKUR DAGSSON** Segir sögur sínar í raun ekki ósmekklegar þar sem í þeim leynist sannleikskorn. „Þetta er sá heimur sem við búum í og það gerast slæmir hlutir í næsta húsi.“


CASINO ROYALE
FRUMSÝND 17•11
007
1. vinningur!
SMS LEIKUR
SENDU SMS
JA BOND Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU:
GSM SÍMAR
007 DVD SAFNIÐ
BÍÓMIÐAR
DVD MYNDIR OG
MARGT FLEIRA!
9
hver vinnur!
BlogCentral.is
Fáðu þér 007 útlit!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




## BAKÞANKAR


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Eggið*

Um daginn var ég eitthvað að brasa í eldhúsi móður minnar þegar óvænt sending dundi á glugganum eins og þruma úr heiðskíru lofti. Vegna þess að ég var vel staðsett sá ég í einu augnakasti hóp stálpaðra stráka tvístrast í allar áttir eftir að hafa kastað egginu sem sprakk svo glæsilega á rúðunni.

**ÞVÍ** miður hef ég aldrei haft nógu eftirtektarverðar skoðanir til að vera umdeild á nokkurn hátt og þaðan af síður móðir mín sem á þennan glugga, svo ekki gat eggjakastið verið persónulegt. Miklu frekar tómstundagaman eins og símaat, bara meira pirrandi. Glugginn hátt frá jörðu og vesen að þrífa, auk þess sem ég hef engan áhuga á að skúra eftir skríl. Þess vegna vippaði ég mér í skó og flýtti mér út á hlað. Álengdar fylgdist ég með einum peyjanum hlaupa í átt að hverfisskólanum og með því að spretta úr spori sá ég allan hópinn sameinast sigri hrósandi fyrir framan innganginn.

**SVO** heppilega vildi til að einmitt þennan morgun var ég einstaklega vel upplögð í almenn stórvirki. Þess vegna blés ég ekki úr nös eftir að hafa hlaupið uppi skemmdarvargana heldur gómaði þá glóðvolga á þeirra eigin heimavelli. Las þeim pistilinn öfgalausan, en þó svo þungum rómi að athygli vakti. Áður en við varð litið vorum við öll komin inn á teppi hjá yfirvöldum skólans.

**RANNSÓKN** málsins tók stutta stund en snarpa. Fljótlega höfðu lúpulegir sökudólgarnir verið einangraðir niður í tvo en förunautunum, hinum óvirku þátttakendum, var sleppt með orð í eyra. Eftir að hafa lýst á dramatískan hátt skoðun minni á þeirri grimmd að nýta frímínúturnar til að hrekkja gamlar konur, var réttlætisþörf minni svalað og skólastjórnendur tóku við.

**SEINNA** um daginn heyrðum við baukað við eldhúsgluggann. Þar voru mættir iðrandi syndarar með tuskur og skrúbba og sápuvatn í fötu. Eftir að hafa skúrað burt öll ummerki um ódæðið bönkuðu þeir niðurlútir í foreldrafylgd, með konfekt í sáttagjöf og báðust fyrirgefningar. Örugglega hafa þeir lært sína lexíu og fá útrás fyrir uppsteytinn með einhverju skemmtilegra næst. Við gátum glaðst yfir því að þetta eru góðir guttar sem eiga frábæra foreldra. Og skínandi hreinum eldhúsglugga.





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

